# SÚÐAVÍKURHREPPUR

## AÐALSKIPULAG

## 1999 – 2018

## GREINARGERÐ

2. ENDURSKOÐUN AÐALSKIPULAGS SÚÐAVÍKUR 1992-2012

1. ENDURSKOÐUN AÐALSKIPULAGS REYKJANESS 1987-2007

Júlí 2002

TEIKNISTOFA ARKITEKTA
GYLFI GUÐJÓNSSON OG
SIGURÐUR J JÓHANNSSON
arkitektar faí.

**SÚÐAVÍKURHREPPUR**

# EFNISYFIRLIT

***FORMÁLI*** ... ***3***

***1 INNGANGUR*** ... ***5***

1.1 VINNAN VIÐ AÐALSKIPULAGIÐ ... 5
1.2 UM AÐALSKIPULAG OG ENDURSKOÐUN ÞESS. ... 6
1.3 GILDANDI AÐALSKIPULAG OG ELDRI ÁÆTLANIR ... 8
1.4 VIÐFANGSEFNI SKIPULAGSGERÐAR, tilgangur skipulags. ... 14
1.5 MISMUNANDI KOSTIR Í ÞRÓUN BYGGÐARLAGSINS ... 15

***2 MEGINMARKMIÐ OG SKIPULAGSFORSENDUR*** ... ***17***

2.1 MEGINMARKMIÐ AÐALSKIPULAGSINS 1999-2018 ... 17
2.2 NÁTTÚRUFARSLEGAR FORSENDUR ... 18
2.3 BYGGÐARÞRÓUN ... 20
2.4 TÖLULEGAR FORSENDUR OG SPÁR ... 22
2.5 ATVINNUMÁL ... 29
2.6 ÍÞRÓTTIR OG ÚTIVIST ... 35
2.7 EIGNARHALD Á LANDI ... 37
2.8 ÁÆTLANIR OG STEFNUMÖRKUN OPINBERRA AÐILA ... 37
2.9 ÞJÓNUSTUKERFI ... 46
2.10 SÉRSTÖK VIÐFANGSEFNI VEGNA SKIPULAGS ... 53

***3 AÐALSKIPULAGIÐ 1999-2019*** ... ***55***

3.1 TILHÖGUN FRAMTÍÐARBYGGÐAR ... 55
3.2 ÍBÚÐARBYGGÐ. ... 56
3.3 ATVINNUMÁL ... 59
3.4 ÚTIVISTARSVÆÐI ... 65
3.5 FRIÐUN OG VERNDUN ... 68
3.6 FRÍSTUNDABYGGÐ ... 72
3.7 ÞJÓNUSTUKERFI ... 75

***4 KYNNING, AUGLÝSING OG SAMÞYKKT*** ... ***81***

***5 GILDI AÐALSKIPULAGSINS, FRAMKVÆMD, EFTIRLIT OG ENDURSKOÐUN.*** ... ***83***

***6 VIÐAUKAR.*** ... ***84***

6.1 SKRÁ YFIR SKÝRINGARMYNDIR, TÖFLUR OG LÍNURIT ... 84
6.2 HEIMILDASKRÁ. ... 85

# FORMÁLI

Hér er um að ræða 2. endurskoðun á fyrsta aðalskipulagi Súðavíkur sem staðfest var 09. 09. 1974 svo og fyrsta aðalskipulag Súðavíkurhrepps í heild. Einnig er hér sett fram 1. endurskoðun aðalskipulags Reykjaness 1987-2007 sem staðfest var 12. 04. 1989.

Snjóflóðahættumat fyrir Súðavík var staðfest haustið 1989 en þar kom fram að framtíðarbyggingarsvæði sveitarfélagsins samkvæmt aðalskipulaginu frá 1974 væri að verulegu leyti á snjóflóðahættusvæði.

Fyrsta endurskoðun aðalskipulagsins (Aðalskipulag Súðavíkur 1992-2012) var staðfest 29. 04 1994. Þar var gert ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu Súðavíkur og framtíðarbyggð eftir skipulagstímabilið í landi Eyrardals sem hreppurinn festi kaup á 1993.

Sameining Súðavíkurhrepps, Ögurhrepps og Reykjafjarðarhrepps tók gildi 01.01. 1995. Fyrsti fundur nýrrar sveitarstjórnar var haldinn 12. 01. 1995.

16. janúar 1995 féllu snjóflóð á Súðavík með hörmulegum afleiðingum. Í framhaldi af því var hafist handa um skipulagsgerð í landi Eyrardals.

28. 06 1995 var staðfest breyting á aðalskipulaginu frá 1994 og ákveðið að reisa nýja byggð í landi Eyrardals en eins og fram hefur komið var þar fyrirhuguð framtíðarbyggð eftir skipulagstímabilið samkvæmt aðalskipulagi Súðavíkur 1992-2012

Samhliða því var unnið nýtt snjóflóðahættumat, Snjóflóðahættumat fyrir Súðavík, greinargerð og hættumatskort ágúst 1995. Það snjóflóðahættumat féll úr gildi við gildistöku reglugerðar um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats nr. 505/2000. Þar sem enn hefur ekki verið unnið hættumat fyrir Súðavík í samræmi við fyrrnefnda reglugerð er skipulagi gömlu byggðarinnar frestað.

Aðalskipulagsbreytingin frá 1995 svo og það aðalskipulag sem hér er lagt fram er í samræmi við þau hættumatssvæði sem sett voru fram í áðurnefndu snjóflóðahættumati frá 1995.

Auk aðalskipulags Súðavíkur er hér eins og að framan greinir sett fram aðalskipulag Súðavíkurhrepps í heild sinni í fyrsta sinn og mörkuð stefna um notkun lands í öllum hreppnum næstu tuttugu árin.

Fulltrúar hreppsnefndar Súðavíkurhrepps, Ágúst Kr. Björnsson, Salvar Baldursson, Valsteinn Heiðar Guðbrandsson og Sigríður Hrönn Elíasdóttir unnu með skipulagsráðgjöfunum að fyrirliggjandi skipulagsáætlun og fjölluðu um alla þætti tillögunnar á vinnslustigi. Auk þess var skipulagstillagan kynnt nokkrum sinnum í hreppsnefnd Súðavíkurhrepps meðan unnið var að henni.

Skipulagstillagan ásamt tillöguhluta greinargerðar voru send inn á öll heimili í hreppnum á vinnslustigi skipulagsins. Auk þess var landeigendum tilkynnt um skipulagsgerðina og þeim gefin kostu á að kynna sér skipulagsgögin á vinnslustigi.

Skipulagsuppdrættirnir eru tveir að tölu:

- Súðavíkurhreppur, aðalskipulag 1999-2018, Sveitarfélagsuppdráttur í m. 1:50000.
- Súðavíkurhreppur, aðalskipulag 1999-2018, Súðavík , þéttbýlisuppdráttur í m. 1:5000.

Það er von hreppsnefndar að aðalskipulag Súðavíkurhrepps 1999-2019 muni reynast hreppnum góður grunnur framtíðarupp-byggingar svo og traust umgjörð um mannlíf þar.

Öllum þeim sem unnið hafa að skipulagsgerðinni eru þökkuð störfin.

Súðavík __________________

______________________________
oddviti hreppsnefndar

______________________________
sveitarstjóri

# 1 INNGANGUR

## 1.1 VINNAN VIÐ AÐALSKIPULAGIÐ

Að undangenginni samkeppni meðal arkitekta um skipulag Súðavíkur veturinn 1995 voru arkitektarnir Gylfi Guðjónsson og Sigurður J Jóhannson ráðnir skipulagsráðgjafar hreppsins. Þeir hafa síðan annast aðal- og deiliskipulagsvinnu fyrir Súðavíkurhrepp í samráði við hreppsnefnd.

Arkitektarnir hafa frá því um mitt ár 1997 unnið að fyrirliggjandi aðalskipulagstillögu ásamt tilheyrandi greinargerð í nánu samstarfi við hreppsnefnd Súðavíkurhrepps.

Eins og fram hefur komið er í gildi staðfest aðalskipulag Súðavíkur frá árinu 1994 (Aðalskipulag Súðavíkur 1992- 2012) ásamt breytingu á aðalskipulagi frá júní 1995 (Aðalskipulag Súðavíkur 1992- 2012, breyting á aðalskipulagi, gerð í apríl 1995).

Sumarið 1995 var umrædd breyting á aðalskipulagi Súðavíkur 1992-2012 staðfest og þar með lögð drög að uppbyggingu nýrrar byggðar í landi Eyrardals.

Af heimamönnum hefur vinnan við skipulagsgerðina eins og fram hefur komið einkum mætt á Ágústi Kr. Björnssyni, Salvari Baldurssyni, Valsteini Heiðari Guðbranddssyni og Sigríði Hrönn Elíasdóttur.

Ýmsar upplýsingar úr greinargerð með eldra aðalskipulagi hafa komið að góðum notum við skipulagsgerðina. Auk þess hefur verið leitað eftir upplýsingum til fjölmargra aðila innan hrepps og utan:

Sveitarstjóri Súðavíkurhrepps útvegaði upplýsingar um eignarhald á landi á skipulagssvæðinu svo og ýmis önnur gögn sem varða skipulagsgerðina.

Byggingafulltrúinn í Súðavík gaf m.a. upplýsingar um nýbyggingar, þ. á. m. sumarbústaði í Súðavíkurhreppi.

Náttúrustofa Vestfjarða tók saman greinargerð um náttúrufar í hreppnum.

Byggðastofnun veitti upplýsingar um íbúa-, byggða- og atvinnumál.

Til Orkustofnunar var leitað eftir upplýsingum um jarðfræði svæðisins og Veðurstofa Íslands útvegaði töflur um veðurfar síðustu áratuga.

Helgi Torfason jarðfræðingur hjá Orkustofnun lét í té upplýsingar og kort um jarðhita í Súðavíkurhreppi

Leitað var til Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða um vatnsverndarmál svo og Jóns Reynis Sigurvinssonar jarðverkfræðings.

Stuðst var við skýrslu frá Hjalta Franzsyni hjá Orkustofnun um leit að neysluvatni fyrir Súðavíkurkauptún (Nóv. 1972) svo og skýrslu frá Vigdísi Harðardóttur og Þórólfi H Hafstað hjá Orkustofnun um könnun á öflun neysluvatns fyrir Suðavíkurhrepp (júní 1997). Auk þess liggja fyrir skýrslur og greinargerð frá Þórólfi Hafstað um öflun neysluvatns frá því í júní og ágúst 1998

Orkubú Vestfjarða veitti upplýsingar um virkjunarkosti innan hreppsins.

Búnaðarsamband Ísafjarðarsýslu veitti upplýsingar varðandi landbúnaðar í hreppnum.

Verkfræðistofa VST hefur veitt ýmsar tæknilegar upplýsingar um byggðina í Súðavík, snjóflóðahættumat, gatnakerfi og veitur.

Vegagerð ríkisins á Ísafirði lét í té upplýsingar um vegamál við innanvert Ísafjarðardjúp svo og reiðleiðir.

Fornleifaskrá var fengin hjá fornleifadeild Þjóðminjasafns Íslands og Náttúruminjaskrá frá Náttúruverndarráði.

Frá Pósti og síma á Ísafirði fengust upplýsingar um síma- og fjarskiptamál.

Ferðamálafulltrúi Vestfjarða veitti gagnlegar upplýsingar um skipulagssvæðið og möguleika þess í tengslum við ferðaþjónustu.

Auk þess var farið í ítarlegar vettvangsferðir um skipulagssvæðið haustið 1997 auk styttri ferða um svæðið. Farið var í tveggja daga ferð um Djúpið allt inn í Reykjanes. Víða var komið við á bæjum þar sem skipulagsmál hreppssins voru reifuð og hlustað eftir sjónarmiðum heimamanna. Einnig var siglt út í Vigur og uplýsinga aflað um aðstæður þar.

## 1.2 UM AÐALSKIPULAG OG ENDURSKOÐUN ÞESS.

Hér á eftir fara stuttir úrdrættir úr gildandi Skipulags- og byggingarlögum nr. 73 frá 1997 sem fjalla um aðalskipulag og endurskoðun þess og fl.

Í þriðja kafla laganna segir m. a. í 9 gr. um skipulagsskyldu: “*Landið allt er skipulagsskylt. Bygging húsa og annarra mannvirkja ofan jarðar og neðan og aðrar framkvæmdir og aðgerðir sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýndþess skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir, sbr ákvæði 43. gr.þessara laga um veitingu byggingarleyfis og ákvæði 27. gr. um veitingu framkvæmdaleyfis. Í skipulagsáætlunum er mörkuð stefna um landnotkunog þróun byggðar. Þar eru sett fram markmið um einstaka þætti varðandi íbúðarbyggð, atvinnusvæði, náttúruvernd, samgöngur og fl., í samræmi við 1. gr. laga þessara.*”(tilvitnun lýkur).

Í 16. gr. þriðja kafla áðurnefndra laga segir m. a. um aðalskipulag: “*Sveitarstjórn ber ábyrgð á að gert sé aðalskipulag fyrir sveitarfélagið. Í aðalskipulagi skal fjallað um allt land innan marka sveitarfélags. Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar í sveitarfélaginu á minnst 12 ára tímabili. Aðalskipulag skal endurskoða á fjögurra ára fresti, að afloknum sveitarstjórnarkosningum, og fer um málsmeðferð eins og um nýtt aðalskpulag sé að ræða.*” (tilvitnun lýkur).

Í 17. grein áðurnefndra laga segir m. a. um kynningu aðalskipulagstillögu: “*Áður en tillaga að aðalskipulagi eða verulegum breytingum á því er tekin til formlegrar afgreiðslu í sveitarstjórn skal tillagan, markmið hennar og forsendur kynnt íbúum sveitarfélagsins á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Einnig skulu tillögurnar kynntar sveitar-stjórnum aðliggjandi sveitarfélaga. Að lokinni kynningu skal tillagan lögð fyrir sveitarstjórn til fyrri umræðu. Sveitarstjórn skal að henni lokinni senda Skipulagsstofnun tillöguna til*

*athugunar. Hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir innan fjögurra vikna frá að tillagan barst henni skal tillagan auglýst óbreytt skv. 18. gr.*" (tilvitnun lýkur).

Í 18. gr. laganna segir m. a. um auglýsingu og samþykkt aðalskipulagstillögu: "*Sveitarstjórn skal auglýsa tillögu að aðalskipyulagi eða breytingu á því með áberandi hætti. Tillagan skal einnig auglýst í Lögbirtingablaðinu.*

*Þegar frestur til athugasmda er liðinn skal sveitarstjórn fjalla um tillöguna á nýjan leikað undangenginni umfjöllun skipulagsnefndar. Íþeirri umfjöllun skal taka afstöðu til athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni. Niðurstaða sveitarstjórnar skal auglýst.*

*Ákveði sveitarstjórn við síðari umræðu um tillögu að aðalskipulagi að breyta henni í grundvallaratriðum skal hin breytta tillaga auglýst á nýjan leik skv. 1.-2. mgr. 18. greinar.*

*Þegar sveitarstjórn hefur samþykkt tillögu að aðalskipulagi skal sveitarstjórn senda Skipulagsstofnun hana til afgreiðslu, ásamt athugasemdum og umsögn sveitarstjórnar um þær, innan átta vikna frá því að frestur til að gera athugasemdir skv. 2. mgr. rann út. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn sveitarstjórnar um þær.*" (tilvitnun lýkur).

Í 19. gr. laganna segir m. a. um staðfestingu, birtingu og gildistöku aðalskipulags: "*Aðalskipulag, eða breyting á því, er háð staðfestingu ráðherra og tekur gildi þegar staðfestingin hefur verið birt í B-deildStjórnartíðinda. Skipulagsstofnun skal innan fjögurra vikna frá því að tillagan barst henni gera tillögu til ráðherra um staðfestingu aðalskipulagsins, synjun eða frestun á staðfestingu að öllu leyti eða að hluta.*"(tilvitnun lýkur)

Í 20. gr. laganna segir m. a. um frestun á gerð eða staðfestingu aðalskipulags: "*Sveitarstjórn er heimilt að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og með samþykki ráðherra að fresta um ákveðið árabil, þó ekki lengur en um fjögur ár í senn, gerð aðalskipulagsáætlunar fyrir ákveðið svæði ef óvissa ríkir um atriði sem haft geta verulegáhrif á framkvæmd skipulagsins.*"(tilvitnun lýkur)

Í 21. gr. laganna segir m. a. um breytingu á aðalskipulagi: "*Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á staðfestu aðalskipulagi og fer þá um málsmeðferð skv. 17. og 18. gr. Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á staðfestu aðalskipulagi er séu það óverulegar að ekki sé talin ástæða til meðferðar skv. 17. og 18. gr. Skal þá sveitarstjórn senda rökstudda tillögu um breytinguna til Skipulagsstofnunar. Tillögunni skal fylgja yfirlýsing um að sveitarstjórn taki að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunni að verða fyrir við breytinguna. Skipulagsstofnun skal senda tillöguna áfram til ráðherra ásamt umsögn sinni innan viku frá því að tillagan barst frá sveitarstjórn. Fallist ráðherra á tillöguna skal auglýsa hana á áberandi hátt. Komi ekki fram athugasemdir innan þriggja vikna frá auglýsingu skoðast tillagan samþykkt. Komifram athugasemdir við auglýsta tillögu skal fara fram ein umræða um þær í sveitarstjórn. Afgreiðsla sveitarstjórnar skal send ráðherra til staðfestingar og birt í B-deild Stjórnartíðinda.*" (tilvitnun lýkur).

Í 22. gr. laganna segir m. a. um ágreining um aðalskipulag á mörkum sveitarfélaga: "*Takist sveitarstjórnum samliggjandi sveitarfélaga ekki að leysa ágreining um atriði sem samræma þarf í aðalskipulagi þeirra skal, að frumkvæði Skipulagsstofnunar, sérstakri nefnd falið að gera tillögu að*

*skipulagi sem er sameiginlegt fyrir þessi sveitarfélög að því er ágreiningsatriðin varðar. Sveitarstjórnir þær sem hlut eiga að máli skulu hver um sig skipa tvo menn í nefndina, en Skipulagsstofnun einn mann og skal hann vera formaður hennar. Skipulagsstofnun skal aðstoða nefndina eftir þörfum. Komist nefndin að sameiginlegri niðurstöðu skulu sveitarstjórnir sem hlut eiga að máli hver um sig auglýsa tillögu nefndarinnar sem aðalskipulagstillögu í samræmi við ákvæði 17. og 18. gr.*"(tilvitnun lýkur)

# 1.3 GILDANDI AÐALSKIPULAG OG ELDRI ÁÆTLANIR

## 1.3.1 ALMENNT

Núverandi Súðavíkurhreppur var eins og fram hefur komið allt fram til 01. 01. 1995 þrír hreppar, þ. e. Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur og Reykjafjarðarhreppur. Aðeins hafa verið gerðar aðalskipulagsáætlanir fyrir Súðavík í fyrrum Súðavíkurhreppi annars vegar og Reykjanes í fyrrum Reykjafjarðarhreppi hins vegar.

## 1.3.2 GILDANDI AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKUR

Eins og fram hefur komið er aðalskipulag Súðavíkur 1992-2012 í gildi með áorðnum breytingum frá því júnímánuði 1995.

Aðalskipulagið 1992-2012 sem staðfest var í apríl 1994 gerði ráð fyrir uppbyggingu í Súðavík, íbúðarsvæðum, verslun, þjónustu- og opinberum stofnunum ofan þjóðvegar en athafnasvæðum og verslun neðan vegar.

Snjóflóðahættumat fyrir Súðavík var staðfest árið 1989 og þá var staðfest snjóflóðahætta niður undir byggð í Súðavík eins og hún var þá.

Snjóflóðahætta í Súðavík.

Í framhaldi af snjóflóðunum í Súðavík í ársbyrjun 1995 var tekin ákvörðun um að flytja þéttbýlið í Súðavík suður fyrir Eyrardalsá. Aðalskipulagsbreyting þess efnis var staðfest 28. júní 1995 á grundvelli skýrslu um snjóflóðahættu sem unnin var fyrir nýja byggingarsvæðið af Norges Geoteknisk Institut, Veðurstofu Íslands og Verkfræðistofunni Hnit hf.

Í ágúst 1995 var lagt fram snjóflóðahættumat unnið af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen sem leiddi I ljós að nær öll þáverandi byggð í Súðavík væri á snjóflóðahættusvæði.

23. maí 1997 tóku gildi ný lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum (nr. 49/1997) og þá féll úr gildi eldra hættumat. Samkvæmt lögunum skal meta hættu á ofanflóðum í þeim sveitarfélögum þar sem ofanflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni eða hætta er talin á slíku. Veðurstofa Íslands annast hættumat og það tekur gildi við staðfestingu umhverfisráðherra.

Við matið er nú beitt öðrum aðferðum en viðhafðar voru áður. Hættumat er nú unnið samkvæmt nýrri reglugerð um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats nr. 505/2000. Ekki hefur verið gert hættumat fyrir Súðavík á grundvelli núgildandi laga og reglugerðar. Í ljósi þess er skipulagi byggðarinnar utan Eyrardalsár frestað þar til fyrir liggur nýtt hættumat. Staðfesting

á aðalskipulagi nýju byggðarinnar sunnan Eyrardalsár er með fyrirvara um að þar til staðfest hættumat liggur fyrir verði unnið bráðabirgðahættumat skv. reglugerð nr. 163/1998 við deiliskipulagsgerð og afgreiðslu einstakra byggingar- og framkvæmdaleyfisumsókna.

Snjóflóðahætta í dreifbýli Súðavíkurhrepps.

Snjóflóðahætta hefur ekki verið metin í dreifbýlinu í Súðavíkurhreppi en miðað við landfræðilegar aðstæður er líklegt að þar sé víða snjóflóðahætta. Aðalskipulagið er því staðfest með fyrirvara um að óskað verði eftir bráðabirgðahættumati skv. reglugerð nr. 505/2000 við deiliskipulagsgerð og afgreiðslu einstakra byggingar- og framkvæmdaleyfisumsókna í dreifbýli.

### 1.3.3 GILDANDI AÐALSKIPULAG REYKJANESS

Í gildi er aðalskipulagsáætlun Reykjaness í fyrrum Reykjafjarðarhreppi við Ísafjarðardjúp 1987-2007.

Í gildandi aðalskipulagi er sýndur byggingarreitur vestan við núverandi skólahúsnæði fyrir stækkun skóla ef þörf krefur. Reiturinn var einnig hugsaður fyrir byggingu heilsuhælis sem til umræðu var þegar skipulagið var gert.

Samkvæmt aðalskipulaginu var gert ráð fyrir nýrri sundlaug sunnan við íþróttasalinn sem gefið gæti möguleika á samnýtingu á búningsaðstöðu. Í skipulaginu er sýndur byggingarreitur sem svarar til tíu íbúðarhúsa á vestanverðu nesinu. Einnig eru möguleikar á tvíbýlishúsum eða litlum raðhúsum á syðri byggingarreit.

Þá er í greinargerð gert ráð fyrir að sumarbústaður ofan Hveravíkur víki þegar fram líða stundir. Ekki voru ráðgerðir sumarbústaðir á því svæði sem skipulagið náði til.

Sýnd voru fjögur athafna- og iðnaðarsvæði. Við höfnina var gert ráð fyrir aðstöðu til sjóflutninga. Austan við íbúðarbyggð var ráðgerður byggingarreitur fyrir gróðurhús en þau voru einnig talin geta komið að gagni við kennslu. Tvö svæði voru austan megin á nesinu fyrir fiskeldi og var gert ráð fyrir að sú starfsemi sem staðsett var ofan Hveravíkur yrði færð um set.

Í skipulaginu var aðkoma að Reykjanesskóla færð nær íþróttavelli til þess að rýmka til fyrir nýtingu á þeim lóðum sem ætlaðar voru til fiskeldis austast á nesinu.

Aðalskipulag Reykjaness í fyrrum Reykjafjarðarhreppi var staðfest 12. 04. 1989.

### 1.3.4 SAMSKIPTI SÚÐAVÍKURHREPPS OG SKIPULAGS RÍKISINS

Hér á eftir er í réttri tímaröð gerð grein fyrir nokkrum mikilvægum atburðum og afgreiðslum í stjórnsýslunni sem snerta skipulag og þróun byggðar í Súðavíkurhreppi:

28. apr. 1957. Hannibal Valdimarsson óskar þess að Súðavík verði mæld og skipulögð sama ár.

26. sept. 1959. Tillaga send frá skipulagsstjóra ríksins að skipulagi umhverfis nýja barnaskólann og er tekið fram að þetta sé hentugasta svæðið í Súðavík til byggingar. Barnaskólanum er ætluð rúmgóð lóð, 8000 m2. Íbúðarhúsalóðirnar eru einig rúmgóðar eða um 750-800 m2, og ný gata er 10 m breið. Austan

byggðarinnar er ráðgerður íþróttaleikvangur. Austan kirkjugarðs er gert ráð fyrir kirkju.

7. okt. 1959. Send ný tillaga að aðalskipulagi Súðavíkur. Hún er samþykkt að öðru leyti en því að íþróttasvæði stækkar svo og íbúðarhúsalóðir.

15. des. 1959 er sent bréf til skipulagsnefndar ríkisins og skýrt frá samþykkt sem gerð var á fundi hreppsnefndar Súðavíkurhrepps 10. 04. s. á. Þar kom m. a. fram að bagalegt væri að enginn skipulagsuppdráttur væri til fyrir kauptúnið, þar sem unnið hafi verið við opinberar framkvæmdir og íbúðarhúsabyggingar, og að enn standi fyrir dyrum framkvæmdir.

24. jan. 1961. Skipulagsstjóra ríksins endursendur uppdráttur af Súðavík. Sex athugasemdir bárust og óskar hreppsnefnd staðfestingar stjórnarráðsins hið fyrsta þar sem landsvæðið sem uppdrátturinn nær yfir er í einkaeign.

9. sept. 1968. Skipulagsstjóri ríkisins sendir svar við erindi oddvita Súðavíkurhrepps frá 6. sept. 1968 varðandi kaup á jörðinni Saurum. Skipulagsstjórn mælir með erindinu.

11. apr. 1969. Sendur endurskoðaður skipulagsuppdráttur. Helstu breytingar frá þeim fyrri eru: Tilfærsla á Aðalgötu, færsla á þjóðvegi innan við kirkju og breyting á vegakerfi upp af höfninni. Auk þess er gert ráð fyrir að þétta byggðina meðfram Aðalgötu þar sem slíkt hentar. Í allt er gert ráð fyrir 72 einbýlishúsalóðum.

27. jan. 1972. Skipulag ríkisins sendir endurskoðaða tillögu að aðalskipulagi Súðavíkur. Helstu breytingar varða vegakerfið. Einnig er lagt til að uppdrátturinn verði auglýstur lögformlega sem fyrst.

25. okt. 1972. Hreppsnefnd Súðavíkur óskar eftir láni að upphæð kr.1. milljón úr landakaupasjóði ríkisins til kaupa á landi innan þorpsins. Landskikar þessir eru inni í þorpinu og standa mjög í vegi fyrir eðlilegri þróun þorpsins.

7. sept. 1973. Skipulag ríkisins sendir endurskoðaða tillögu að skipulagi Súðavíkur.Helstu breytingar eru þær að að fækkað hefur verið húsum við mógrafirnar vegna jarðdýpis. Auk þess er íþróttavöllurinn nú staðsettur í brekkunnni sunnan byggðarinnar.

7. apr. 1974. Skipulag ríkisins sendir endurskoðaða tillögu að skipulagi Súðavíkur og hefur þjóðvegurinn verið færður nokkuð nær sjónum á köflum. Tilfærsla þessi er gerð samkvæmt ábendingum frá Vegagerð ríkisins og er umsagnar sveitarstjórnar óskað.

9. sept. 1974. Félagsmálaráðuneytið staðfestir skipulagsuppdrátt af Súðavíkurkauptúni.

13. jan. 1975. Skipulagsstjóri ríkisins ritar ýmsum sveitarstjórnarmönnum bréf, þ. á. m. sveitarstjóranum í Súðavík þar sem þess er vænst að safnað verði upplýsingum um snjóflóð og stærð þeirra þannig að í framtíðinni sé hægt að taka fullt tillit til þeirra við skipulagsstörf.

27. júl. 1978. Samkvæmt ósk sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins staðfest breytingu á staðfestum skipulagsuppdrætti frá 09. 09. 1974 að þjóðvegurinn skuli færast aðeins nær sjónum, frá samkomuhúsinu að fjárréttinni. Við kaupfélagið nemur færslan 8 metrum en við Neðri-Grund 12 metrum.

18. ág. 1978. Félagsmálaráðuneytið staðfestir breytingu á þjóðvegi milli samkomuhúss og Neðri-Grundar.

23. júl. 1979. Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps samþykkir breytingu á staðfestu aðalskipulagi sem felur í sér breytta landnotkun við Aðalgötu. Í stað opinberrar byggingar og verslunarhúss verði gert ráð fyrir tveimur tveggja hæða fjölbýlishúsum, á lóðunum 2 og 8. Erindið var staðfest af félagsmálaráðuneytinu 01. okt. 1979.

9. jún. 1980. Oddviti Súðavíkurhrepps ritar skipulagsstjóra ríkisins bréf og óskar eftir því að byggðarlagið verði kortlagt. Mjög brýnt er að vinna að skipulagi byggðarlagsins en þar vantar lóðir fyrir iðnað ýmis konar og félagsstarfsemi.

19. okt. 1980. Hreppsnefnd Súðavíkur samþykkir færslu á íþróttavelli eftir staðfestu aðalskipulagi. Nú ofan Túngötu en yrði ofan Aðalgötu 52-60. Óskað er samþykkis skipulagsstjórnar ríksins. Skipulagsstjóri samþykkir að færa íþróttavöll en kort vantar og því erfitt að mæla með nýrri staðsetningu.

Árið 1982 tekur Benedikt Bjarman við skipulagsvinnu fyrir Súðavík. Hans fyrsta verkefni voru drög að aðalskipulagi Súðavíkur, snjóflóðavarnir og gatnakerfi þorpsins.

Árið 1985 tók Unnsteinn Gíslason við skipulagsvinnu fyrir Súðavík. Hann vann að greinargerð og lokafrágangi uppdráttar aðalskipulags.

Árið 1987 var hætt við að staðfesta aðalskipulag Súðavíkur vegna vinnu við gerð snjóflóðahættumats fyrir byggðina.

17. nóv. 1989. Félagsmálaráðherra staðfestir snjóflóðahættumat fyrir byggðina í Súðavík.

30. 12. 1993. Hreppsnefnd Súðavíkur festir kaup á jörðinni Eyrardal.

01. 01. 1995 tók gildi sameining sveitarfélaga við innanvert Ísafjarðardjúp. Þá sameinuðust Súðavíkurhreppur, Reykjafjarðarhreppur og Ögurhreppur í eitt sveitarfélag, Súðavíkurhrepp.

15. feb. 1995. Hreppsnefnd Súðavíkur efnir til boðskeppni meðal arkiekta um skipulag nýrrar Súðavíkur í samráði við Skipulag ríkisins. Sex teiknistofum var boðin þátttaka.

19. mars 1995. Dómnefnd í boðskeppni um skipulag nýrrar byggðar í Súðavík lýkur störfum. Í henni áttu sæti þrír fulltrúar sveitarstjórnar, skipulagsstjóri ríkisins og einn fulltrúi frá Arkitektafélagi Íslands.

Valin var tillaga Teiknistofu Gylfa Guðjónssonar og Sigurðar J Jóhannssonar arkitekta faí. sem grundvöllur uppbyggingar nýrrar byggðar í Súðavík.

30. apríl 1995. Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, tekur fyrstu skóflustungu að nýrri Súðavík að viðstöddu fjölmenni, þ. á. m. nokkrum ráðherrum og flestum íbúum Súðavíkur.

19. júní 1995. Hreppsnefnd Súðavíkur samþykkir breytingu á aðalskipulagi kauptúnsins þ. e. uppbyggingu nýrrar byggðar í landi Eyrardals. Einnig samþykkir hún deiliskipulag byggðar í landi Eyrardals.

28. júní 1995. Skipulagsstjórn ríkisins staðfestir breytingu á aðalskipulagi Súðavíkur 1992- 2012 svo og deiliskipulag nýrrar byggðar.

15. ágúst 1995. VST lýkur við snjóflóðahættumat fyrir Súðavík, greinargerð og hættumatskort.

01. 05. 1997. Sveitarstjóri Súðavíkurhrepps undirritar samning við Teiknistofu Gylfa Guðjónssonar og Sigurðar J Jóhannssonar arkitekta faí um endurskoðun aðalskipulags Súðavíkur 1992-2012 endurskoðun aðalskipulags Reykjaness 1987-2007 svo og frumgerð aðalskipulags Súðavíkurhrepps í heild sinni.

1. sept. 1997. Hafist er handa við endurskoðun aðalskipulags Súðavíkur og frumgerð aðalskipulags Súðavíkurhrepps í heild sinni.

### 1.3.5 SAMSKIPTI FYRRUM REYKJAFJARÐAR- OG ÖGURHREPPS VIÐ SKIPULAGS RÍKISINS.

04. febr. 1989. Tillaga að aðalskipulagi (Reykjanesskóli aðalskipulag 1987-2007) samþykkt í hreppsnefnd Reykjafjarðarhrepps.

8. mars 1989. Skipulagsstjórn ríkisins samþykkir aðalskipulags-tillöguna.

12. 04. 1989. Ráðherra staðfestir Aðalskipulag (Reykjanesskóli, aðalskipulag 1987-2007).

### 1.3.6 FRAMKVÆMD LAGA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM (máu)

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og reglugerð nr. 671/2000 sem þeim tengist skal meta umhverfisáhrif þeirra framkvæmda sem taldar eru geta haft í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfið s.s. lífríki, vatn, loft, jarðmyndanir, landslag minjar og mannlíf. Mat á umhverfisáhrifum skal vera fastur liður í gerð skipulagsáætlana og óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda sem lögin ná til, hefja framkvæmdir eða staðfesta skipulagsáætlanir samkvæmt skipulagslögum nema ákvæða þeirra hafi verið gætt. Í skipulagsáætlun skal gera grein fyrir þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru og háðar mati á umhverfisáhrifum og einnig hvaða framkvæmdir sem ráðgerðar eru samkvæmt skipulagsáætluninni verða ekki heimilaðar fyrr en að undangengnu mati á umhverfisáhrifum. Ennfremur skal það koma fram hvort mat á umhverfisáhrifum hafi þegar farið fram á einstökum fyrirhuguðum framkvæmdum og greina frá niðurstöðum þess.

Þær framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum eru samkvæmt 5. grein laga um mat á umhverfisáhrifum tilgreindar í 1. viðauka með lögunum.

Samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum eru framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum tilgreindar í 2. viðauka með lögunum. Framkvæmdaaðila ber að tilkynna Skipulagsstofnun um slíkar framkvæmdir. Við ákvörðun stofnunarinnar um hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum er farið eftir viðmiðum í 3. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum.

### 1.3.7 MATSSKYLDAR FRAMKVÆMDIR

Eins og fram hefur komið þarf í skipulagi að greina frá fyrirhuguðum matsskyldum framkvæmdum. Gera þarf grein fyrir staðsetningu þeirra, helstu umhverfisáhrifum og öðrum kostum sem til greina kunna að koma.

Í Aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 1999-2019 er hugsanlega um að ræða eftirtaldar framkvæmdir:

Virkjunaráform Orkubús Vestfjarða á Glámuhálendi.

Hugmyndir um virkjanir á Glámuhálendi eru til athugunar og gætu komið til framkvæmda á skipulagstímabilinu.

Virkjunarkostir til raforkuframleiðslu eru til athugunar hjá Orkubúi Vestfjarða og hefur vatnamælingadeild Orkustofnunar um nokkurt skeið unnið að öflun grundvallarupplýsinga um vatnsrennsli, m. a. af Glámuhálendi.

Hugmyndir eru um byggingu vatnsaflsvirkjunar sem nýtti vatn af öllu Glámuhálendinu með svonefndri þakrennuvirkjun sem dregur nafn sitt af því að vatni yrði veitt frá stöðuvötnum og á milli þeirra með jarðgöngum. Líkleg staðsetning stöðvarhúss hugsanlegrar 60 MW virkjunar er í Hestfjarðarbotni.

Eins og fram hefur komið er hér aðeins um að ræða hugmyndir sem ekki er mörkuð stefna um í aðalskipulaginu.

Efnistökustaðir.

Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 $m^2$ svæði eða stærra eða er 150.000 $m^3$ eða meiri og efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökustaður ná til samans yfir 50.000 $m^2$ svæði eða stærra er ávallt háð mati á umhverfisáhrifum.
Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 $m^2$ svæði eða stærra eða er 50.000 $m^3$ eða meiri og efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökustaður ná til samans yfir 25.000 $m^2$ svæði eða stærra svo og efnistaka á verndarsvæðum er ávalt tilkynningaskyld skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Varðandi þá efnistökustaði sem eru undir ofangreindum mörkum, getur sveitarstjórn samt sem áður markað þá stefnu að efnistaka úr þeim skuli metin.

Efnistökustaðir í hrepnum eru mjög margir en jafnframt ekki miklir að umfangi. Efni hefur til þessa verið tekið mjög víða í þeim tilgangi að lágmarka akstursvegalengdir vegna vegagerðar. Aðallega er um að ræða efnisnámur vegna vegagerðar sem í mörgum tilfellum eru malareyrar og endurnýja sig því að töluverðu leyti.

Efnistaka er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar sbr. 27. gr. Skipulags-og byggingarlaga.

Stefnt er að því að nýta á sem hagkvæmastan hátt malarnámurnar í hreppnum. Lögð er áhersla á að ganga frá námum jafnóðum og malartekju lýkur.

Haft skal samráð við eftirlitsmann Náttúruverndar ríkisins á Vestfjörðum, sveitarstjórn Súðavíkurhrepps og landeigendur um frágang námasvæða.

Vegaframkvæmdir.

Nýir vegir utan þéttbýlis sem eru 10 km. eða lengri svo og endurbygging vega utan þéttbýlis þar sem nýlagning skv. áætlunum er a. m. k. 10 km. að lengd eru ávallt matsskyldir skv. lið 10 ii í 1. viðauka með lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Vegagerðin vinnur nú að hönnun á vegi yfir Mjóafjörð um Hrútey yfir í Vatnsfjörð. Samhliða því er unnið að mati á umhverfisáhrifum vegalagningarinnar.

Í Framkvæmdafréttum Vegagerðarinnar 5. tbl./97 er fjallað um leiðarval um Ísafjörð, Vatnsfjörð, Eyrarfjall og Mjóafjörð. Þar eru mismunandi kostir reifaðir, annars vegar leið yfir Eyrarfjall og yfir Mjóafjörð hins vegar. Bornar eru saman vegalengdir, umhverfisáhrif og kostnaður.

Í niðurstöðum Vegagerðarinnar segir:

„*Að þessu öllu athuguðu er mælt með leið um Vatnsfjörð, Vatnsfjarðarháls og yfir Mjóafjörð við Hrútey.*

*Kostnaðarathuganir benda til að sú leið sé hagkvæmari, út frá almennum forsendum er hún betri og öryggari.*

*Hér er um forathugun að ræða. Komi í ljós við frekari athugun að einhverjar forsendur reynast rangar, þarf að endurmeta stöðuna.*"

Um áramótin 1999/2000 stóð yfir gagnaöflun vegna fyrirhugaðs mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Einnig hefur verið rætt um að færa veginn um Fossahlíð í Skötufirði niður í fjöru. Þá hafa komið fram hugmyndir um veg frá Reykjanesi yfir Reykjafjörð. Þetta eru aðeins hugmyndir sem á þessu stigi er ekki mörkuð stefna um í aðalskipulaginu.

Aðrar framkvæmdir.

Aðrar framkvæmdir en að framan greinir geta verið háðar mati á umhverfisáhrifum ef talið er að þær geti haft umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir eða samfélag. Í því sambandi er bent á 1. og 2. viðauka með reglugerð um mat á umhverfisáhrifum.

Sveitarstjórn getur í skipulagi markað stefnu um að tilteknar framkvæmdir sem að hennar mati kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif skuli metnar m.t.t. umhverfisáhrifa áður en endanleg ákvörðun verður tekin um þær. Framkvæmdaaðila ber að tilkynna Skipulagsstofnun um slíkar framkvæmdir. Við ákvörðun stofnunarinnar um hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum er farið eftir viðmiðum í 3. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum..

### 1.3.8 FRAMKVÆMDIR SEM METNAR HAFA VERIÐ MEÐ TILLITI TIL UMHVERFISÁHRIFA.

Engar framkvæmdir í Súðavíkurhreppi hafa enn sem komið er verið metnar með tilliti til umhverfisáhrifa ef undan eru skildar vegaframkvæmdir við Ísafjarðardjúp, Djúpvegur 61 um austanverðan Ísafjörð. Í úrskurði skipulagsstjóra í desember 1999 var fallist á framkvæmdina.

## 1.4 VIÐFANGSEFNI SKIPULAGSGERÐAR, TILGANGUR SKIPULAGS.

Íbúum á landsbyggðinni hefur farið fækkandi á undanförnum árum og verður að leita allt til síðustu aldar til að finna lægri íbúatölu þar en nú er. Byggðaþróun norðan við Djúp og á Hornströndum á þessari öld hefur verið þannig að stöðugt fækkar í sveitum og byggðum á svæðinu. Fólksfækkunin hefur haft mikið áhrif á atvinnulíf á þessu svæði og hefur atvinnutækifærum fækkað á norðanverðum Vestfjörðum. Súðavíkurhreppur hefur einnig mátt þola þessa byggðarþróun. Hún hefur komið niður á fjölbreytni atvinnulífsins. Samdráttur og/eða samþjöppun hefur verið í frumatvinnugreinunum, sjávarútvegi og landbúnaði, og fólki hefur fækkað hröðum skrefum í hreppnum. Því hafa

skipulagsforsendur verið breytilegar og þróunin haft áhrif á búsetu og lífsskilyrði.

Með aðalskipulagsvinnunni er reynt að greina helstu þætti sem áhrif hafa á þessa þróun. Tilgangurinn er meðal annars að ákveða til framtíðar notkun lands, vegakerfi svo og atvinnu- og þjónustusvæði í sveitarfélaginu. Þannig verður til staðar skipulag og möguleikar á að unnt sé að hafa áhrif á þá þætti sem varða byggðar- búsetu og atvinnuþróunn í sveitarfélaginu á skipulagstímabilinu.

Landbúnaður hefur allt fram að þessu dregist saman vegna framleiðslustýringar og samdráttur hefur orðið í fiskveiðum vegna takmarkaðrar auðlindar.

Í framhaldi af snjóflóðunum í byrjun árs 1995 var ákveðið að ráðast í uppbyggingu byggðar í landi Eyrardals sem hreppurinn hafði þá nýlega fest kaup á. Í Eyrardalslandi eru talsverðir þróunarmöguleikar byggðar.

Viðfangsefni skipulagsgerðar og tilgangur skipulagsins er margþætt. Sveitarfélögum er skylt samkvæmt skipulagslögum að endurskoða aðalskipulag í upphafi hvers skipulagstímabils.

Með staðfestri aðalskipulagsáætlun festir sveitarfélagið í lög stefnumörkun um þróun byggðar í Súðavíkurhreppi næstu 20 ár. Slík áætlun stuðlar að markvissri uppbyggingu til framtíðar.

Meginviðfangsefnið í skipulagsmálum í Súðavík er að nýta vel hið nýja byggðarsvæði á öruggu svæði og taka afstöðu til gömlu byggðarinnar sunnan Eyrardalsár.

Þar sem enn hefur ekki verið unnið hættumat fyrir Súðavík sbr. reglugerð um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats nr. 505/2000 var, meðan á skipulagsvinnunni stóð, ákveðið að fresta skipulagi sem tekur til gömlu byggðarinnar í Súðavík.

Skipulaginu er ætlað að skapa þorpinu vaxtarskilyrði miðað við gefnar forsendur hvað varðar íbúðar- og atvinnumál og gera m. a. ráð fyrir nægilegum fjölda lóða fyrir atvinnustarfsemi og íbúðarbyggð svo og hagkvæmu umferðar- og veitukerfi.

Þá er skipulaginu ætlað að bæta ásýnd og ímynd þorpsins m. a. með því að stuðla að heildstæðu og aðlaðandi yfirbragði byggðar og opinna svæða.

Varðandi Súðavíkurhrepp í heild er viðfangsefnið að ákveða landnotkun hreppsins til næstu framtíðar, helstu landbúnaðarsvæði, stærð og staðsetningu hugsanlegra þjónustukjarna, sumarbústaða- og skógræktarsvæða. Einnig hugsanleg náttúruverndarsvæði og fl. þ.h. Síðast en ekki síst mun skipulagið taka á samgöngu- og vegamálum.

## 1.5 MISMUNANDI KOSTIR Í ÞRÓUN BYGGÐARLAGSINS

Eins og fram hefur komið ríkir ástand samdráttar og stöðnunar víðast í hinum dreifðu byggðum landsins. Svo er einnig í Súðavíkurhreppi. Í varnarbaráttunni eygja menn þó sóknarfæri sem fela í sér ýmsa kosti í atvinnulífi og þróun byggðarlagsins. Í auknum mæli er verið að huga að hagræðingu í rekstri fyrirtækjanna í Súðavík. Áform eru um virkjanir á Glámuhálendi. Unnið er að samgöngubótum í hreppnum og uppbyggingu í ferðaþjónustu þar sem Djúpinu með litríka byggðar- og atvinnusögu er ætlað mikilvægt hlutverk. Óvenju miklir möguleikar í framleiðslu vistvænna landbúnaðarafurða

gefa fyrirheit um vaxtarbrodd í atvinnulífi. Verið er að gera mikilvægt átak í vatnsöflunarmálum í Súðavík sem styrkja mun grundvöll og samkeppnisstöðu mikilvægs matvælaiðnaðar á staðnum.

Með því að nýta til hlýtar áðurnefnd sóknarfæri er þess freistað að treysta byggð i Súðavíkurhreppi og efla Súðavík sem þjónustu- og útgerðarbæ þegar til lengri tíma er litið.

# 2 MEGINMARKMIÐ OG SKIPULAGSFORSENDUR

## 2.1 MEGINMARKMIÐ AÐALSKIPULAGSINS 1999-2018

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps leggur áherslu á eftirfarandi stefnumörkun í aðalskipulagi Súðavíkurhrepps fyrir tímabilið 1999-2018.

### 2.1.1 ATVINNUMÁL

- Að styrkja Súðavíkurhrepp í heild og gera ráð fyrir fjölbreyttri landnotkun sem stuðlað getur að fjölbreyttu atvinnulífi í framtíðinni jafnt í hefðbundnum atvinnugreinum sem og ferðaþjónustu.
- Að styrkja Súðavík sem þjónustu- og matvælaiðnaðarbæ.
- Að efla Súðavík sem mikilvægan þjónustukjarna á svæðinu.
- Að byggja upp í Súðavík sem besta aðstöðu til fjölbreyttrar menningarstarfsemi svo sem skóla- og ráðstefnuhalds, íþróttaiðkana, safna- og sýningarstarfsemi.
- Að efla ferðaþjónustu í hreppnum.
- Að leita nýrra leiða í landbúnaðarframleiðslu í hreppnum.

### 2.1.2 ÞRÓUN BYGGÐAR OG LANDNOTKUN.

- Að styrkja Súðavík og festa í sessi.
- Að leitast við að tengja saman atvinnusvæði og íbúðarbyggð í Súðavík.
- Að hlúa að, rækta og láta landslag, sérkenni og fagurt umhverfi njóta sín sem best.
- Að gera ráð fyrir nægum lóðum í Súðavík til íbúðarhúsabygginga í samræmi við líklega þróun mannfjölda í hreppnum.
- Að gera ráð fyrir lóðum í Súðavík fyrir framtíðaruppbyggingu, iðnaðar- og athafnasvæðum svo og svæðum fyrir verslanir, þjónustu og stofnanir.
- Að leggja áherslu á uppbyggingu útivistarsvæða og uppgræðslu lands.
- Að styrkja núverandi byggð og bæta umhverfismál í stóru og smáu þannig að búseta verði eftirsóknarverðari.
- Að standa vörð um gömul hús eða þyrpingar sem á einn eða annan hátt geta talist varðveisluverð menningarverðmæti.

### 2.1.3 UMFERÐARKERFI

- Að efla, styrkja og stytta vegakerfið við innanvert Ísafjarðardjúp.
- Að tengja umferðarlega saman tvo bæjarhluta í Súðavík, utan og innan Eyrardalsár.
- Að gera ráðstafanir til þess að hindra hraðakstur og draga úr slysahættu í og við Súðavík.
- Að gera ráð fyrir göngustígum, hjólabrautum og reiðstígum um byggðina í Súðavík.

## 2.2 NÁTTÚRUFARSLEGAR FORSENDUR

### 2.2.1 ALMENNT

Vestfirðir eru 15-20 milljón ára blágrýtisgrunnur og eru ásamt Austfjörðum elsti hluti landsins. Megineinkenni Vestfjarða er hin hálenda slétta, víðast 400-600 m. yfir sjávarmáli, sundurskorin af fjörðum og víkum. Strandlengjan er u. þ. b. 1900 km. löng. Snarbrött fjöllin gnæfa í sjó fram og undirlendi er víðast mjög takmarkað.

Á Vestfjörðum er jarðskjálfta- og eldsumbrotahætta í lágmarki.

Byggð til sveita er einkum á ströndum fjarða og í grunnum þverdölum. Bæir og þorp standa á eyrum eða við grunnar víkur. Lítið undirlendi veldur víða vandkvæðum í skipulagi byggða og hindrar jafnvel eðlilegan vöxt þeirra. Býlum í ábúð hefur fækkað mjög síðustu tvo til þrjá áratugina.

### 2.2.2 STAÐHÆTTIR

Súðavíkurhreppur er einn stærsti hreppur landsins en landssvæði innan marka hans eru um 776 $km^2$ að stærð.

Súðavíkurhreppur afmarkast í norðri af Götu í Súðavíkurhlíð. Að sunnan afmarkast hreppurinn af Ísafjarðará / Þórðardal á mörkum Hólmavíkurhrepps að mörkum Reykhólasveitar vestur um að mörkum Vesturbyggðar og síðan norð-vestur um á mörkum Ísafjarðarbæjar allt að Götu.

Um áramótin 1994/95 sameinuðust þrír hreppar við Ísafjarðardjúp, þ. e. fyrrum Reykjafjarðarhreppur, Ögurhreppur og Súðavíkurhreppur

Hreppurinn skartar mikilli fegurð ósnortinnar náttúru. Byggðin er aðallega meðfram um 180 km langri vogskorinni ströndinni.

Aðalþéttbýliskjarninn í hreppnum er Súðavík við Álftafjörð, sem gengur suður úr Ísafjarðardjúpi. Súðavík er miðsvæðis á norðanverðum Vestfjörðum, umlukin háum fjöllum.

Eins og fram hefur komið var árið 1995 hafist handa við uppbyggingu nýrrar byggðar í landi Eyrardals. Þar stóð kirkja ásamt kirkjugarði og skóli var byggður þar fyrir allmörgum árum.

Helstu vegalengdir frá Súðavík eru: Til Ísafjarðar 20 km, og styðsta til Reykjavíkur 412 km um Þorskafjarðarheiði.

Skólasetur var lengi í Reykjanesi. Skólahald hefur verið lagt af, en mikil mannvirki standa enn og eru notuð að hluta til í tengslum við ferðaþjónustu.

Helstu vegalengdir frá Reykjanesi eru: Til Ísafjarðar 170 km, Patreksfjarðar 362 km og til Reykjavíkur 360 km.

## 2.2.3 JARÐFRÆÐI

Vestfjarðarkjálkinn er 15-20 milljón ára blágrýtisgrunnur. Jarðfræðilega tilheyrir hann blágrýtissvæði landsins en blágrýtismyndunin er elsta jarðmyndun landsins og varð hún þó hvergi mjög há, víðast 400-600 m, en sundurskorin af fjörðum og víkum.

Á Vestfjörðum er jarðskjálfta- og eldsumbrotahætta í lágmarki.

Ekki hefur fundist nýtanlegt heitt vatn í nágrenni Súðavíkur en þó eru uppsprettur með volgu og heitu vatni algengar á svæðinu þar í kring.

Að öðru leyti vísast til kafla 2.2.1 hér að framan.

## 2.2.4 GRÓÐURFAR

Hreppurinn mælist 776 $km^2$ að stærð eins og fram hefur komið.

Samfelldur gróður nær sjaldan í meira en 200 m hæð sem einkum stafar af lágum meðalhita, bröttum fjallshlíðum og skriðum.

Kjarrlendi er töluvert inni í fjörðum og dölum

Flatlendi og auðnir er um 59% hreppsins en 266 $km^2$ hafa verið kortlagðir sem fjalllendi. Brattar, ógrónar urðir eru um160 $km^2$ en melar eru um 30 $km^2$. Þær hlíðar sem eru grónar (um 189 $km^2$) fá víða rofeinkunn 3 (talsvert rof) og ljóst er að vel þarf að fylgjast með ástandi jarðvegs og gróðurs í hlíðum hreppsins. Þá er þó nokkuð um rofdíla í samfelldum gróðurlendum utan hlíðanna (samt. 88 $km^2$), einkum á heiðalandi.

## 2.2.5 DÝRALÍF

Í Súðavíkurhreppi er fjölbreytt fugla- og dýralíf. Þar má nefna smyril, fálka, örn, álft, lóm, æður, fágætar andartegundir, uglu, lunda, fýl, sel og mýs. Umtalsvert æðarvarp er í Vigur, Borgey, og einnig vísir að æðarvarpi í Hrútey, Þernuvík, Ögurhólmum, Hvítanesi og Langeyri.

## 2.2.6 VEÐURFAR.

Landfræðilegar forsendur hafa mikil áhrif á veðurfar. Á Vestfjörðum er fjölbreytilegt landslag og því er veðurfar í Súðavíkurhreppi mjög breytilegt. Vogskorin ströndin og lega fjarðanna ásamt afstöðu hvers staðar til Glámuhálendis valda því m. a. að þótt bjartviðri sé í Vatnsfjarðasveit getur verið úrkoma í fjörðunum fyrir utan Ögurnes. Aðstæður eru svo margbreytilegar í sveitarfélaginu að ekki verður alhæft um veðurfar en segja má að fjöll firðir og dalir skapi fjölbreytilegt veður.

Þá er víða skjólsælt í fjörðunum þegar vindur stendur af vestri eða austri en firðirnir eru opnir fyrir norðanáttum.

Snjólétt er með ströndinni þótt almennt safnist meiri snjór í fjarðabotna og inn til landsins en utar með fjörðunum.

Úrkoma, vindátt og vindhraði er mjög staðbundið vegna landslags og því erfitt að heimfæra athuganir veðurstöðva yfir á aðra staði í hreppnum.

Þurrkar geta valdið bændum vandkvæðum á sumrin, einkum og sér í lagi í Ögur- og Vatnsfjarðasveit.

Almennt má ætla að úrkoma sé minni eftir því sem innar dregur við Djúp. Hitasveiflur aukast eftir því sem lengra dregur inn í landið. Norðaustanátt er mjög ríkjandi og norðanátt algeng.

Veðurathugunarstöð hefur verið í Súðavík frá því haustið 1995 en næstu stöðvar eru Galtarviti, Æðey og sjálvirk stöð Vegagerðarinnar er í Ögri.

### 2.2.7 NÁTTÚRUVÁ OG HÆTTUSVÆÐI

#### 2.2.7.1 *ALMENNT*

Í Súðavíkurhreppi er ekki talin hætta af eldgosum, jarðskjálftum eða sjávarflóðum. Í nýju byggðinni í Eyrardalslandi er ekki talin vera snjóflóðahætta.

Bæir í dreifbýlishluta hreppsins eru almennt taldir nokkuð öruggir. Þó hefur verið gert mat á aurskriðuhættu fyrir ofan bæinn Laugarból í Laugardal en þar er talin vera aurskriðuhætta. Einnig hefur verið óskað eftir hættumati vegna ofanflóða á öðrum stöðum í dreyfbýli hreppsins en talin er ástæða til að óttast hættu á ofanflóðum á a. m. k. tveimur öðrum stöðum þ. á. m. við Botn í Mjóafirði.

#### 2.2.7.2 *SNJÓFLÓÐ.*

Snjóflóð hafa fallið úr Súðavíkurhlíð og einnig úr Traðargili fyrir ofan byggðina í Súðavík.

Árið 1983 féllu tvö snjóflóð niður undir þáverandi byggð. Árið 1989 var staðfest snjóflóðahættumat fyrir byggðina í Súðavík. Þar var um að ræða fyrsta snjóflóðahættumat fyrir þéttbýli á Íslandi.

16. janúar 1995 féllu snjóflóð á byggðina í Súðavík með hörmulegum afleiðingum. Eins og áður er getið var í framhaldi af því ákveðið að flytja byggðina innar í fjörðinn í land Eyrardals. Samkvæmt Snjóflóðahættumati fyrir Súðavík sem VST verkfræðistofa vann fyrir Almannavarnir ríkisins og Ofanflóðanefnd og lagt var fram í ágúst 1995 er nýja byggðarsvæðið talið öruggt gagnvart snjóflóðum. Við gildistöku reglugerðar um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðarhættumats nr. 505/2000 féll fyrrnefnt snjóflóðahættumat frá 1995 úr gildi.

## 2.3 BYGGÐARÞRÓUN

### 2.3.1 SAGA BYGGÐAR OG ÞRÓUN SVEITARFÉLAGS

Saga byggðar við Djúp nær allt aftur til um 900 en þá nam Snæbjörn sonur Eyvindar Austmans, bróðir Helga Magra land á milli Langadalsár og Mjóafjarðar og bjó í Vatnsfirði. Gunnsteinn og Halldór synir Gunnbjarnar Úlfssonar Káku námu Skötufjörð, Laugardal, Ögurvík og að Mjóafirði. Eyvindur Kné og kona hans Þuríður rúmgylta námu Álftafjörð og Seyðisfjörð og bjuggu þar.

Ísafjarðardjúp á sér mikla og merka atvinnusögu sem nær langt aftur á þjóðveldisöld. Sagt er að upphaf stóriðju Íslendinga hafi verið í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp en um 1780 hófst þar saltvinnsla í stórum stíl með því að þurrka sjó með hverahita.

Þegar mest var umleikis voru unnin um 280 tonn á ári með þessum hætti í saltverksmiðjunni í Reykjanesi.

Árið 1933 hóf Þjóðverjinn Ernst Fresinius fyrstur manna ræktun matjurta með aðstoð jarðhita í Reykjanesi. Hann var þannig frumkvöðull á þessu sviði og bauð íbúum við Djúp afurðir sínar.

Útgerð var mikil við Ísafjarðardjúp og sjósókn frá næstum hverjum bæ, enda Djúpið oft nefnt “Gullkistan”. Mikil saga útgerðar er tengd Ögurnesi og Folafæti en þar voru verstöðvar og afurðir unnar í landi.

Norskir hvalfangarar numu land við Djúp, og reistu verksmiðjur í Seyðisfirði á Uppsalaeyri og í Álftafirði á Langeyri, Dvergasteinseyri og Hattareyri. Árið 1898 voru unnir um 120 hvalir við Álftafjörð eða sem nemur því að einn hvalur hafi verið unninn þriðja hvern dag árið um kring. Segja má að hvalveiðar við Djúp um aldarmótin hafi verið stóriðja þess tíma. Árið 1913 hófu Súðvíkingar fyrstir Íslendinga hrefnuveiðar en upphafsmaður þeirra veiða var Þorlákur Hinrik Guðmundsson, kallaður Hrefnuláki.

Til skamms tíma var rekin öflug rækjuverksmiðja í Súðavík, ein sú fullkomnasta á Íslandi, og vann hún úr um 5.000 tonnum af rækju ár hvert.

Á Svarthamri í Álftafirði ólst upp Jón Indiafari sem fyrstur Íslendinga skráði ferðasögu sína, reisubók Jóns Indíafara.

Um 1700 er Súðavík fyrst getið í heimildum sem þingstaðar. Súðavík var jafnframt þriggja hreppa þingstaður og hafa íbúar Skutulsfjarðar, Súðavíkur- og Ögurhrepps væntanlega sótt þinghald þangað. Talið er að Súðavíkurhreppur hafi verið stærri fyrr á öldum og jafnvel náð yfir Skutulfjarðarhrepp auk meginhluta núverandi Súðavíkurhrepps. Hinn forni hreppur hafi síðan skipst en þingstaður haldist óbreyttur e. t. v. vegna þess að þar hafi verið mannvirki fyrir þinghald.

Síðar í landshöfðingjabréfi árið 1882 var heimilað að flytja þingstað hreppsins frá Súðavík að Tröð þar sem tryggt húsnæði var til þinghalds.

Fram til 1994 náði Súðavíkurhreppur frá Götu yst í Súðavíkurhlíð um Álftarfjörð allan, Seyðisfjörð og Hestfjörð vestan- og innanverðan út að landi Hvítaness í Ögursveit.

1. janúar 1995 voru Ögurhreppur og Reykjafjarðarhreppur sameinaðir Súðavíkurhreppi og nær Súðavíkurhreppur nú eins og fram hefur komið að Ísafjarðará í suðri.

Hafnarskilyrði eru góð á Langeyri. Þar er höfn frá náttúrunnar hendi. Í Súðavík voru hins vegar lengi vel eingöngu skilyrði fyrir árabáta. Einhverjar hafnarbætur voru þar gerðar árið 1920 en um 1950 var byggð bryggja í Súðavík, en hafnargarðurinn upp úr 1970. Skiptar skoðannir voru um það hvort byggð ætti að þróast í Súðavík eða við Langeyri þar sem allar aðstæður eru mun betri til hafnargerðar.

Á kreppuárunum 1930-40 seldu Súðvíkingar báta sína og var um tíma aðeins einn bátur gerður út þaðan. Síðar stofnaði kaupfélagið á Ísafirði hlutafélagið Andvara sem gerði út þrjá báta frá Langeyri.

Árið 1942 voru byggð íshús bæði í Súðavík og á Langeyri.

Læknissetur var um árabil í Súðavík og Ögri, símstöð var opnuð árið 1946 og sjálfvirkur sími var tekinn í notkun árið 1969. Póstafgreiðsla hófst árið 1945 en bréfahirðing hafði verið þar frá árinu 1898.

Öll áðurnefnd byggð átti kirkjusókn að hinum forna kirkjustað Eyri við Seyðisfjörð. Kirkja var flutt til Súðavíkur árið 1961. Kirkjan stóð áður á Hesteyri í Jökulfjörðum en var tekin niður og endurbyggð í Súðavík.

## 2.4 TÖLULEGAR FORSENDUR OG SPÁR

### 2.4.1 ÍBÚAÞRÓUN Á VESTFJÖRÐUM.

Á síðustu öld (til 01. 12. 2000) fjölgaði landsmönnum úr 78.470 í 282.845 sem er hátt í fjórföldun. Á sama tímabili fækkaði fólki á Vestfjörðum um tæplega 4.000. Á árunum 1975 til 1980 ríkti nokkur jöfnuður í búferlaflutningum. Svipaður fjöldi flutti til og frá Vestfjörðum. Frá 1981 hefur brottflutningur fólks frá Vestjörðum aukist hröðum skrefum.

Heldur dró úr fækkuninni 1993 en síðan hefur ástandið versnað og brottflutningur fólks verið í hámarki árin1995 fram á þennan dag.

Á árunum 1989-1998 fækkaði Vestfirðingum úr 9840 í 8590 eða að meðaltali um tæplega 1,7% á ári.

Á síðustu áratugum var fækkun íbúa mest á Vestfjörðum af öllum landshlutum. Einkum var einkennandi að hlutfallsleg fækkun var meiri í sveitum á Vestfjörðum en í nokkrum öðrum landshluta.

Meginorsök fólksfækkunar í mörgum sveitum Vestfjarða var lengi framan af sú breyting sem varð á afkomugrundvelli. Útræði og hlunnindi voru oft metin til jafns við landbúnað sem stundaður var við erfið skilyrði. Segja má að Hornstrandir og stór hluti byggðar út frá fjörðum og ystu sjávarströndum hafi lagst af. Vélbátaútgerð og örar tækniframfarir í fiskveiðum stuðluðu að aukinni atvinnu og flutningi fólks til þéttbýlisstaða.

Heildaríbúafjöldi á Vestfjörðum var 01. 12. 1980 10.479 íbúar. Þar af bjuggu 8.558 íbúar í þéttbýli en 1921 í dreifbýli.

01. 12. 1992 voru íbúar á Vestfjörðum 9.681, þar af 8.131 í þéttbýli og 1.550 í dreifbýli.

01. 12. 1996 voru íbúar á Vestfjörðum 8.856, þar af 7.547 í þéttbýli og 1.309 í dreifbýli.

01. 12. 1998 voru íbúar á Vestfjörðum 8.590.

01. 12. 1999 voru íbúar á Vestfjörðum 8.308.

Vísað er til skýringarmynda nr.1 og 2 um fólksfjölda á Vestfjörðum 1971-1999.

### *Fólksfjöldi á Vestfjörðum 1971-1999*

***Skýringarmynd 1.***

| *Ár* | *Karlar* | *Konur* | *Bæði kynin* |
|---|---|---|---|
| 1971 | 5252 | 4675 | 9927 |
| 1972 | 5280 | 4645 | 9925 |
| 1973 | 5329 | 4654 | 9983 |
| 1974 | 5296 | 4644 | 9940 |
| 1975 | 5321 | 4677 | 9998 |
| 1976 | 5352 | 4728 | 10080 |
| 1977 | 5415 | 4765 | 10180 |
| 1978 | 5467 | 4823 | 10290 |
| 1979 | 5509 | 4854 | 10363 |
| 1980 | 5521 | 4958 | 10479 |
| 1981 | 5516 | 4997 | 10513 |
| 1982 | 5487 | 4965 | 10452 |
| 1983 | 5460 | 4954 | 10414 |
| 1984 | 5417 | 5001 | 10418 |
| 1985 | 5313 | 4892 | 10205 |
| 1986 | 5318 | 4875 | 10193 |
| 1987 | 5328 | 4847 | 10175 |
| 1988 | 5286 | 4810 | 10096 |
| 1989 | 5154 | 4686 | 9840 |
| 1990 | 5110 | 4680 | 9790 |
| 1991 | 5069 | 4671 | 9740 |
| 1992 | 5067 | 4614 | 9681 |
| 1993 | 5022 | 4584 | 9606 |
| 1994 | 4917 | 4531 | 9448 |
| 1995 | 4710 | 4308 | 9018 |
| 1996 | 4598 | 4258 | 8856 |
| 1997 | 4457 | 4177 | 8634 |
| 1998 | 4402 | 4188 | 8634 |
| 1999 | 4264 | 4044 | 8308 |




MYND 2: HEIMILD: BYGGÐaSTOFNUN

## 2.4.2 ÍBÚAÞRÓUN Í SÚÐAVÍKURHREPPI

Eins og fram hefur komið hefst þéttbýlismyndun í Súðavík skömmu fyrir síðustu aldamót. Elstu tölur um fólksfjölda eru frá árinu 1890. Þá voru íbúar í Súðavík að Eyrardal meðtöldum um 100.

Fólksfækkun verður áratuginn þar á eftir en árið 1920 voru íbúar í Súðavíkurhreppi orðnir 221 og fjölgaði hægt fram til ársins 1950 en þá voru þeir 231.

| Tími | Mannfjöldi |
|---|---|
| 01. 12. 1985 | 398 |
| 01. 12. 1990 | 311 |
| 01. 12. 1991 | 304 |
| 01. 12. 1992 | 309 |
| 01. 12. 1995 | 283 |
| 01. 12. 1996 | 294* |
| 01. 12. 1997 | 277 |
| 01. 12. 1998 | 264 |
| 01. 12. 1999 | 254 |

** Þar af 241 í Súðavík og 53 í dreifbýlinu á 19 bæjum.*

Áratuginn þar á eftir varð nokkur fækkun og árið 1960 voru íbúar Súðavíkurhrepps 184. Síðan tekur við tímabil þar sem íbúaaukningin er er nokkuð jöfn en þó með nokkrum undantekningum. Íbúafjöldinn í Súðavíkurhreppi var árið 1982 408 manns. Síðan hefur fólki fækkað stöðugt.

Eftirfarandi fólksfjöldaupplýsingar miðast við Súðavíkurhrepp, Ögur- og Reykjafjarðarhrepp sem sameinuðust 1. janúar 1995.

Fjöldi þeirra sem flytja árlega til og frá Súðavíkurhreppi hefur verið mjög mismunandi á síðustu áratugum. Nokkuð algengt er að 20-30 manns flytjist á hverju ári til og frá Súðavík eða um 10-12% íbúanna hverju sinni.

Á árunum 1980-1998 fluttust 212 úr sveitarfélaginu umfram aðflutta eða að meðaltali 11 á ári.

Flestir fluttu brott 1977, 1983, 1986, 1989, 1993, 1994,1997 og 1998, en árin 1972 og 1996 var fólksfjöldaþróunin jákvæðust.

Eftir snjóflóðin miklu í janúar 1995 var ástandið í Súðavík óeðlilegt enda óhugur í íbúum og óvissa um afdrif kauptúnsins. Fljótlega var þó ákveðið að byggja upp nýja byggð frá grunni í landi Eyrardals eins og fram hefur komið.

Allt frá árinu 1985 þegar íbúar í Súðavíkurhreppi 398 fram til 1998 hefur íbúum í Súðavíkurhreppi nánast stöðugt farið fækkandi en 1.desember það ár voru þeir orðnir 264.

Erfitt er að segja til um íbúaþróun í Súðavíkurhreppi á skipulagstímabilinu, þar eð aðeins litlar breytingar á atvinnulífi geta haft mikil áhrif þar á.

Miðað við óbreytt ástand í byggðar-og atvinnumálum er varla raunhæft að reikna með því að geta haldið í horfinu hvað varðar

## *Fólksfjöldi í Súðavík 1971-1999*

***Skýringarmynd 3.***

| *Ár* | *Karlar* | *Konur* | *Bæði kynin* |
|---|---|---|---|
| 1971 | 243 | 195 | 438 |
| 1972 | 243 | 208 | 451 |
| 1973 | 248 | 205 | 453 |
| 1974 | 244 | 208 | 452 |
| 1975 | 246 | 211 | 457 |
| 1976 | 240 | 209 | 449 |
| 1977 | 231 | 185 | 416 |
| 1978 | 228 | 185 | 413 |
| 1979 | 221 | 177 | 398 |
| 1980 | 220 | 177 | 397 |
| 1981 | 221 | 184 | 405 |
| 1982 | 223 | 185 | 408 |
| 1983 | 216 | 183 | 399 |
| 1984 | 212 | 183 | 395 |
| 1985 | 215 | 183 | 398 |
| 1986 | 194 | 169 | 363 |
| 1987 | 187 | 162 | 349 |
| 1988 | 182 | 175 | 357 |
| 1989 | 162 | 153 | 315 |
| 1990 | 160 | 151 | 311 |
| 1991 | 160 | 144 | 304 |
| 1992 | 162 | 147 | 309 |
| 1993 | 161 | 141 | 302 |
| 1994 | 159 | 145 | 304 |
| 1995 | 153 | 130 | 283 |
| 1996 | 160 | 134 | 294 |
| 1997 | 155 | 122 | 277 |
| 1998 | 142 | 122 | 264 |
| 1999 | 138 | 116 | 254 |

MYND 3. HEIMILD, BYGGÐARSTOFNUN




MYND 4. HEIMILD: BYGGÐASTOFNUN

íbúaþróun á skipulagstímabilinu. Skortur á öruggum íbúðasvæðum á Ísafirði gæti þó ef til vill haft jákvæð áhrif á eftirspurn eftir lóðum í Súðavík.

Vísað er til skýringarmynda nr. 3 og 4 um fólksfjölda í Súðavíkurhreppi 1971-1999.

## 2.4.2.1 ALDURSSKIPTING Í BÚA

Vísað er til skýringarmynda nr. 5 og 6 um aldursskiptingu í Súðavíkurhreppi 1.1.2000

Þar kemur fram að yngsti aldurshópurinn er 0-4 ára er fjölmennari en landsmeðaltal. Það sama er að segja um aldurshópana 35 til 39 ára. Í Súðavíkurhreppi er færra fólk 40-49 ef miðaða er við landsmeðaltal.

## *Aldursskipting í Súðavíkurhreppi miðað við 01.01.2000*

*Mynd 5.*

| *Aldurshópur* | *Karlar* | *Konur* | *Bæði kynin* |
|---|---|---|---|
| 0-4 | 17 | 9 | 28 |
| 5-9 | 7 | 8 | 15 |
| 10-14 | 5 | 7 | 12 |
| 15-19 | 19 | 9 | 28 |
| 20-24 | 9 | 7 | 16 |
| 25-29 | 5 | 7 | 12 |
| 30-34 | 14 | 8 | 22 |
| 35-39 | 13 | 14 | 27 |
| 40-44 | 17 | 11 | 28 |
| 45-49 | 6 | 7 | 13 |
| 50-54 | 7 | 5 | 12 |
| 55-59 | 5 | 6 | 11 |
| 60-64 | 1 | 2 | 3 |
| 65-69 | 4 | 3 | 7 |
| 70-74 | 1 | 9 | 10 |
| 75-79 | 4 | 3 | 7 |
| 80-84 | 4 | 1 | 5 |




MYND 6. HEIMILD. BYGGÐARSTOFNUN

## *Innanlandsflutningar í Súðavíkurhreppi 1980-1999*

*Skýringarmynd 7.*

| *Ár* | *Aðfluttir* | *Brottfluttir* | *Mismunur* |
|---|---|---|---|
| 1980 | 15 | 20 | -5 |
| 1981 | 20 | 16 | 4 |
| 1982 | 24 | 34 | -10 |
| 1983 | 24 | 44 | -20 |
| 1984 | 36 | 49 | -13 |
| 1985 | 37 | 40 | -3 |
| 1986 | 34 | 70 | -36 |
| 1987 | 33 | 48 | -15 |
| 1988 | 22 | 35 | -13 |
| 1989 | 11 | 35 | -24 |
| 1990 | 30 | 33 | -3 |
| 1991 | 26 | 31 | -5 |
| 1992 | 24 | 30 | -6 |
| 1993 | 21 | 31 | -10 |
| 1994 | 23 | 33 | -10 |
| 1995 | 39 | 46 | -7 |
| 1996 | 39 | 46 | -7 |
| 1997 | 15 | 36 | -21 |
| 1998 | 20 | 42 | -22 |
| 1999 | 3 | 21 | -18 |

### 2.4.2.2 INNANLANDSFLUTINGAR

Á síðastliðnum 25 árum hafa yfirleitt fleiri flust úr Súðarvíkurhreppi en þangað. Undantekningar eru þó árin 1972, 1974, 1981 og 1996.

Á skýringarmynd nr. 7 eru sýndir innanlandsflutningar til og frá Súðarvíkurhreppi á árunum 1980 til 1999. Á tímabilinu 1980 til 1999 hafa 230 fleiri flust úr Súðarvíkurhreppi en þangað.




MYND 8. HEIMILD: BYGGÐASTOFNUN

### 2.4.2.3 NÚVERANDI ÍBÚÐARSVÆÐI Í SÚÐAVÍK

Í framhaldi af því snjóflóðahættumati sem staðfest var 1989 var farið að huga að nýjum íbúðarsvæðum í landi Eyrardals innar í firðinum.

Árið 1995 var gerð breyting á aðalskipulagi Súðavíkur 1992-2012 og hafinn undirbúningur að uppbyggingu nýrrar byggðar í landi Eyrardals.

Á árunum 1995-1998 var byrjað á 61 íbúð, aðallega í einbýlis- og tvíbýlishúsum í nýja þéttbýlinu í landi Eyrardals.

Eins og fram hefur komið var í ágúst 1995 lagt fram nýtt hættumat fyrir gömlu byggðina í Súðavík. Í framhaldi af því var ákveðið að ráðast í varnaraðgerðir með tilstyrk Ofanflóðasjóðs. Eftir ítarlega skoðun þótt hagkvæmari kostur að kaupa upp alla byggð í þorpinu og færa það um set. Gerðir voru uppkaupa-samningar við eigendur húsanna á þann hátt að greiðslur til þeirra voru háðir framvindu við byggingu húss á nýjum stað.

Þannig voru keypt upp 54 hús og íbúðir í gamla þorpinu. Með uppkaupunum eignaðist Súðavíkurhreppur þessi hús.

Umhverfisráðuneytið heimilaði að nýta uppkeypt hús til sumardvalar og aðeins er heimilt að dvelja í húsunum á tímabilinu 1. maí til 31. október. Hreppurinn hefur nú selt stóran hluta þessara eigna til einstaklinga, félagasamtaka og fyrirtækja.

Samkvæmt breytingum á aðalskipulagi Súðavíkur 1992-2012 sem gerðar voru vorið 1995 er gert ráð fyrir íbúðarsvæðum í Eyrardalslandi ofan þjóðvegar samtals 8.3 ha. Þar af var efst á svæðinu gert ráð fyrir 0.6 ha íbúðarbyggð til síðari nota og 1.2 ha blandaðri landnotkun, íbúðarbyggð/landbúnaðarsvæði (á Eyrardalstorfu). Neðan þjóðvegar var gert ráð fyrir 1.3 ha íbúðarsvæði auk 1.3 ha íbúðarsvæði til síðari nota

## 2.4.3 NÚVERANDI ÍBÚÐARHÚSNÆÐI

Í dreifbýlinu hefur ríkt ákveðin stöðnun varðandi uppbyggingu íbúðarhúsnæðis. Lítið hefur verið um nýframkvæmdir en nokkuð um viðbyggingar og breytingar.

Þróun íbúðarhúsnæðis hefur verið með svipuðum hætti í Súðavík og annars staðar á landinu. Flatarmál á hvern íbúa hefur aukist, og íbúum á hverja íbúðareiningu hefur fækkað. Áhersla hefur verið lögð á byggingu stórra íbúða, einkum í einbýlishúsum.

Íbúðarhúsnæði í nýju byggðinni í Súðavík er eins og fram hefur komið allt nýbyggt. Auk þess eru þar nokkur aðflutt timburhús úr gömlu byggðinni bæði nýleg einlyft hús og tvílyft hús frá fyrri hluta aldarinnar. Stærstur hluti húsnæðisins er einbýli, en þar eru og nokkur rað- og parhús auk tvíbýlishúsa á tveimur hæðum.

## 2.4.4 ÍBÚÐARHÚSABYGGINGAR Í FYRRUM SÚÐAVÍKURHREPPI 1963-1995.

Á tímabilinu 1963 til 1987 voru byggðar 42 íbúðir í Súðavík. Fjöldi fullgerðra íbúða á ári hefur verið mjög mismunandi síðastliðin 25 ár. Mest var byggt í Súðavík á árunum 1975 til 1979 eða árlega að meðaltali um 2.4 íbúðir.

Mynd 9. Meðaltal fullgerðra íbúða í Súðavík.

| | | |
|---|---|---|
| 1960 | 64: | 0,8 |
| 1965 | 69: | 0,8 |
| 1970 | 74: | 2,0 |
| 1975 | 79: | 2,4 |
| 1980 | 84: | 1,6 |
| 1985 | 89: | 1,2 |
| 1990 | 94: | 0,0 |

Árið 1990 voru 94 íbúðir í Súðavík. Þá voru 2.6 íbúar um hverja íbúð.

Íbúðarhúsnæði í gömlu byggðinni var almennt frekar nýlegt. Rúmlega helmingur alls íbúðarhúsnæðis var byggður eftir 1960 eða 52 íbúðir.

Á árunum 1987-1989 var hafin bygging tveggja íbúða í Súðavík.

Á tímabilinu 1990-1994 var ekkert byggt í Súðavíkurhreppi.

Samfara fyrrgreindum uppkaupum á íbúðarhúsnæði í Súðavík hófst uppbygging nýrrar byggðar í landi Eyrardals:

Á árinu 1995 var hafin bygging 15 íbúða í nýju byggðinni.

Á árinu 1996 var hafin bygging 37 íbúða í nýju byggðinni.

Á árinu 1997 var hafin bygging 6 íbúða í nýju byggðinni.

Á árinu 1998 var hafin bygging 3 íbúða í nýju byggðinni.

Í október 1998 var alls hafin bygging 61 íbúðar í nýju byggðinni í Súðavík.

Í árslok 1994 skömmu áður en Reykjafjarðar- og Ögurhreppar sameinuðust Súðavíkurhreppi voru 108 íbúðir í hreppunum þremur þar af 12 á jörðum.

Nýtingarhlutfall íbúðarsvæða í Súðavík er lágt enda einkennist byggðin af fremur stórum íbúðalóðum.

Íbúðarbyggðin í Súðavík var 1995 um 8.5 ha. lands og voru þá götur og opin svæði ekki talin með.

## 2.4.5 FRÍSTUNDAHÚS

Í Súðavíkurhreppi voru haustið 1997 52 bústaðir. Flest þeirra húsa voru frístundahús. Leyfismál frístundahúsa eru í miklu ólestri í hreppnum og aðeins lítill hluti þeirra byggð samkvæmt tilskyldum leyfum.

Skýringarmynd nr. 9 sýnir frístundahús og önnur mannvirki utan lögbýla í Súðavíkurhreppi sem byggingarfulltrúinn í Súðavík tók saman í desember 1997.

MYND 10




SÚÐAVÍKURHREPPUR

FRÍSTUNDAHÚS OG ÖNNUR MANNVIRKI UTAN LÖGBÝLA

1. HLÍÐ
2. DVERGASTEINN
3. SVARFHÓLL
4. MINNI HATTARDALUR
5. UPPSALIR
6. UPPSALAEYRI
7. KLEIFAR
8. FJARÐARHORN
9. EIÐI Í KLEIFALANDI
10. EIÐI
11. HESTUR
12. HESTFJARÐARBOTN
13. EYRI Í SKÖTUFIRÐI
14. EYRI Í SKÖTUFIRÐI
15. KLEIFAR Í SKÖTUFIRÐI
16. KLEIFAR Í SKÖTUFIRÐI
17. BORG Í SKÖTUFIRÐI
18. BORG Í SKÖTUFIRÐI
19. BORG Í SKÖTUFIRÐI
20. GARÐUR Í LANDI KÁLFAVÍKUR
21. HÖFÐAEYRI Í LANDI KÁLFAVÍKUR
22. GRUND Í LANDI KÁLFAVÍKUR
23. KÁLFAVÍK, GAMLI BÆRINN
24. GILSEYRI Í LANDI HJALLA
25. TÓTAVÖR Í LANDI HJALLA
26. SKARÐSEYRI Í LANDI SKARÐS
27. VIGUR
28. ÖGUR
29. TORFHOLT
30. ÖGUR, GAMLI BÆRINN
31. HRAFNABJÖRG/TVÍSTEINAR
32. EIRÍKSSTAÐIR Í LAUGARDAL
33. ÞERNUVÍK
34. ÞERNUVÍK
35. ÞERNUVÍK
36. HEYDALUR, LANDSBANKI
37. HEYDALUR, LUNDUR
38. HEYDALUR, ÍSLANDSBANKI
39. HEYDALUR, JG
40. GALTARHRYGGUR
41. DJÚPMANNABÚÐ/SUMARHÚS
42. DJÚPMANNABÚÐ, SVEFNHÚS
43. KLAPPARHOLT Í LANDI KLEIFAKOTS
44. HÖRGSHLÍÐ
45. HÖRGSHLÍÐ
46. HÖRGSHLÍÐ
47. KELDUR
48. KELDUR
49. VATNSFJÖRÐUR
50. REYKJAFJÖRÐUR
51. HVERAVÍK Í REYKJANESI
52. SUMARHÚS Í LAND SVANSVÍKUR

UPPLÝSINGAR FRÁ BYGGINGARFULLTRÚA SÚÐAVÍKURHREPPS

# 2.5 ATVINNUMÁL

## 2.5.1 ALMENNT

Sjávarútvegur og landbúnaður eru aðalatvinnuvegirnir í Súðavík og framkvæmdir því að miklu leyti miðaðar við þarfir þeirra. Hafnaraðstaða hefur verið bætt á síðustu áratugum. Einnig hefur rík áhersla verið lögð á uppbyggingu félagslegrar þjónustu.

Byggingariðnaður hefur verið talsverður en lengst af hefur verið mikill óstöðugleiki í þeirri grein. Á síðustu árum hefur þó verið mikið um byggingarframkvæmdir vegna uppbyggingar nýrrar bygðar í Eyrardalslandi.

Framtíðarhorfur fyrir Súðavíkurhrepp ráðast m. a. af möguleikum í fiskvinnslu og áherslum útgerðarfyrirtækja en erfitt er að spá nokkru um þá framvindu.

Vonir standa til að bættur aðgangur að erlendum mörkuðum leiði til verðmætaaukningar framleiðslunnar með aukinni úrvinnslu hráefnis. Ætla má að flest ný störf á skipulagstímabilinu verið sem fyrr í fiskvinnslu og þjónustugreinum, þ. á. m. ferðaþjónustu.

Ársverk.

Í Súðavíkurhreppi voru ársverk 194,2 árið 1988. Þeim fór jafnt og þétt fækkandi og voru 147,3 árið 1994. Þá fjölgaði þeim á nýjan leik og voru 161,8 árið 1996 en fækkaði síðan aftur 1997 í 150,1. Þar munar mestu um fækkun atvinnutækifæra í fiskvinnslu, iðnaði, landbúnaði , samgöngum og verslun.

***Ársverk eftir atvinnuvegum í Súðavíkurhreppi 1988-1997***

***Skýringarmynd 10.***

| *Atvinnuvegur* | *1988* | *1989* | *1990* | *1991* | *1992* | *1993* | *1994* | *1995* | *1996* | *1997* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Landbúnaður | 48,2 | 49,9 | 48,9 | 40,6 | 39,3 | 34,7 | 36,1 | 34,2 | 30,8 | 23,6 |
| Fiskveiðar | 21,4 | 16,3 | 16,5 | 28,9 | 23,8 | 25,3 | 23,91 | 16,5 | 25,7 | 27,4 |
| Fiskvinnsla | 57,2 | 57,6 | 53,9 | 49,8 | 52,9 | 47,1 | 39,6 | 43,8 | 46,2 | 46,2 |
| Iðnaður | 10,7 | 9,0 | 5,9 | 4,5 | 4,5 | 3,4 | 3,7 | 4,3 | 5,8 | 3,4 |
| Byggingar | 5,8 | 7,4 | 5,2 | 4,8 | 3,9 | 4,8 | 6,0 | 10,2 | 11,2 | 9,6 |
| Verslun | 12,6 | 9,9 | 12,6 | 10,2 | 12,6 | 7,8 | 8,1 | 8,7 | 9,4 | 8,1 |
| Samgöngur | 4,8 | 5,1 | 6,6 | 1,8 | 2,5 | 501 | 4,1 | 3,1 | 4,1 | 3,8 |
| Bankar og fleira | 3,5 | 3,6 | 2,3 | 4,5 | 4,0 | 3,7 | 3,8 | 4,7 | 7,5 | 5,6 |
| Þjónusta | 29,9 | 22,8 | 31,9 | 18,3 | 19,5 | 21,5 | 22,1 | 31,9 | 21,1 | 22,4 |
| ***Samtals*** | 194,2 | 181,6 | 183,8 | 163,4 | 163,0 | 153,2 | 147,3 | 157,4 | 161,8 | 150,1 |

MYND 11: HEIMILD: BYGGÐARSTOFNUN.

## 2.5.2 FISKVINNSLA OG FISKVEIÐAR.

### *2.5.2.1 ALMENNT*

Fiskveiðar og fiskvinnsla eru mikilvægir atvinnuvegir í Súðavíkurhreppi og árið 1990 voru 70,4 ársverk unnin í þeim greinum. Sambærileg tala fyrir árið 1996 var 71,9. Athygli er vakin á því að tölur miðast við núverandi mörk Súðavíkurhrepps.

### *2.5.2.2 FISKVINNSLA*

Árið 1988 voru ársverk í fiskivinnslu 57,2. Árið 1992 52,9 og 1997 46,2 (eftir sameiningu hreppa). Ársverk í fiskveiðum hafa og nánast staðið i stað á umræddu tímabili.

Skortur er talinn vera á lóðum fyrir smáiðnaðarfyrirtæki í Súðavík.

Núverandi fiskvinnslusvæði

Samkvæmt aðalskipulagi Súðavíkur 1992-2012 með áorðnum breytingum frá 1995 voru eftirtalin svæði til ráðstöfunar til iðnaðar, þ. á. m. fyrir fiskvinnslu:

3.13 ha á hafnarsvæðinu við Njarðarbraut neðan Aðalgötu, þ. m. t. svæði á áður fyrirhugaðri landfyllingu. Svæðið er á snjóflóðahættusvæði.

1.5 ha svæði syðst á Langeyri. Hluti svæðisins er á snjóflóðahættusvæði.

### *2.5.2.3 FISKELDI*

Á árunum 1985-1987 reyndu menn fyrir sér með fiskeldi á Reykjanesi. Ekki var framhald á þeirri starfsemi.

### *2.5.2.4 FISKVEIÐAR*

Árið 1988 voru ársverk í fiskveiðum 21,4, árið 1992 9% 23,8 og árið 1997 27,4 ársverk.

## 2.5.3 IÐNAÐUR

Iðnaður, annar en fiskvinnsla og byggingariðnaður hefur ekki unnið sér sess í Súðavíkurhreppi. Saltvinnsla var starfrækt í Reykjanesi á árunum 1773 til 1786. Sjó var dælt úr Pumphúsvík að hverasvæðinu við skólahúsið. Árið 1988 voru ársverk í iðnaði 10,7, en 3,4 árið 1997.

Ársverk í byggingarstarfsemi hefur verið breytilegt á undanförnum árum, en þau voru 5,8 árið 1988, 3,9 árið 1992 og 9,6 átrið 1997. Síðari aukning er tengd uppbyggingu nýrrar byggðar í Súðavík.

Sjá nánar skýringarmynd nr. 10 og 11.

### *2.5.3.1 NÚVERANDI IÐNAÐARSVÆÐI.*

Í aðalskipulagi Súðavíkur 1992-2012 er ekki gerður greinarmunur á um hvers konar iðnað er að ræða, fiskvinnslu, byggingariðnað eða aðra athafnastarfsemi.

Litið er svo á að með ákvörðun hættumatslína og samningum um uppkaup húsnæðis í gömlu Súðavík hafi aðalskipulagi Súðavíkur

1992-2012 fallið úr gildi hvað varðar landnotkun á miklum hættusvæðum.

Samkvæmt aðalskipulagi Súðavíkur 1992-2012 er 1.5 ha iðnaðarsvæði syðst á Langeyri.

Samkvæmt aðalskipulagi Súðavíkur 1992-2012 eru iðnaðarsvæði á hættusvæði sem hér segir:

- 3.13 ha svæði á hafnarsvæðinu neðan aðalgötu, að hluta til á áður fyrirhugaðri fyllingu.
- 0.6 ha svæðis syðst og vestast á Langeyri.

#### *2.5.3.2 EFNISTÖKUSVÆÐI*

Um skipulag efnistökusvæða fer eftir ákvæðum skipulags-og byggingarlaga nr. 73/1997 og reglum settum samkvæmt þeim. Samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 ber námuréttarhafa að leggja fram áætlun um væntanlega efnistöku þar sem m. a. skal gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði.

Malarnám

Í gegnum tíðina hefur malarefni verið tekið mjög víða í hreppnum, einkum til vegagerðar en einnig til steinsteypuframkvæmda. Úr mörgum námanna verður ekki tekið meira efni þar sem það sem eftir er er af skornum skammti,lélegt að gæðum eða þeirrar gerðar sem ekki er þörf á lengur.

Í hreppnum er engin steypuefnisnáma þekkt með efni sem uppfyllir þær kröfur sem nú eru gerðar til steypuframleiðslu.

Grjótnám.

Grjótnám hefur verið í gljúfri í Sauradal rétt ofan til við byggðina í Súðavík. Um er að 0.75 ha svæði.

### 2.5.4 VERSLUN, ÞJÓNUSTA OG FERÐAÞJÓNUSTA

Matvöruverslun er í Súðavík. Einnig er í Súðavíkurhreppi starfsræktur sparisjóður, útibú pósts og síma, söluskáli, bensínsala og skyndibitastaður.

Þjónusta við ferðamenn er allfjölbreytt og fer vaxandi. Eins og fram hefur komið er verslun í Súðavík. Einnig er rekin þar bensínafgreiðsla og greiðasala í Súðavík, Djúpmannabúð í botni Mjóafjarðar og Reykjanesi.

Í eynni Vigur er starfrækt sérstæð ferðaþjónusta. Þangað eru daglegar bátsferðir ferðahópa yfir sumarmánuðina sem njóta þar náttúrufegurðar og einstaks dýralífs eyjarinnar.

Í Reykjanesi er starfrækt hótel- og veitingaaðstaða.

Í Laugardal eru seld laxveiðileyfi í á og vötnum í dalnum. Einnig eru seld þar silungsveiðileyfi svo og í Hörgshlíð og Svansvík.

Núverandi verslunar-, þjónustu- og ferðaþjónustusvæði.

Þau svæði sem aðalskipulag Súðavíkur 1992-2012 ætlaði fyrir verslun og þjónustu eru öll á snjóflóðahættusvæði. Samkvæmt aðalskipulagsbreytingu sem samþykkt var og staðfest 1995 er gert ráð fyrir um 0.4 ha fyrir blandaða landnotkun, verslun, þjónustu og opinberar stofnanir svo og um 0.2 ha svæði fyrir blandaða landnotkun, íbúðarsvæði og þjónustu með þarfir

aldraðra í huga. Fyrrnefnd svæði eru við Grundarstræti í nýju byggðinni.

Þá er gert ráð fyrir 0.2 ha þjónustusvæði neðan þjóðvegar gegnt nýju byggðinni. Þar hefur björgunarsveitin í Súðavík haft aðstöðu.

Samkvæmt aðalskipulagi Súðavíkur 1992-2012 eru tjaldsvæði í Súðavík í gömlu byggðinni suð-vestan félagsheimilisins u. þ. b. 100 m ofan við Aðalgötu.

Samkvæmt aðalskipulagsbreytingnni 1995 er gert ráð fyrir tjaldsvæði neðan þjóðvegar á Langeyri en sú staðsetning er þó umdeild.

Tjaldsvæði eru við Djúpmannabúð í Mjóafirði og í Reykjanesi.

Ársverk í verslun, skrifstofum, bankastarfsemi og samgöngum voru árið 1988 50,8. Árið 1992 38,6 og 1997 39,9 ársverk.

Sjá nánar skýringarmynd nr. 10 og 11.

## 2.5.5 LANDBÚNAÐUR

Landbúnaður er mikilvæg atvinnugrein í hreppnum. Landbúnaður á þó undir högg að sækja og býlum í hreppnum hefur fækkað. Aðallega er stunduð sauðfjárrækt en nokkuð er um kúabúskap.

Samkvæmt greiðslumarksskrá Framleiðsluráðs landbúnaðarins voru 14 lögbýli í Súðavíkurhreppi með greiðslumark verðlagsárið 1998. Samkvæmt því voru 14 býli í hreppnum með atvinnustarfsemi í landbúnaði sem njóta beingreiðslna. Þar að auki er eitt sauðfjárræktarbýli í hreppnum án greiðslumarks.

Ársverkum í landbúnaði í Súðavíkurhreppi fækkaði úr 48,2 ársverkum árið 1988 í 23.6 árið 1997.

Sjá nánar skýringarmynd nr. 10 og 11.

## 2.5.6 OPINBER ÞJÓNUSTA

### *2.5.6.1 ALMENNT*

Í Súðavík eru fyrir hendi þær opinberu stofnanir sem gera þarf ráð fyrir í þéttbýli af umræddri stærð, heilsugæsla, skrifstofa sveitarfélagsins, starfsemi banka, pósts og síma. Á Ísafirði er Súðavíkurhreppur aðili að rekstri heilsugæslu, framhaldsskóla og skólaskrifstofu. Þar er og starfstöð ýmissa ríkisstofnana.

### *2.5.6.2 SKÓLAR*

Kennsla hófst að Tröð í Súðavíkurhreppi árið 1891 í húsi sem byggt var gagngert fyrir skólahald.Um miðja öldina var reist húsnæði fyrir skólann í landi Eyrardals. Fyrir nokkrum árum síðan var tekinn í notkun íþróttasalur og nýlega var leikskóli byggður við skólahúsið. Skólahúsið stendur nú miðsvæðis í nýju byggðinni í Súðavík og er þar öll nauðsynleg aðstaða grunnskóla ásamt íþróttahúsi, leikskóla og tónlistarskóla.

Í Súðavíkurskóla er starfræktur 1.-10. bekkur grunnskóla ásamt leikskóla og er fjöldi nemenda um 60 og starfsfólk sem nemur 8-10 ársverkum.

Stærð núverandi skólasvæðis í Súðavík er er tæpur hektari.

Í Reykjanesi var til skamms tíma starfræktur barnaskóli og héraðsskóli í sérhæfðum byggingum. Fyrsti hluti skólahússins

var reistur 1934 en var síðan stækkaður mikið. Skólastarf var í Reykjanesi 1934-1996 eða samfellt í 62 ár.

Árið 1996 lagðist skólahald af í Reykjanesi en byggingarnar eru að einhverju leyti notaðar í þágu ferðaþjónustu.

### 2.5.6.3 HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA

Árið 1983 var byggt húsnæði fyrir heilsugæslu á horni Grímsbrekku og Aðalgötu í gömlu byggðinni. Lóðin er ofan hættumatslínu. Læknissetur var um árabil í Súðavík. Læknir frá Ísafirði sér nú um að þjónusta heilsugæsluna. Heilsugæslusel er í Súðavík en í framtíðinni er gert ráð fyrir starfseminni í byggðinni í landi Eyrardals.

Súðavíkurhreppur er rekstraraðili að heilsugæslunni á Ísafirði ásamt Ísafjarðarbæ og Bolungarvíkurkaupstað.

Tannlæknaþjónusta og önnur sérhæfð læknisþjónusta er ekki fyrir hendi í Súðavíkurhreppi.

### 2.5.6.4 LEIKSKÓLI

Leikskóli var tekinn í notkun í Súðavík árið 1986. Að byggingunni stóðu áhugasamtök um byggingu leikskóla með framlagi frá ríki og styrkjum frá atvinnufyrirtækjum á staðnum. Þar var um að ræða heilsdagsvistun. Leikskólinn gjöreyðilagðist í snjóflóðinu í janúar 1995.

Árið 1995 var hafist handa við byggingu leikskóla sem áfastur er við grunnskólann Eyrardalslandi. Þar hefur einnig verið gengið frá leiksvæði. Leikskólinn er að mestu leyti byggður fyrir gjafafé frá Færeyingum, Lyonshreyfingunni og fleirum í framhaldi af snjóflóðunum í janúar 1995.

### 2.5.6.5 SAFNA- OG SÝNINGARSTARFSEMI

Skömmu eftir aldamót voru stofnuð lestrarfélög í Súðavík, Ögursveit og Vatnsfjarðarsveit. Síðar voru lestrarfélögin í Ögursveit og Vatnsfjarðarsveit sameinuð skólabókasafni í Reykjanesi og er safnið starfrækt þar enn í dag. Bókasafnið í Súðavík var árið 1997 flutt í húsnæði Súðavíkurskóla í landi Eyrardals.

Um mitt ár 1999 voru 1785 titlar skráðir í bókasafninu í Reykjanesi og 1635 í safninu í Súðavík. Samanlagður skráður titlafjöldi safnanna var sumarið 1999 rúmlega 3400.

### 2.5.6.6 FÉLAGSHEIMILI, FÉLAGASTARFSEMI

Félagsheimili var reist í Súðavík 1930 og hefur það lengst af verið notað fyrir fundar- og skemmtana. Áform eru um viðbyggingu við húsið. Í tengslum við uppbyggingu nýrrar byggðar kom til greina að flytja félagsheimilið í nýju byggðina en fallið hefur verið frá þeim hugmyndum.

Jafnframt er félagsheimili í Ögursveit sem byggt var um 1930 og stækkað um 1993.

Eftirtalin félög eru starfrækt í Súðavíkurhreppi: Björgunarsveitin Kofri, Kvenfélagið Iðja, Kvenfélagið Sunna í Vatnsfjarðarsveit, Slysavarnardeild Súðavíkurhrepps, Söngkór Súðavíkur, Verkalýðs- og sjómannafélag Álftfirðinga, Ungmannafélagið Geisli. Einnig Búnaðarfélag Reykjafjarðar, Búnaðarfélag Ögurhrepps og Ungmennafélag Ögurhrepps svo og Sauðfjárræktarfélagið Kyndill.

#### 2.5.6.7 *FÉLAGSLEG ÞJÓNUSTA FYRIR ALDRAÐA*

Markmið félagslegrar þjónustu fyrir aldraða er að þeir eigi völ á þeirri þjónustu sem þeir þurfa á að halda. Einnig að þjónustan sé veitt á því þjónustustigi sem eðlilegast er og hagkvæmast miðað við þörf og ástand hins aldraða.

#### 2.5.6.8 *MÁLEFNI FATLAÐRA*

Skrifstofa Svæðisstjórnar Vestfjarða um málefni fatlaðra er á Ísafirði. Verkefni skrifstofunnar er m. a. að stuðla að samræmingu á þjónustu við fatlaða á svæðinu og hafa eftirlit með stofnunum fyrir fatlaða og aðgengimálum þeirra á svæðinu.

#### 2.5.6.9 *KIRKJA, SAFNAÐRHEIMILI, KIRKJUGARÐUR, MINNINGARREITIR*

Öll byggðin við Álftarfjörð átti kirkjusókn að hinum forna kirkjustað Eyri við Seyðisfjörð. Kirkjan að Eyri var byggð árið 1900, kirkjan er bændakirkja. Kirkja var reist í Súðavík árið 1961. Kirkjuhúsið stóð áður á Hesteyri í Jökulfjörðum en var tekið niður og endurbyggt í Súðavík. Þar var áður hálf kirkja og hélst hún fram á 18. öld. Nýlega hefur kirkjan verið stækkuð og endurnýjuð að hluta.

Við kirkjuna sem nú stendur gegnt missvæðinu í nýju byggðinni í Súðavík, er kirkjugarður.

Kirkja er í Ögri sem reist var árið 1859. Þar er og kirkjugarður. Kirkjan í Ögri er sóknarkirkja Ögursóknar en 1. des 1998 voru 26 íbúar í sókninni, kirkjan er bændakirkja

Í Vatnsfirði er kirkja sem reist var 1912. Þar er sérstæður hringlaga kirkjugarður hlaðinn upp með grjóti. Á síðustu árum hafa verið gerðar verulegar lagfæringar á kirkjugarðinum og kirkjan endurnýjuð. Kirkjan er sóknarkirkja Vatnsfjarðarsóknar og í sókninni eru 23 íbúar 1. des 1998.

Vatnsfjörður hefur lengst að verið prestsetur en embætti Vatnsfjarðarprests var lagt niður um áramót 1999 / 2000 þrátt fyrir mótmæli heimamanna.

Minningarreitir.

Áform hafa verið um að reisa minnisvarða um druknaða sjómenn á sérstökum reit við Aðalgötu 18 í Súðavík.

Áform eru um um að gera minningarreit um þá sem fórust í snjóflóðunum 1995 við Túngötu í Súðavík.

### 2.5.7 OPINBER ÞJÓNUSTA

Hreppsskrifstofur Súðavíkurhrepps eru við Grundarstræti í nýju byggðinni í landi Eyrardals. Áhaldahús og slökkvistöð eru við Njarðarbraut í gömlu Súðavík sem er á snjóflóðahættusvæði.

Löggæsla hefur aðsetur á Ísafirði. Þar eru einnig fangageymslur.

Hús Slysavarnafélags Íslands, Ákabúð, stendur neðan þjóðvegar á móts við Eyrardal í nýju byggðinni á rúmlega 2000 $m^2$ lóð. Þar eru rekin Björgunarsveitin Kofri og slysavarnadeild.

Símstöð var opnuð í Súðavík árið 1946 og sjálfvirkur sími var tekinn í notkun árið 1969. Póstafgreiðsla hófst árið 1945 en bréfahirðing hafði verið þar frá árinu 1898. Sjálfvirku

símasambandi var komið á 1969. Nýtt húsnæði var tekið í notkun við Aðalgötu árið 1985.

Símstöðvar voru teknar í notkun í Ögur og Skálavík þegar sími var lagður um Djúpið árið 1911. Starfssemi þeirra var hætt um úr 1980. Þar voru einnig bréfhirðingar sem voru tiltölulega algengar í vestanverðu Djúpi en sennilega voru þær tíu talsins þegar þær voru flestar. Ein þessara bréfhirðinga er enn starfrækt í Vigur frá 1933.

Sjálvirkur sími var tekinn í notkun árið 1985 í núverandi dreyfbýli Súðavíkurhrepp. Fyrirhugað er að flytja símstöðina úr húsinu við Aðalgötu í nýtt samnýtingarhús við Grundarstræti í Súðavík.

Í Súðavík eru endurvarpsstöðvar fyrir sjónvarp og Stöð tvö. Endurvarpsstöð fyrir FM-sendingar útvarps eru á Bæjum á. NMT-samband er á Þverfjalli og Bæjum með speglum frá Vigur. GSM -sendir er í Súðavík og Arnarnesi.

# 2.6 ÍÞRÓTTIR OG ÚTIVIST.

## 2.6.1 ALMENNT

Víða er fagurt landslag við firðina sem ganga suður úr Ísafjarðardjúpi innanverðu. Mikið er um fallegar gönguleiðir og undirlendi er talsvert í fjarðarbotnum. Víða er að finna gönguleiðir um fjörur, fjöll og dali.

Ungmennafélagið Geisli heldur uppi allnokkru íþróttastarfi fyrir börn, unglinga og almenning.

## 2.6.2 ÍÞRÓTTASVÆÐI/ ÍÞRÓTTAHÚS

Íþróttavöllur, 0.8 ha að stærð, er í nýju byggðinni í Eyrardalslandi í Súðavík. Við skipulagsgerð var fallið frá knattspyrnuvelli að löglegri stærð með frjálsíþróttaaðstöðu sem lengi hafði verið til umræðu en þess í stað horft til stórs sparkvallar í góðum tengslum við íbúðarsvæðin í nýju byggðinni. Allt fram til þessa nýttu menn tún til íþróttaiðkunar sunnan grunnskólans í Súðavík.

Sú aðstaða lagðist af við uppbyggingu nýrrar byggðar. Byggt var lítið íþróttahús við Súðavíkurskóla og tekið í notkun 1994.

Í Reykjanesi er sundlaug, leikfimihús og sparkvöllur sem nýttist í tengslum við skólastarf sem þar var rekið frá 1934-1996.

Stutt er í aðstöðu til keppnisíþrótta á Ísafirði sem nágrannahreppar hafa aðgang að.

## 2.6.3 VETRARÍÞRÓTTIR

Náttúrulegar aðstæður eru til iðkunar vetraríþrótta í Súðavíkurhreppi verður að teljast nokkuð góðar. Undirlendi er víða allnokkurt, einkum í fjarðarbotnum og í hreppnum eru víða ágæt aðstaða til skíðagöngu.

Nú hin síðustu ár hefur aðstaðan í Tungudal sem og á Seljalandsdal á Ísafirði verið nýtt af hreppsbúum í ríkari mæli. Aðstaða frá náttúrunnar hendi er til skautaiðkunar á tjörninni á Langeyri.

Akstur snjósleða fer vaxandi enda góðar akstursleiðir innan fjarða og auðvelt að komast upp á Glámuhálendið.

## 2.6.4 HESTAMENNSKA

Hér er átt við hestamennsku sem tómstundaiðju í þéttbýli.

Hesthús í Súðavík hafa allt til þessa verið staðsett á snjóflóðahættusvæði.

Í skipulagi nýrrar byggðar er gert ráð fyrir staðsetningu þeirra á Eyrardalstorfu í góðum tengslum við fallegar leiðir ofan byggðar. Stærð hesthúsasvæðisins er um 0.2 ha.

Á Eyrardalstorfu gerir skipulag ráð fyrir stórum íbúðarhúsalóðum þar sem aðstaða er til skeppnuhalds, þ. m. t. hesthús.

Umhverfis Súðavík hefur verið reist fjárheld girðing en grindarhlið er við aðkomuleiðir í byggðina.

Engir eiginlegir reiðstígar eru inn með fjörðum en gamlar slóðir og þjóðleiðir fyrirfinnast þó víða. Að öðru leyti verða reiðmenn að nota þjóðveginn og aðra akvegi.

## 2.6.5 ALMENNINGSGARÐAR/ OPIN SVÆÐI Í ÞÉTTBÝLI

Gert er ráð fyrir nokkrum opnum svæðum fyrir almenning í Súðavík í skipulagi nýju byggðarinnar í Eyrardalslandi. Nefna má Arnarhól skammt vestan miðsvæðisins svo og minni opin svæði inni í byggðinni.

Fyrirhugað er að ganga frá minningarreit fyrir drukknaða sjómenn upp af höfninni utan félagsheimilisins. Jafnframt er áætlað að að gera minningarreit á flóðasvæðinu til minningar um þá sem fórust í snjóflóðunum 1995 sbr kafla 2.5.6 hér að framan.

## 2.6.6 SKÓGRÆKT

Gerð hefur verið áætlun um skógrækt innan og ofan byggðar í Eyrardalslandi. Ræktunin hefur m. a. þann tilgang að skýla fyrir veðri, vindum og snjó jafnt á sumri sem vetri.

Ofan Túngötu og Nesvegar er um 7.0 ha skógræktarsvæði þar sem plantað hefur verið trjám í nokkur ár. Skógræktarfélag Ísafjarðar hefur leyfi til þess að planta á svæðinu. Jafnframt hafa landeigendur komið þar upp trjáræktarreit.

Á Galtarhrygg í Mjóafirði hafa landeigendur um nokkurt skeið unnið að skógrækt og á Keldu í Mjóafirði hefur verið trjárækt um nokkurra ára skeið.

Nokkur áhugi er meðal landeienda á ræktun skóga og mun vera áhugi á ræktun skjólskóga.

## 2.6.7 SJÓSTANGAVEIÐI, SIGLINGAR

Smábátaeign hreppsbúa, einkum Súðvíkinga, hefur aukist nokkuð á síðari árum og siglingar og sjóstangaveiði orðnar þáttur í útivistarlífi Súðvíkinga.

Í höfninni í Súðavík er flotbryggja fyrir smábáta.

Rækjubátar sem notaðir eru til veiða á innfjarðarækju á veturna henta til frístundasiglinga og sjóstangaveiði á sumrin.

Úrelding smábáta hefur gert það að verkum að fleiri smábátar hafa verið teknir úr notkun í atvinnuskyni sem gætu nýst til frístundasiglinga og sjóstangaveiði.

## 2.7 EIGNARHALD Á LANDI

Eignarhald á landi í Súðavíkurhreppi er blandað. 15 lögbýli eru í eigu bænda. Eitt lögbýli er í eigu ríkisins (ríkisjörð).

Mest af landi í og við Súðavík er í eigu hreppsins. Þó eru eftir einstaka landskikar í gömlu byggðinni í eigu einstaklinga. Það stendur ekki í vegi fyrir skipulagi eða byggingaframkvæmdum á skipulagstímabilinu enda uppbygging alfarið færst í land Eyrardals innar í firðinum.

Súðavíkurhreppur keypti Eyrardal árið 1993 og á því svæði verður framtíðarbyggingaland Súðavíkur.

Ísafjarðarbær keypti Reykjanes skömmu eftir aldamót.

Ísafjarðarbær á Seljaland í botni Álftafjarðar.

## 2.8 ÁÆTLANIR OG STEFNUMÖRKUN OPINBERRA AÐILA

### 2.8.1 SVÆÐISSKIPULAG

1. janúar 1995 sameinuðust þáverandi Súðavíkurhreppur, Reykjafjarðarhreppur og Ögurhreppur í eitt sveitarfélag.

Aðalskipulagið sem hér um ræðir tekur eins og fram hefur komið til alls Súðavíkurhrepps.

Skipulagssvæðið afmarkast af Götu í norðri, Ísafjarðará í suðri. Að öðru leyti vísast til kafla 2.2.2 hér að framan um afmörkun sveitarfélagsins.

Súðavíkurhreppur vinnur fyrstur hreppa á Vestfjörðum að skipulagsgerð alls sveitarfélagsins. Svæðisskipulagsgerð á norðanverðum Vestfjörðum er ekki á dagskrá.

### 2.8.2 FRIÐUN HÚSA, VERNDUN NÁTTÚRUMINJA, ÞJÓÐMINJA OG ANNARRA AUÐLINDA.

<u>FRIÐUN HÚSA OG ANNARRA MANNVIRKJA</u>

<u>Almennt</u>

Lög um húsafriðun nr. 104/2001 kveða á um friðun húsa og annarra mannvirkja og skipulag húsafriðunar. Í II kafla, 4. grein segir:

"*Friða má mannvirki, hús eða húshluta, sem hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi. Friðun getur náð til nánasta umhverfis hins friðaða mannvirkis. Friða má samstæður húsa sem hafa slikt gildi sem að framan greinir og gilda þá reglur friðunar um hvert einstakt þeirra. Tilgangur friðunarinnar er að tryggja sem besta varðveislu friðaða mannvirkisins.*"

Í 6. grein segir m. a.: "*Öll hús sem reist eru fyrir 1850 skulu vera friðuð, svo og allar kirkjur reistar fyrir 1918. Skylt er eigendum húsa sem reist eru fyrir árið 1918 að tilkynna minjavörðum og húsfriðunarnefnd ríkisins með góðum fyrirvara ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa.*".

Íbúðarhúsið í Eyrardal er talið vera byggt fyrir árið 1850 og skal því vera friðað.

| Staður | tegund | Bygg. efni | Bygg.ár |
|---|---|---|---|
| Eyrardalur | gamalt bæjarhús | timbur | 1849 |
| Vigur | vindmylla | timbur | 1850 |
| Ögur | kirkja | timbur | 1859 |
| Vigur | Viktoríuhús | timbur | 1862 |
| Vigur | bæjarhús | timbur | 1882-1890 |
| Ögur | gamalt bæjarhús | timbur | 1885 |
| Litli-bær í Skötufirði | gamalt bæjarhús | hlaðið | 1894 |
| Eyri | kirkja | timbur | 1900 |
| Kálfavík í Skötufirði | gamalt bæjarhús | hlaðið | 1909 |
| Vatnsfjörður | kirkja | steypt | 1912 |
| Hestur | gamalt bæjarhús | timbur | 1912 |
| Aðalgata 32 Tröð | gamalt bæjarhús | steypt | 1912 |
| Fjarðarhorn | sumarhús. | timbur | 1918 |
| Fagrabrekka (Hefur verið flutt að Víkurgötu 5) | íbúðarhús | st /timbur | 1928 |
| Aðalgata 58 | íbúðarhús | st /timbur | 1929 |

***Mynd 12, elstu hús í Súðavíkurhreppi***

Kirkjan í Ögri fellur undir ákvæði laga um húsafriðun. Hún er byggð árið 1859 og skal því vera friðuð.

Kirkjan á Eyri í Seyðisfirði fellur undir ákvæði laga um húsafriðun. Hún er byggð árið 1900 og skal því vera friðuð. Kirkjan er í endurbyggingu undir handleiðslu Húsfriðunarnefndar ríkisins

Kirkjan í Vatnsfirði fellur undir ákvæði laga um húsafriðun. Hún er byggð árið 1912 og skal því vera friðuð. Kirkjan hefur verið lagfærð undir handleiðslu Húsfriðunarnefndar ríkisins.

Vindmyllan í Vigur er friðuð.

Viktoríuhúsið í Vigur er friðað.

Gamalt bæjarhús í Ögri er friðað.

Litli-bær í Skötufirði, gamalt bæjarhús, er friðað.

Elstu hús í Súðavíkurhreppi eru tilgreind í töflu XX.

## FORNLEIFAR

### Almennt

Í IV. kafla þjóðminjalaga nr. 107/2001 er kveðið á um fornleifar en til þeirra teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á. Í 11. grein segir m. a: (tilvitnun hefst) "*Fornleifavernd ríkisins lætur, eftir föngum, skrá allar þekktar fornleifar og gefur út skrá um friðlýstar fornleifar og skal hún endurskoðuð á þriggja ára fresti. Fornleifavernd ríkisins lætur skrár þessar í té Þjóðminjasafni Íslands.*

*Skylt er að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.*

*Fornleifanefnd ríkisins ákveður hvaða fornleifar skulu friðlýstar. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar. Friðlýsa má samfelld svæði, minjasvæði, þar sem*

*fleiri en einn minjastaður telst hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Friðlýsingu fornleifa skal birta í Stjórnartíðindum og staðurinn og ytri mörk hans tilgreind svo nákvæmlega sem unnt er á korti eða á annan hátt. Fornleifavernd ríkisins skal sjá til þess að fornleifar eða minjasvæði séu merkt með sérstökum merkjum. Tilkynna skal landeiganda og ábúanda með sannanlegum hætti um friðlýsinguna.* (tilvitnun lýkur)

Samkvæmt þjóðminjalögum njóta allar fornleifar 100 ára og eldri friðhelgi, óháð sérstakri friðlýsingu. Með öllu er óleyfilegt að hagga við þeim á nokkurn hátt án sérstaks leyfis, sbr. 10. grein en þar segir: (tilvitnun hefst) „*Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi fornleifanefndar komi til*”. (tilvitnun lýkur)

Engin forminjaskráning hefur farið fram á skipulagssvæðinu.

Því er hér sérstaklega fjallað um ákvæði þjóðminjalaga sem varða umgengni við fornleifar. Auk 10. greinar er vakin athygli á greinum nr. 12, 13 og nr. 14 en þar kemur fram hvernig brugðist skuli við ef fornleifar eru í hættu eða ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós:

Eftirtaldar fornleifar í Súðavíkurhreppi eru friðlýstar samkvæmt þjóðminjalögum:

Heydalur

1. - 2. Tvennar tóftaleyfar þar sem bærinn hefur verið áður, einar fyrir innan Heydalsgil og aðrar yngri, í túninu inn frá bænum. 3. -7. Tóftarústir þar sem verið hafa bæirnir Bakkakot, Kirkjuból, Laugarbær, Galtarhryggur og Brennistaðir, frammi á Heydal. Sbr. Jarðabók VII: 210.

Skjal undirritað af MÞ 15. 04. 1929. Þinglýst 27. 06. 1929.

Vatnsfjörður

I) Grettisvarða, svo nefnd, á Grettishjalla. Skjal undirritað af MÞ 15. 04. 1929.

Þinglýst 27. 06. 1929.

II)Hjallur; tekinn á fornleifaskrá með bréfi menntamálaráðuneytisins 30. 08. 1976 og aftur 17. 11. s. á. Ekki þinglýst.

ANNAÐ

Auk þess er mikill fjöldi fornleifa í hreppnum sem vert er að gefa gaum og varðveita. Það gefur auga leið að við Djúp leynast margar minjar merkilegrar atvinnu- og byggðasögu. Hér er engan veginn um tæmandi upptalningu að ræða en aðeins nokkur dæmi:

- Sérkennilegar grjóthleðslur við Hvítanes í minni Skötufjarðar.
- Sérkennilegar grjóthleðslur framan við Litlabæ við Skötufjörð.
- Sérkennilegar grjóthleðslur í Ögri.
- Rústir gamalla sjóbúða við ströndina við Strandsel og víðar á því svæði.
- Sérkennilegir hlaðnir garðar í Vigur frá því um 1800.
- Gamalt aðhald, nátthagi í Vigur.

- Fjós á Kleifum í Seyðisfirði.

Síðast en ekki síst teljast búsetuminjar s. s. bæjarstæði og bæjarhólar, með verðmætustu fornleifastöðum enda geyma slíkir staðir mestar upplýsingar þótt þess sjáist ekki alltaf merki á yfirborði.

<u>NÁTTÚRUVERND</u>

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps fer með náttúruverndarmál á skipulagssvæðinu.

Í 37. gr. laga um náttúruvernd sbr. lög nr. 140/2001 um breytingu á lögum um náttúruvernd eru taldar upp ákveðnar jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Þessi svæði eru:

a. eldvörp, gervigígjar og eldhraun,

b. stöðuvötn og tjarnir, 1000 $m^2$ að stærð eða stærri,

c. mýrar, flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri,

d. fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúðurbreiður, 100 $m^2$ að stærð eða stærri,

e. sjávarfitjar eða leirur.

Að beiðni skipulagshöfunda setti Náttúrustofa Vestfjarða í júní 2000 fram eftirfarandi greinargerð um fyrrnefndar landslagsgerðir í Súðavíkurhreppi:

*Vegna vinnu við Aðalskipulag Súðavíkurhrepps, tók Náttúrustofa Vestfjarða að sér að kanna landslagsgerðir í sveitarfélaginu sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. Náttúruverndarlaga.*

*Heimildir voru kannaðar og farið var um svæðið, rætt við íbúa og gengið á sjónarhóla og að laugum þar sem ástæða þótti til. Niðurstaðan er sýnd á meðfylgjandi korti, en þó með ýmsum takmörkunum:*

*a. Í lögunum er getið um stöðuvötn og tjarnir 1000 $m^2$ eða stærri. Í Súðavíkurhreppi er urmull slíkra vatna og tjarna sérstaklega á fjöllum uppi. Fæst þeirra hafa einhver nöfn og mörg þeirra eru auk þess breytileg frá einum árstíma til annars. Því var sú leið farin að hafa samband við Orkubú Vestfjarða sem hefur stundað rannsóknir á svæðinu um árabil. Orkustofnun er bara með gögn um hluta svæðisins. Það kom í ljós ósamræmi á milli korta í mælikvarðanum 1:10000, korta í mælikvarða 1:50000 gefin út af ameríska hernum og loftmynda. Á loftmyndum sést að vatnsmagn er í vötnunum er mjög breytilegt og sum vötn hverfa stundum alveg. Endurskoðun með tilliti til loftmynda yrði mjög kostnaðarsöm.*

*b. Mýrar og flóar, 3 ha eða stærri. Ekki er lengur mikið um slíkt á láglendi vegna framræslu og vegna þess að dalbotnar eru víðast hvar myndaðir af malarframburði frá jöklum og ám. Studst var við kort Náttúrufræðistofnunar sem gert var vegna skipulagsvinnu fyrir landshlutabundið skógræktarverkefni á Vestfjörðum (september 1999). Kortlagning hálendis er mjög kostnaðarsöm og tímafrek og var ekki farið út í slíkt, en gera má ráð fyrir að votlendi liggi oft að vötnum og tjörnum á fjöllum uppi.*

*c. Vegna legu lands og fjölda fallvatna eru fossar víða. Ekki þótti ástæða til þess að kortleggja einhverja þeirra sérstaklega enda mun landslag koma í veg fyrir að þeim verði spillt, nema helst með því að veita vatni frá þeim í*

*virkjanir. Þær framkvæmdir munu þurfa að fara í sérstakt mat.*

d. *Heitar uppsprettur voru kortlagðar í samvinnu við íbúa á svæðinu, auk þess var stuðst við nákvæma úttekt Jón Benjamínssonar (Jarðhiti í Ísafjarðarsýslum og Árneshreppi fyrir norðan Dranga, Orkustofnun OS79028/JHD12, Reykjavík, júlí 1979).*

e. *Leirur í Ísafjarðardjúpi hafa verið skoðaðar en flatarmál þeirra ekki verið kortlagt nákvæmlega. Agnar Ingólfsson skoðaði leirur 1984 (Athuganir á fjörum Skutulsfjarðar og annarra fjarða við Ísafjarðardjúp. Skýrsla til Ísafjarðarkaupstaðar) og starfsmenn Náttúrustofu Vestfjarða hafa skoðað leirur í Mjóafirði og Ísafirði í tengslum við vegagerð.*

Vísað er til skýringarmyndar nr. 12 á bls. 41.

Í Súðavíkurhreppi eru engin friðlýst svæði, náttúruvætti, friðlönd, þjóðgarðar eða fólkvangar.

Hugmyndir hafa komið fram um að gera jörðina Seljaland í botni Álftafjarðar að hverfisverndarsvæði sem síðar gæti þróast í fólkvang.

Hverfisverndarsvæði

Um hverfisverndarsvæði gilda sérstök ákvæði í skipulagsáætlunum sem sveitarstjórnir hafa sett og kveða á um verndun sérkenna eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja s. s. einstakra bygginga, mannvirkja eða húsaþyrpinga, náttúruminja eða trjágróðurs sem æskilegt er talið að vernda vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að




SÚÐAVÍKURHREPPUR
LANDLAGSGERÐIR SEM NJÓTA SÉRSTAKRAR VERNDAR SKV. 37. GR. NÁTTÚRUVERNDARLAGA

● HEITT VATN
○ LEIRUR
▭ MÝRAR

UPPLÝSINGAR FRÁ NÁTTÚRUSTOFU VESTFJARÐA

MYND 13



TEIKNISTOFA ARKITEKTA
GYLFI GUÐJÓNSSON OG SIGURÐUR J JÓHANNSSON
arkitektar faí.

um lögformlega friðun sé að ræða, sbr. skipulagsreglugerð kafli 4.2.

Fólkvangur

Fólkvangar (3. gr. Náttúruverndarlaga) eru stofnaðir að frumkvæði sveitarfélaga sem hafa einnig rekstur þeirra með höndum. Tilgangur með fólkvöngum er að tryggja almenningi aðgang að svæðum til þess að njóta útivistar.

Náttúruminjar

Í Súðavíkurhreppi eru nokkur víðáttumikil svæði á Náttúruminjaskrá Náttúruverndarráðs sem “aðrar náttúruminjar” sem taka þarf tillit til við skipulagsgerð.

Náttúruminjar eru svæði eða staðir sem enn hafa ekki verið friðlýst en hafa eitthvað það til að bera sem þjóðinni er mikils virði að eiga og vart eða ekki verður bætt, sé því raskað. Náttúruminjaskrá er m. a. ætlað að marka stefnu í friðlýsingamálum og undirbúa jarðveginn fyrir viðræður við rétthafa um þau efni.

Það er mikilvægt fyrir þá sem leggja á ráðin og taka ákvarðanir um ný mannvirki og hvers konar breytingar á landi, að vita hvar síst má raska náttúrunni. Um leið er skránni ætlað að vera leiðarvísir varðandi skipulag og notkun lands.

Hér er m. a. átt við ákjósanleg svæði til að njóta í frístundum, tilkomumikil og fögur, t. d. vegna óvenjulegrar fjölbreytni í landslagi og litafari. Ekki er síður um að ræða þá staði sem geyma vitnisburð um myndun og mótun lands og sjaldgæf tilbrigði við náttúrufar þess.

Samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 um náttúruvernd eru náttúruminjar skilgreindar á eftirfarandi hátt:

a. Náttúruverndarsvæði

b. Lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi sem eru á náttúruminjaskrá, sbr. 67. gr. laganna.

Náttúruverndarsvæði eru skilgreind sem:

a. Friðlýst svæði, þ. e. þjóðgarðar, friðlönd, fólkvangar og náttúruvætti.

b. Önnur svæði og náttúrumyndanir sem eru á náttúruminjaskrá, sbr. 67. gr.

c. Afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags.

Á náttúruminjaskrá eru upplýsingar um stærð (1) og náttúruverndargildi (2) hvers svæðis um sig.

Náttúruminjar í Súðavíkurhreppi samkvæmt Náttúruminjaskrá (7. útgáfu, 1996) eru eftirtaldar:

313 Lambadalsfjall, Botn í Dýrafirði og Hestfjarðarbrúnir við Hestfjörð

Mýrarhreppi, Þingeyrarhreppi, Súðavíkurhreppi, V- og N-Ísafjarðarsýslu.

(l) Mörk að sunnan frá Bæjará fylgja hreppamörkum um fjallið Snjófríð. Þaðan liggja austurmörk eftir hreppamörkum í botn Hestfjarðar, þá eftir ströndinni í Vatnsdalsá í botni Seyðisfjarðar. Í Hestfirði fylgja mörk 300 m hæðarlínu að Lambagilsá, þaðan í Lambadalsskarð eftir Lambadalsá í Lambadalsodda. (2) Stórbrotið land, jökulhvilftir og

árgljúfur. Fjölskrúðugur gróður, kjarr- og skóglendi. Söguminjar í Dýrafirði.

319 Mjóifjörður

Súðavíkurhreppi (áður Reykjafjarðarhr.) N-Ísafjarðarsýslu.

(1) Vestanverður Mjóifjörður, Heydalur, Gljúfradalur, Seljadalur og Látur ásamt aðliggjandi fjalllendi. Suðurmörk liggja um Botnsfjall, Grímshól og í hreppamörk vestan Djúpavatns. Þaðan um fyrrverandi hreppamörk Reykjafjarðarhrepps allt norður að Digranesi. (2) Fjölbreytt landslag, fagurt og gróskumikið kjarrlendi.

320 Botn Ísafjarðar

Súðavíkurhreppi (áður Reykjafjarðarhr.), N- Ísafjarðarsýslu.

(1) Dalbotninn vestan hreppamarka upp að efstu klettabrúnum frá Hestkleif suður á móts við Torfadal. (2) Sérstætt gróðurfar.

321 Reykjanes við Ísafjörð

Súðavíkurhreppi (áður Reykjafjarðarhr.), N-Ísafjarðarsýslu.

(1) Allt nesið norðan Rauðagarðs. (2) Eitt mesta hverasvæði á Vestfjörðum. Sérkennilegar sjávarrofsmyndanir, sérstætt gróðurfar og fjölskrúðugt fuglalíf.

322 Vatnsfjarðarnes

Súðavíkurhreppi (áður Reykjafjarðarhr.), N-Ísafjarðarsýslu.

(1) Vatnsfjarðarnes allt og fjörur norðan botns Vatnsfjarðar og Saltvíkur í Mjóafirði. Tilheyrir landi Vatnsfjarðar og Skálavíkur. (2) Fagurt og fjölbreytt land, sérstæðar sjávarrofsmyndanir.

341 Borgarey í Ísafjarðardjúpi

Súðavíkurhreppi, N-Ísafjarðarsýslu.

(1) Borgarey öll ásamt hólma norðan við eyna. (2) Grösug eyja með fjölskrúðugu fuglalífi.

## 2.8.3 VATNSVERNDARSVÆÐI OG VATNSBÓLAVERND.

Skilgreiningar (Jón Reynir Sigurvinsson jarðverkfræðingur lagði til texta )

Vatnsverndarsvæði eru afmörkuð svæði á vatnasviði vatnsbóla þar sem vatnsvernd hefur verið komið á.

Vatnsverndun: Ákvörðun á varðveislu og viðhaldi vatnsgæða, svo og aðgerðir sem hindra vatnsþurrð og koma í veg fyrir spillingu vatns. Með þessu er verið að vernda á viðeigandi hátt svokallað nytjavatn, en með því er fyrst og fremst átt við neysluvatn en þá er átt við vatn, í upphaflegu ástandi eða eftir meðhöndlun, sem notað er til drykkjar, við matargerð og í matvælafyrirtækjum. Vatnsból er náttúruleg uppspretta eða mannvirki, þar sem vatn er tekið. Að öðru leyti er vísað til reglugerðar um neysluvatn nr. 536/2001, reglugerðar um varnir gegn mengun vatns nr.796/1999 reglugerðar um varnir gegn mengun grunnvatns nr.797/1999 og reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Til að tryggja þessa vatnsvernd eru skilgreindir í reglugerðum þrír vatnsverndarflokkar:

I. flokkur: Brunnsvæði.

II. flokkur: Grannsvæði.

III. flokkur: Fjarsvæði.

Tveir fyrstu flokkarnir eru jafnan þeir mikilvægustu, en í skipulagsvinnu þykir stundum hentugt að skipta grannsvæðum og fjarsvæðum upp eftir því hvort vatnsverndin er ríkjandi (varanleg) eða víkjandi (tímabundin). Víkjandi vatnsvernd er sett þar sem vatnstaka þarf ekki endilega að hafa forgang t.d. vegna landþarfar undir byggð, eða hægt er að fá mikið og gott neysluvatn annars staðar.

Við afmörkun vatnsverndarsvæða verður að taka tillit til ýmissa atriða. Má þar nefna vatnafræðilega legu þeirra, hve mikilvæg vatnsbólin eru og gegn hvers konar mengun er verið að verja þau. Afmörkun verndarsvæðanna getur reynst snúin ef þekking á aðrennslissvæðinu og skaðvöldum er takmörkuð. Það hefur því reynst hentugast að draga í upphafi mörk verndarsvæðann nokkuð rúmt. Friðun má aflétta af vatnsverndarsvæði ef rannsókn leiðir í ljós að hennar er ekki þörf eða ef aðrir hagsmunir varðandi landnýtingu þeirra eru taldir þýðingarmeiri, þannig að verjandi sé að fórna vatnsöflunarmöguleikum.

Um vatnsverndarflokka er nánar fjallað í reglugerð um flokkun verndarsvæða vatns nr. 533/2001 um breytingu á reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

*I. flokkur. Brunnsvæði.*

Brunnsvæði er næsta nágrenni vatnsbólsins skal það vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heulbrigðisnefnd getur, þar sem þörf krefur, krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli.

*II. flokkur. Grannsvæði.*

Utan við brunnsvæði skal ákvarða grannsvæði vatnsbólsins og við ákvörðun stærðar þess og lögunar, skal taka tillit til jarðvegsþekju svæðisins og grunnvatnsstrauma sem stefna að vatnsbólinu. Á þessu svæði er ekki heimilt að hafa birgðir af eftirtöldum efnum: olíu, bensíni eða skyldum efnum, vegsalti, eiturefnum til útrýmingar á skordýrum eða gróðri, áburði (tilbúnum eða af öðrum toga), né öðrum efnum sem mengað geta grunnvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og yfirleitt öll starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.

*III. flokkur. Fjarsvæði.*

Fjarsvæði er á vatnasvæði vatnsbólsins, en liggur utan þess lands sem telst til I. og II. flokks verndarsvæðanna. Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi á þessu svæði, skal fyllstu varúðar gætt í meðferð efna, sem talin eru upp í II. Flokki. Meiriháttar geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli um takmörkun á umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja þar.

### 2.8.3.1 NÚVERANDI VATNSBÓL SÚÐAVÍKUR

Neysluvatns Súðavíkur er fengið úr uppistöðulóni sem gert hefur verið í um 100 m hæð í Eyrardalsá.

Áin er dragá og er afrennsli af öllu yfirborðs- og lindarvatni Sauradals. Dragár eru mjög algengar í tertíerum berggrunni Vestfjarða þar sem jarðlög eru þétt og gegndræpi lítið. Þær einkennast af miklum sveiflum í vatnsrennsli þar sem vatnið er að mestu leyti yfirborðsvatn. Mælingar á rennslissveiflum Eyrardalsár voru gerðar á tímabilinu 1952-1954 af Kjartani Jónssyni. Sveiflur í ánni eru miklar eða frá 85 l/sek. eftir rúmlega hálfs mánaðar frosthörkur og þurrviðri upp í 4500 l/sek í miklum leysingum að vorlagi.

Notkun á vatni úr dragám til neyslu hefur þá ókosti að það vill mengast af jarðvegi og lifandi verum og verður mórautt af gruggi á flóðum.

### 2.8.3.2 LEIT AÐ NEYSLUVATNI

Í september 1972 gerði Orkustofnun (Hjalti Franzson) kerfisbundna leit að köldu vatni fyrir Súðavíkurkauptún að beiðni sveitarstjórnar. Leitarsvæðið náði yfir Sauradal og Dvergasteinsdal, þá tvo dali sem næst liggja kauptúninu. Ráðlegt þótti að fullrannsaka útbreiðslu og stærð linda á þessu svæði áður en aðrar leiðir til vatnsöflunar væru athugaðar. Leitin bar ekki þann árangur sem vænst hafði verið þar sem lindarsvæðin voru fá og dreifð. Eftir leitina var ekki hægt að fullyrða hvort heppilegt væri fyrir Súðavíkurkauptún að nýta þær lindir sem fundust.

Í júní 1997 var Vigdísi Harðardóttir og Þórólfi Hafstað falið að endurmeta staðsetningu núverandi mannvirkis til nýtingar neysluvatns fyrir Súðavík og hvort hugsanlega mætti bora á svæðinu eða finna önnur nýtanleg vatnssvæði fjær bænum.

Niðurstöður athugunarinnar voru þessar:

Vatnsnotkun í Súðavík er miklum sveiflum háð og verður ekki komist hjá að gera ráð fyrir miðlunartanki til að jafna þær.

Möguleikar á úrbótum í vatnsmálum Súðavíkur eru a. m. k. þrír:

1) Áframhaldandi nýting vatns úr Eyrardalsá með geislun og síun. Núverandi mannvirki (stífla og aðveituæð) nýtast að nokkru en umbúnaður þarf að vera mjög góður ef alltaf á að fást gallalaust vatn.

2) Til viðbótar nýtingu Eyrardalsár er unnt að virkja lindirnar yst í Sauradalnum með brunnum. Hugsanlega mætti einnig nýta lindina í Traðargili.

3) Nýting eyranna innst í Álftarfirði þ. e. við lækinn úr Valagili og ána innst í Seljalandsdalnum sem við teljum besta kost ef miða á við mesta, stöðugasta og hreinasta vatnið. Þar þarf hvorki síunarbúnað, geislun né stíflu. Gallarnir eru hins vegar þeir að um dælingu yrði að ræða í langri leiðslu til bæjarins.

Haustið 1997 tók sveitarstjórn ákvörðun um að láta kanna með tilraunaborunum hvort mögulegt væri að virkja neysluvatn úr borholum. Niðurstöður tilraunanna sem fram fóru undir stjórn Þórólfs Hafstað jarðfræðings á Orkustofnun gáfu sveitarstjórn ástæður til að ætla að nægjanlegt neysluvatn væri til staðar í jarðlögum í grennd við byggðina í Súðavík.

Á fundi hreppsnefndar 8. september 1998 var tekin ákvörðun um að bora vinnsluholur til neysluvatnsöflunar fyrir kauptúnið.

Nú er unnið að því að virkja og tengja þessar nýju vinnsluholur aðveitu þorpsins.

#### 2.8.3.3 *VATNSVERNDARSVÆÐI VATNSBÓLA SÚÐAVÍKUR*

(Jón Reynir Sigurvinnsson jarðverkfræðingur lagði til texta)

Skilgreining á vatnsverndarsvæðum fyrir Súðavík hefur verið í vinnslu og skýrslu skilað til Heilbrigðisfulltrúa Vestfjarða í janúar 2000 en á grundvelli hennar mun Heilbrigðisnefnd Vestfjarða skila tillögum til sveitarstjórnar Súðavíkur.

Gert er ráð fyrir að vatnsverndarsvæðið nái yfir allan Sauradalinn og hann skilgreindur sem grannsvæði en fjarsvæðið muni síðan teygja sig upp í hálendið að vatnaskilum milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar. Brunnsvæðið afmarkast frá vatnsbólinu og ánni í Sauradal og umhverfis borholur ofan þorpsins. Gert er ráð fyrir að grannsvæðið verði girt af með léttri rafmagnsgirðingu.

Ekki er talin brýn þörf á að afmarka vatnsverndarsvæði inn í botni Álftafjarðar og upp á Álftafjarðarheiði en er þó æskilegt sökum óvenju mikilla linda á þessu svæði. Sú ákvörðun er í raun í höndum sveitarsstjórnar.

Þá þarf að afmarka verndarsvæði vatnsbóls í Reykjafirði sem nýtt er fyrir hótelrekstur í Reykjanesi.

Í dreifbýli hreppsins að öðru leyti eru einkaveitur, óháðar heilbrigðiseftirliti.

## 2.9 ÞJÓNUSTUKERFI

### 2.9.1 VEGA- OG GATNAKERFI

#### 2.9.1.1 *ALMENNT*

Vogskorin strönd og miklar vegalengdir eftir strandlengjunni gera allar vegaframkvæmdir erfiðar og kostnaðarsamar. Fara verður með ströndinni sem krefst lengra vegakerfis. Bættar samgöngur á umliðnum árum hafa gjörbreytt aðstæðum á svæðinu. Tilkoma jarðgangnanna undir Botns- og Breiðadalsheiði er mikil samgöngubót og mikilvæg forsenda þess að sveitarfélög á norðanverðum Vestfjörðum verði eitt atvinnusvæði.

Umferð Vestfirðinga landleiðina til Reykjavíkur er í dag raunhæfur kostur allt árið um kring. Vöruflutningar hafa í auknum mæli færst frá sjóflutningum yfir á landflutninga.

Samgöngur í lofti og á sjó eru enn mikilvægar.

#### 2.9.1.2 *SAMGÖNGUR Á LANDI/UMFERÐ*

Sérleyfisferðir eru á milli Hólmavíkur og Ísafjarðar í tengslum við áætlunarferðir á milli Hólmavíkur og Reykjavíkur.

Um 20 km. eru á milli Súðavíkur og Ísafjarðar. Bundið slitlag er á þeirri leið. Vegagerðin sér um þjónustu á veginum allan ársins hring.

Stöðugt er verið að endurbæta Djúpveg nr 61 í Súðavíkurhreppi. Meðal þess er athugun á hagstæðari veglegu og styttingu vegalengda á þessari leið.

Vegagerðin á Ísafirði skilaði 1997 skýrslu um forathugun á leiðarvali um Ísafjörð, Vatnsfjörð, Eyrarfjall og Mjóafjörð í Ísafjarðardjúpi. Þar er mælt með nýrri leið yfir Mjóafjörð við Hrútey hjá Skálavík yfir í Vatnsfjörð. Kostnaðarathuganir benda til að sú leið sé hagkvæmari og út frá almennum forsendum er hún betri og öruggari.

Uppbygging vegar um Ísafjarðardjúp fer fram samkvæmt samþykktri áætlun Vegagerðarinnar til á næstu 8 ára.

Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps hefur samþykkt að leita allra leiða til að flýtifjármagna framkvæmdir við Djúpveg og stytta framkvæmdatímann.

1999 lét Vegagerðin fara fram úttekt um öryggismál á Súðavíkur- og Kirkjubólshlíð ásamt tillögum um úrbætur. Þar eru lagðar til vegabætur og lagfæringar í öryggismálum á fyrrnefndu svæði. Hreppsnefnd hefur fjallað um úrbæturnar og telur þær ófullnægjandi.

Á undanförnum árum hafa komið fram hugmyndir um breytingu á legu þjóðvegarins yfir Reykjafjörð við vestanverðan Ísafjörð. Þær hugmyndir miðast við að framtíðarlega þjóðvegarins verði um Reykjanes og fari þaðan á brú yfir Reykjafjörð. Þannig gæti Reykjanes orðið ákjósanlegur áningarstaður ferðamanna um Djúp. Í Reykjanesi eru til staðar mikil mannvirki sem ásamt jarðhita og mikilli náttúrufegurð gefur mikla möguleika í ferðaþjónustu í Súðavíkurhreppi.

### 2.9.1.3 DJÚPVEGUR NR. 61, ÁSTAND OG HORFUR

*(Úr samantekt Gísla Eiríkssonar Vegagerðinni Ísafirði vegna aðalskipulags.)*

Ísafjörður-Súðavík.

Vegurinn er fullbyggður. Á þessum vegarkafla er meira um snjóflóð en á nokkrum öðrum aðalvegi á landinu. Minni háttar endurbætur á vegarkaflanum eru á döfinni.

Súðavík-Hestfjörður.

Komið er einbreitt slitlag á vegarkaflann. Vegurinn er frekar snjóþungur og snjóflóð eru tíð á Sjötúnahlíð í Álftafirði. Vegagerðin hefur ekki hugmyndir um endurbætur eða breytingar á vegarkaflanum.

Hestfjörður- Gilseyri í Skötufirði.

Vegarkaflinn var lagður á árunum 1970 til 1976 og þar með opnaðist leiðin um Djúp árið 1975 en þá var byggð brú á Hestfjarðará. Hestfjörður og Skötufjörður að vestanverðu eru snjóléttir og þarf aðeins að styrkja vegarkaflann fyrir slitlag. Kaflinn úr botni Skötufjarðar út að Gilseyri er snjóþungur, einkum innan til. Þar er aðalfarartálminn á leiðinni frá Steingrímsfjarðarheiði til Ísafjarðar. Mögulegt væri að flytja veginn að sjó a. m. k. innst. Sú framkvæmd hefur þó hvorki verið skoðuð né metin.

Gilseyri- Látur.

1997 til 1999 var lagt bundið slitlag á 27 km kafla frá Gilseyri að Digranesi. Áætlað er að leggja slitlag að Látrum 2000.

Látur- Ísafjarðarbotn, vegamót.

Hér er um að ræða tvo kosti, þ. e. núverandi veg yfir Eyrarfjall eða hvort fara eigi yfir Mjóafjörð. Að sumarlagi eru leiðirnar viðlíka langar. Vetrarleiðin er mun betri yfir Mjóafjörð hvernig sem á það er litið. Málið er í athugun hjá Vegagerðinni.

### 2.9.1.4 UMFERÐARTALNINGAR

Gerðar hafa verið umferðartalningar á Djúpvegi báðum megin Súðavíkur. Þar kemur fram þróun umferðar á stofnveginum við Súðavík:

UMFERÐ BEGGJA VEGNA SÚÐAVÍKUR 1991-1995

SDU: Sumardagsumferð, meðalumferð á dag mánuðina júní, júlí, ágúst og september.

ÁDU: Ársdagsumferð, meðalumferð á dag yfir árið.

VDU: Vetrardagsumferð, þ. e. meðalumferð á dag mánuðina jan, febr, mars og des.

| Vegnr. | | staðsetn. | |
|---|---|---|---|
| 661-15-02 | | Djúpvegur í Álftafirði við Hattareyri | |
| 1991 | ÁDU | 58 | Niðurstaða úr föstum teljara |
| 1992 | ÁDU | 67 | --- |
| 1993 | ÁDU | 71 | --- |
| 1994 | ÁDU | 74 | --- |
| 1995 | ÁDU | 70 | --- |

| Vegnr. | | staðsetn. | |
|---|---|---|---|
| 661-18-01 | | Djúpvegur utan Súðavíkur | |
| 1991 | ÁDU | 232 | Úr módeli |
| 1992 | ÁDU | 227 | --- |
| 1993 | ÁDU | 249 | Talning |
| 1994 | ÁDU | 266 | Úr módeli |
| 1995 | ÁDU | 271 | --- |

Samkvæmt umferðartalningunum hér að framan hefur umferð um Djúpveg sunnan Súðavíkur haldist tiltölulega jöfn á árunum 1991-1995.

Umferð á milli Súðavíkur og Ísafjarðarbæjar jókst þó talsvert á tímabilinu.

### 2.9.1.5 FLOKKUN OG NÖFN ÞJÓÐVEGA Í SÚÐAVÍKURHREPPI

Samkvæmt III. kafla vegalaga nr. 45/1994, 7. og 8. gr. eru þjóðvegir þeir vegir sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar, haldið er við af fé ríkisins og upp eru taldir í vegaáætlun, safnvegaáætlun og landsvegaskrá.

Þjóðvegum er skipt í fjóra flokka, stofnvegi, tengivegi, safnvegi og landsvegi:

STOFNVEGIR

Nr. 61 Djúpvegur: Frá Ísafjarðará að Ísafjarðarkaupstað á Súðavíkurhlíð.

TENGIVEGIR

Nr. 632 Laugardalsvegur
Nr. 633 Vatnsfjarðarvegur
Nr. 634 Reykjanesvegur

SAFNVEGIR

Nr. 6312 Minni Hattardalsvegur
Nr. 6314 Eyrarkirkjuvegur
Nr. 6315 Hvítanesvegur
Nr. 6317 Ögurkirkjuvegur
Nr. 6320 Garðstaðavegur
Nr. 6322 Strandseljavegur
Nr. 6324 Hrafnabjargavegur
Nr. 6329 Birnustaðavegur
Nr. 6334 Eyrarvegur
Nr. 6336 Heydalsvegur
Nr. 6341 Botnsvegur
Nr. 6345 Vatnsfjarðarkirkjuvegur
Nr. 6352 Reykjafjarðarvegur
Nr. 6354 Svansvíkurvegur

Í VI. kafla, 33. gr. vegalaga segir að byggingar, leiðslur eða önnur mannvirki, föst eða laus, má ekki staðsetja nema leyfi Vegargerðarinnar komi til, nær vegi en 30 m frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega.

## 2.9.1.6 BÍLASTÆÐI.

Nú á tímum er mikil umferð og skortur á bílastæðum vaxandi vandamál í þéttbýli. Þótt umferð hafi vaxið í Súðavík hin síðari ár veldur umferð eða bílastæðaskortur þar almennt ekki vandræðum. Aðeins ber þó á því í þéttbýlinu að stórum vörubílum, rútum og vinnuvélum, sé lagt við húsagötur og standa þessi tæki þar gjarnan yfir nætur og helgar. Af þessu stafa óþægindi fyrir íbúa, hávaði, sjónmengun og jafnvel slysahætta þrátt fyrir ákvæði lögreglusamþykktar.

## 2.9.1.7 GÖNGUSTÍGAR OG HJÓLREIÐABRAUTIR

Fjarlægðir innan Súðavíkur eru frekar litlar en fjöldi gangandi vegfarenda er nokkur aðallega barna á leið til og frá skóla og tómstundaiðkun. Nauðsynlegt er að tryggja öryggi þeirra sem best. Mikil og hröð umferð er á þjóðveginum um byggðina í Súðavík. Þar sem fjöldi gangandi og hjólandi vegfarenda hefur aukist á síðustu árum, er nauðsynlegt að tryggja öryggi þeirra sem best. Leggja þarf gangstéttir meðfram götum þar sem þær eru ekki fyrir hendi. Einnig þarf að sporna við of hröðum akstri innan bæjar. Gera þarf ráðstafanir á þjóðveginum með því að koma upp hraðahindrunum og skiltum.

Aukning hefur orðið á vélhjóla- og reiðhjólanotkun á síðustu árum og hefur það skapað aukna slysahættu í umferðinni og ónæði. Gera þarf ráð fyrir að göngustígar geti að einhverju leyti nýst sem hjólreiðastígar. Í nýjum hverfum þarf að gera ráð fyrir göngu- og hjólreiðastígum í upphafi.

## 2.9.1.8 REIÐLEIÐIR

Engir eiginlegir reiðstígar eru inn með fjörðum en gamlar slóðir og þjóðleiðir fyrirfinnast þó víða.

Þá er einnig fær reiðleið ofan nýju byggðarinnar í Súðavík. Hins vegar er ekki um neina sérstaka reiðstíga að ræða.

Að öðru leyti verða reiðmenn að nota þjóðveginn og aðra akvegi.

Umhverfis Súðavík hefur verið reist fjárheld girðing en grindarhlið er við aðkomuleiðir í byggðina.

Samkvæmt skýrslu sem gerð var 1994 fyrir Landssamband Hestamanna og Vegagerðina eru eftirtaldar reiðleiðir í dreifbýli Súðavíkurhrepps:

(Gísli Eiríksson Vegagerðinni Ísafirði lagði til eftirfarandi lýsingu.)

- Álftafjarðarvegur frá Súðavík um Álftafjörð að Hattardal í botni hans. Reiðleiðin er ýmist meðfram vegi eða með sjó neðan vegar.
- Glámuheiði frá Hattardal við Djúpveg (61) í Álftafjarðarbotni um Hestfjarðardrög, norðan Snjófríðar, nærri Djúpavatni og Mýfluguvatni niður í Húsadal í botni Mjóafjarðar. Leiðin er ómerkt.
- Hestakleifarvegur frá Kleifakoti í botni Mjóafjarðar um gamla fjallveginn og niður í Ísafjörð um sjálfa Hestakleifina. Reiðleiðin er meðfram vegi að hluta en er gömul leið að hluta.

Vatnsfjarðarvegur frá botni Mjóafjarðar út með Mjóafirði að Hörgshlíð upp á Hörgshlíðarfjall, framhjá efra og neðra Selvatni um Vatnsfjarðardal að sjó í Vatnsfirði um Sveinshúsanes og Reykjafjörð að Reykjanesi. Reiðleiðin er frá Botni að Hörgshlíð eftir fáförnum akvegi, eftir vegslóða upp á Hörgshlíðarfjall en þaðan eftir gamalli leið í Vatnsfjörð. Reiðleiðin liggur nærri vegi úr Vatnsfirði í Reykjanes.

#### *2.9.1.9 ÞJÓÐLEIÐIR*

Þjóðleiðir um Súðavíkurhrepp eru margar og þekktar. Þó er ekki vitneskja um nákvæma legu þeirra.

Helstu þjóðleiðir eru:

Þóðleið úr Álftafjarðarbotni um Lambadalsskarð í Lambadal í Dýrafirði.

Þjóðleið úr Álftafjarðarbotni yfir Álftafjarðarheiði í Korpudal í Önundarfirði (þjóðleiðin um Álftafjarðarheiði).

Þjóðleið þvert á firði úr Ísafirði og eða Bessadal í Mjóafirði til Hattardals. Sú leið er jafnframt talin hafa tengst Gufudal (Breiðafirði). Þekkt er Hestakleif sem liggur upp úr ísafirði að Kleifarkoti en eftir henni er vegurinn um Eyrarfjall gjarnan nefndur.

Þjóðleið frá Bessadal í Mjóafirði til Arnarfjarðar um Glámuhálendi er þekkt úr gömlum frásögnum en erfitt hefur reynst að finna þá leið. Talið er að að komið hafi verið niður í Borgarfjörð og eða Dynjandisvog.

Leið ligggur frá Heydal á Skötufjarðarheiði um Garðalág og að borg í Skötufirði.

Fæstar ofangreindra leiða eru merktar en Páll Stefánsson ferðabóndi á Kirkjubóli í Önundarfirði hefur unnið að merkingum á leiðinnni frá Kirkjubóli að Álftafjarðarheiði.

### 2.9.2 SAMGÖNGUR Á SJÓ

Súðavík er fyrst og fremst útgerðar- og fiskvinnslubær. Um höfnina fara einungis takmarkaðir vöruflutningar, útgerðarvörur

og hluti nauðsynja til byggðarlagsins en sjávarafurðir til útflutnings fara um höfnina á Ísafirði.

Höfnin í Súðavík hefur mikla möguleika í tengslum við ferðaþjónustu í hreppnum. Jafnframt eru víða í Ísafjarðardjúpi bryggjusporðar. Þar má nefna Ögur, Reykjanes, Vatnsfjörð, Vigur og fl. Þessar bryggjur eru allnokkuð notaðar í ferðaþjónustu í hreppnum. Bryggjur gegna einnig veigamiklu hlutverki í öryggiskeðju sveitarfélagsins hvað varðar vegfarendur um Djúp, íbúa við Djúp og rækjusjómenn.

Vegagerðin styrkir samgöngur á sjó í Ísafjarðardjúpi og er þeim eingöngu ætlað að halda uppi þjónustu við Vigur.

### 2.9.2.1 HAFNARSVÆÐIÐ Í SÚÐAVÍK

Innsiglingin inn Álftafjörð er djúp og auðveld. Í Súðavík og á Langeyri voru reistar bryggjur. Við Langeyri var bryggja reist um aldamót í tengslum við hval- og síldveiðar Norðmanna en þar er aðdýpi mikið og höfn nánast frá náttúrunnar hendi. Í Súðavík voru hins vegar eingöngu skilyrði fyrir árabáta. Einhverjar hafnarbætur voru þar gerðar árið 1920. Árið 1948 keypti Súðavíkurhreppur gamla bryggju í Súðavík og ári seinna var hún lengd og breikkuð. Bryggjuhausinn var stækkaður 1963 og bryggjan lagfærð. Brimvarnargarður var byggður utan við bryggjuna 1968.

Árið 1975 voru hafnarmannvirkin í Súðavík stálþilsbakki sem stendur á ytri enda grjótgarðs og myndar skjól við NA- áttinni. Við stálþilspláss fyrir skuttogarann vantaði viðlegu fyrir bátana og stóð það bátaútgerð fyrir þrifum. Niðurstaðan var sú að byggja skjólhöfn innan núverandi hafnargarðs. Þar var fyrst byggður grjótgarður og síðan létt viðlegubryggja innan hans. Verkið hófst árið 1977 og því lauk árið 1979. Síðan hefur verið byggð löndunarbryggja framan við frystihúsið. Nú er þörf á því að ljúka við gerð grjótgarðs og bæta viðlegu báta.

Á árunum 1994 og 1995 var endurbætt lýsing, vatnsveita og raflagnakerfi við höfnina til að þjóna betur þeim sjófarendum sem um höfnina fara.

Árið 1998 var lengdur og breikkaður brimvarnargarður við norðurgarð til þess að auka skjól og kyrrð I höfninni og hindra að sandur berist í innsiglinguna.

Nú er þörf á því að dýpka höfnina þar sem skip verða sífellt stærri og þyngri. Jafnframt því þarf að endurbæta viðlegu minni báta.

Skipulag núverandi hafnarsvæðis í Súðavík er frestað.

Litið er til syðsta hluta Langeyrar sem framtíðarhafnarsvæði Súðavíkur. Þar er skýlt og aðdjúpt og náttúrulegar aðstæður að öðru leyti taldar mjög góðar.

Á þessu stigi verður ekki mörkuð stefna um hafnarsvæði á Langeyri í aðalskipulagi.

Samkvæmt hafnaáætlun Siglingastofnunar 1999-2000 eru fyrirhugaðar eftirtaldar framkvæmdir:

- Dýpkun hafnarinnar.
- Viðlega fyrir minni báta við suðurgarð (20 m löng).

## 2.9.3 FLUGSAMGÖNGUR

Súðvíkingar nýta flugsamgöngur um Ísafjarðarflugvöll en þangað er reglulegt áætlunarflug. Í framtíðinni er gert ráð fyrir að flugvöllurinn á Þingeyri þjóni svæðinu sem varaflugvöllur.

Flugvöllur með um 700 m. flugbraut er í Reykjanesi. Hann er mikilvægur m. t.t. öryggismála. Jafnframt gefur hann aukna möguleika í tengslum við ferðaþjónustu á staðnum.

## 2.9.4 VEITUKERFI

### 2.9.4.1 *HITAVEITA*

Í nágrenni Súðavíkur hefur ekki fundist nýtanlegt heitt vatn en þó eru uppsprettur með volgu vatni víða í hreppnum. Flest hús eru kynt með rafmagnshitun og fer þeim stöðugt fjölgandi.

Í Reykjanesi er hitaveita og öll mannvirki á staðnum tengd henni.

### 2.9.4.2 *VATNSVEITA*

Árið 1960 var lögð vatnsveita í öll hús í Súðavík en fram að þeim tíma var hvert hús með sína veitu eða brunn. Stífla er uppi á Sauradal. Vatnsmagnið er takmarkað, sérstaklega í langvarandi frostum og í þurrkum þegar full afköst eru í fiskvinnsluhúsinu. Unnið er að athugunum á nýjum vatnslindum og stefnt er að því að nýta þær innan fárra ára.

### 2.9.4.3 *FRÁVEITUKERFI*

Fráveitulagnir voru endurnýjaðar á árunum 1975-76. Allar fráveitulagnir í Eyrardalslandi ná nú út fyrir stórstraumsfjöruborð. Fráveitulagnir utan Eyrardalsár ná mislangt út í fjöru. Aðeins ein þeirra nær út fyrir stórstreymsfjöruborð en um þá lögn fer mestur hluti frárennslis á svæðinu utan Eyrardalsár.

Samkvæmt upplýsingum Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða er ekki talin hætta á ofnæringu eða súrefnisþurrð vegna losunar skólps frá Súðavík og því einfalt að skilgreina viðtakann sem síður viðkvæmann.

Samkvæmt reglugerð 798/1999, 17. gr. skal sveitarstjórn senda heilbrigðiseftirliti áætlun um nýjar og endurbættar fráveitur.

Flestir bæir í Ísafjarðardjúpi eru tengdir rotþróm.

### 2.9.4.4 *RAFMAGNSVEITA*

Súðavíkurhreppur er hluti af dreifikerfi Orkubús Vestfjarða. 11 KW- lína liggur frá virkjun í Engidal að varaaflsstöð Orkubús Vestfjarða á Bólholti. Þaðan liggur 11 KW-loftlína að spennistöð við Túngötu og önnur 11-KW-lína að spennnistöð við Eyrardalsá og þriðja 11 KW-loftlínan liggur á Langeyri en frá henni er jarðstrengur að spennistöð við Grundarstræti. Þá liggur einfasa 11 KW-EVJ-lína, svokölluð sveitalína, um Álftafjörð að Hattardal en þar endar rafvæðing frá landsnetinu. Eyri í Seyðisfirði er utan samveitukerfisins með ljósavél í einkaeign. Varaaflstöðin á Bólholti er tengd inn á sameiginlegt dreifikerfi Orkubús Vestfjarða og nýtist jafnframt nágrannabyggðarlögum.

Í innhreppnum rekur Orkubú Vestfjarða samveitu með 6 KW EVJ- og TVJ-línu sem liggur frá Mýrarárvirkjun á Snæfjallaströnd yfir Kaldalón um Langadalsströnd þar sem er Blævardalsárvirkjun. Línan fer yfir Ísafjörð og tekur land í Reykjanesi. Þaðan um Mjóafjörð að Sængurfossvirkjun og áfram að Skarði í Skötufirði. Þaðan í sæstreng að Hvítanesi og í Vigur um sæstreng frá Ögurnesi. Þrjár litlar vatnsaflsvirkjanir, Sængurfossvirkjun, Mýrarárvirkjun, Blævardalsárvirkjun ásamt díselvélum í Reykjanesi sjá þessari veitu fyrir rafmagni.

#### *2.9.4.5 PÓSTUR OG SÍMI*

Í Súðavík eru endurvarpsstöðvar fyrir sjónvarp og Stöð tvö.

Endurvarpsstöð fyrir FM-sendingar útvarps eru á Bæjum á Snæfjallaströnd og endurvarpi er á Arnarnesi.

NMT-sendir er á Þverfjalli og Bæjum með speglum frá Vigur.

GSM -sendir er í Arnarnesi.

#### *2.9.4.6 SORPHIRÐA, SORPEYÐING*

Sorphirðumál í Súðavíkurhreppi eru til endurskoðunar.

Gera verður ráð fyrir aðstöðu til flokkunar sorps í Súðavík .

#### *2.9.4.7 BRUNAVARNIR*

Slökkvilið staðarins hefur einn slökkviliðsbíl til umráða með 1000 l geymi, þrjár dælur auk annars útbúnaðar. Ein dælan er staðsett í Reykjanesi.

Dreifing brunahana í Súðavík er viðunandi.

## 2.10 SÉRSTÖK VIÐFANGSEFNI VEGNA SKIPULAGS

### 2.10.1 BYGGÐARÞRÓUN Í DREIFBÝLI SÚÐAVÍKURHREPPS

Ljóst er að byggð við Ísafjarðardjúp á undir högg að sækja. Fjöldi býla hefur lagst í eyði á undanförnum áratugum en flest þessara býla byggðu tilurð sína á öflun sjávarfangs. Með fiskveiðistjórnarlögunum er þessi réttur frumbyggjans að engu orðinn.

Húsakostur þarf endurnýjunar við m. a. vegna lélegrar afkomu búanna, en framleiðslustýring hefur víða skert rekstrargrundvöll þeirra. Félagsleg þjónusta á undir högg að sækja m. a. vegna fámennis og fátt ungt fólk er reiðubúið að hefja búskap á landlitlum jörðum með minnkandi framleiðslurétti og gömlum húsakosti. Erfitt er að fjármagna eigendaskipti á bújörðum enda hafa styrkir til ræktunar verið felldir niður.

Því blasir við að landnotkun við Ísafjarðardjúp muni breytast og svæðum til landbúnaðarnota fækka. Sporna þarf við frekari fækkun jarða til landbúnaðarnota og huga að ræktun nytjaskóga.

Taka þarf ákvarðanir um hvernig nýta beri þetta víðfeðma landssvæði þar sem möguleikar eru á víðáttumiklum útivistarsvæðum af ýmsu tagi, friðuðum svæðum og frístundabyggð auk hefðbundins landbúnaðar.

## 2.10.2 TENGSL BYGGÐARINNAR UTAN OG INNAN EYRARDALSÁR.

Í framhaldi af snjóflóðinu í janúar 1995 var þegar í stað hafist handa við að leggja drög að nýrri byggð í landi Eyrardals innar við Álftafjörð. Nýja byggðin þar sem uppbygging er nú þegar vel á veg komin, er um 1 km sunnan hafnarsvæðisins. Umferðarleg tengsl þessara tveggja byggðarkjarna eru annars vegar um þjóðveginn en hins vegar um göngu- og reiðhjólastíga meðfram honum.

Eins og fram hefur komið er höfnin, hafnarsvæðið og fiskvinnsluhúsið, helstu atvinnufyrirtæki staðarins staðsett á Súðavíkurjörðinni. Allt svæðið upp af höfninni er á hættusvæði. Ekki er heimilt að búa í íbúðarhúsum í eldri byggðinni sem keypt hafa verið upp á tilteknu tímabili yfir vetrarmánuðina. Allar opinberar byggingar, þ. m. t. stjórnsýsla bæjarins, heilsugæslan, starfsemi pósts og síma svo og bankastarfsemi hafa til skamms tíma staðið á skilgreindu snjóflóðahættusvæði en hafa nú verið fluttar yfir í byggðina í Eyrardalslandi. Það er því vandasamt viðfangsefni þessarar skipulagsgerðar að tryggja eðlileg tengsl á milli eldri og nýrri byggðar og ráða í afdrif og framtíðarnotkun íbúðarhúsa, opinberra bygginga og þjónustuhúsa á þessu svæði.

## 2.10.3 FRAMTÍÐARBYGGÐ Í SÚÐAVÍK

Eins og fram hefur komið er undirlendi á Vestfjörðum víða takmarkað. Þar er vart að finna víðfeðmt samhangandi byggingarland. Þannig er það einnig í landi Eyrardals.

Það ber því að nýta landið vel þannig að framtíðarþróun byggðar í Súðavík sé tryggð til lengri tíma.

# 3 AÐALSKIPULAGIÐ 1999-2019

## 3.1 TILHÖGUN FRAMTÍÐARBYGGÐAR

### 3.1.1 ALMENNT

Hér er í fyrsta sinn fengist við aðalskipulag alls sveitarfélagsins. Auk þess er sett fram aðalskipulag Súðavíkur, meginþéttbýliskjarnans í hreppnum.

Með nýju aðalskipulagi sem stjórntæki er stefnt að því að styrkja hreppinn í heild með ákveðnum og markvissum ásetningi í byggða-, atvinnu- og samgöngumálum sem nánar verður lýst hér á eftir.

### 3.1.2 SÚÐAVÍK

Tilhögun framtíðarbyggðar í Súðavík verður í megindráttum samkvæmt þeim skipulagshugmyndum sem fram komu árið 1995 þegar hafist var handa við uppbyggingu byggðar í landi Eyrardals.

Eldri byggðin verður ekki lengur íbúðarbyggð í venjulegum skilningi þar sem hreppurinn hefur leyst til sín húsin og búseta þar er háð ákveðnum skilyrðum eins og fram hefur komið. Á því svæði er skipulagi frestað sbr. kafla 1.3.2.

Nýja íbúðarbyggðin er í landi Eyrardals. Gert er ráð fyrir að allar opinberar byggingar og þjónustustarfsemi sem enn eru í gömlu Súðavík flytjist í byggðina í landi Eyrardals.

Aðalíbúðarsvæðin á skipulagstímabilinu verða sunnan Eyrardalstorfunnar vestan þjóðvegar við Holtagötu, Álfabyggð, Arnarflöt, Vallargötu, Víkurgötu, Grundarstíg og Hlíðargötu. Auk þess við Melagötu neðan þjóðvegar svo og ofan núverandi íbúðarbyggðar við Holtagötu sunnanverða.

Á Langeyri sunnanverðri eru ráðgert iðnaðar- og athafnasvæði. Þar er einkum horft til hafnsækinnar starfsemi. Langeyrin verður að öðru leyti útivistarsvæði.

Í skipulaginu er gert er ráð fyrir landrými fyrir íbúðarbyggð, athafnasvæði, þjónustu og opinberar byggingar sem nægja út skipulagstímabilið.

Gert er ráð fyrir blandaðri landnotkun, íbúðarsvæði/land-búnaðarsvæði vestan þjóðvegar umhverfis Eyrardal. Það svæði er nefnt Eyrardalstorfan.

Fyrir ofan torfuna verður hesthúsasvæði.

Íþróttavöllur verður á milli íbúðarsvæðisins og Eyrardalstorfunnar.

Skólasvæðið er austan þjóðvegar skammt norðan kirkjunnar.

Miðsvæðið verður við þjóðveginn gegnt kirkjunni báðum megin Grundarstrætis.

Tjaldsvæði verður ofan félagsheimilisins í tengslum við ferðaþjónustana sem rekin er í gömlu byggðinni.

Gerðar verða hraðatakmarkandi ráðstafanir á þjóðveginum þar sem hann fer um þéttbýlið. Þar er aðallega horft til

umferðarmerkinga og yfirborðsfrágangs (gárur) á afmörkuðum köflum báðum megin þéttbýlisins svo og gerðar hringtorgs við Grundarstræti.

Brýnt er að ganga frá götum, grasreimum, gangstéttum svo og göngu- og hjólreiðastígum og stuðla þannig að bættu umferðaröryggi í þorpinu.

Höfð verður í huga umferð aldraðra og hreyfihamlaðra við hönnun og framkvæmd göngustíga og gangstétta.

### 3.1.3 DREIFBÝLIÐ

Í dreifbýlinu er leitast við að taka mið af þeim landbúnaði sem fram fer í dag með tilliti til þess hvernig horfur eru um framtíðarþróun þeirrar atvinnustarfsemi. Rétt er að vekja athygli á möguleikum svæðisins til aukinnnar og vistvænnar framleiðslu í landbúnaði.

Hugað er að verndarsvæðum svo sem friðlýstum fornminjum og náttúruverndarsvæðum. Einnig svæðum fyrir skógrækt og sumarhúsabyggð sem m. a. gæti stuðlað að vaxandi ferðaþjónustu í hreppnum.

Þá eru endurbætur á vegakerfi hreppsins gerð skil í skipulagsgerðinni.

## 3.2 ÍBÚÐARBYGGÐ.

### 3.2.1 ÁÆTLUN UM ÞRÓUN MANNFJÖLDA - ÍBÚASPÁ, ÍBÚÐASPÁ.

#### *3.2.1.1 Spá um íbúaþróun í Súðavíkurhreppi.*

Erfitt er að spá fyrir um líklega fólksfjölgun næstu 20 árin í Súðavíkurhreppi. Eins og lýst hefur verið hér að framan eru íbúar hreppnum um 150 færri en fyrir 20 árum síðan. 1. desember 1978 voru íbúarnir (í Súðavíkurhreppi, Ögurhreppi og Reykjafjarðarhreppi) 413 að tölu og þann 1. desember 1998 264. Þá hafði þeim fækkað um 30 tvö síðustu árin.

Við skipulagsgerðina er gengið út frá því að næstu 20 ár verði u. þ. b. 0,25% árleg íbúafjölgun í Súðavíkurhreppi.

Það var ákvörðun hreppsnefndar að skipulagið miðaði við jákvæða íbúaþróun þrátt fyrir ýmsar blikur á lofti í atvinnu- og byggðarmálum í fjórðungnum.

Spáin byggir ekki á traustum forsendum en lýsir hins vegar fyrst og fremst viðhorfum og stefnu sveitarstjórnar í málefnum sveitarféalginns.

Á skýringarmynd 13 á bls. 56 er íbúaþróun sýnd miðað við 0.25% árlegri fjölgun íbúa.

Samkvæmt því verða íbúar Súðavíkurhrepps 278 árið 2018.

**SÚÐAVÍKURHREPPUR**

**ÍBÚAÞRÓUN 1977-1998
OG ÍBÚASPÁ 1999-2018**




HEIMILD. BYGGÐASTOFNUN

MYND 14

## 3.2.2 ÍBÚÐAÞÖRF.

Íbúðaþörf er fyrst og fremst byggð á spá um þróun íbúafjölda. Tveir aðrir þættir hafa þó oft einnig áhrif, þ. e. fækkun íbúa á íbúð svo og úrelding eða breyting á notkun eldra húsnæðis:

### *3.2.2.1 ÍBÚÐAÞÖRF VEGNA FÓLKSFJÖLGUNAR*

Miðað við 0.25% árlega fjölgun íbúa verða íbúar Súðavíkurhrepps 278 árið 2018 og hefur fjölgað um 14 á skipulagstímabilinu eða 0, 7 íbúa á ári.

Sé gert ráð fyrir 2.8 íbúum á hverja íbúð er þörf fyrir um 5 íbúðir þess vegna.

### *3.2.2.2 ÍBÚÐAÞÖRF VEGNA FÆKKUNAR ÍBÚA Á ÍBÚÐ*

1. desember 1994 bjuggu 304 íbúar í 108 íbúðum í Súðavíkurhreppi. Samkvæmt því voru að meðaltali 2,81 íbúar á íbúð.

Ekki er raunhæft að gera ráð fyrir frekari fækkun íbúa á íbúð en orðin er og kemur því vart til aukinnar íbúðaþarfar þess vegna.

### *3.2.2.3 ÍBÚÐAÞÖRF VEGNA ÚRELDINGAR/ BREYTINGA Á NOTKUN HÚSNÆÐIS*

Engin könnun hefur verið gerð á húsakosti í Súðavíkurhreppi. Reikna má með einhverri íbúðaþörf vegna úreldingar íbúðarhúsnæðis í hreppnum. Hér er áætlað að á skipulags-tímabilinu verði um 5 íbúðir í Súðavíkurhreppi , einkum í

dreifbýlinu, úreltar eða sem samsvarar einni íbúð fjórða hvert ár næstu 20 árin.

#### 3.2.2.4 HEILDARÍBÚÐAÞÖRF

Ef framangreindar forsendur eru lagðar til grundvallar má áætla þörf fyrir u. þ. b. 10 nýjar íbúðir í Súðavíkurhreppi á aðalskipulagstímabilinu 1999-2018:

| | |
|---|---|
| Vegna fólksfjölgunar: | 5 íbúðir |
| Vegna fækkunar íbúa á íbúð: | 0 íbúðir |
| Vegna úreldingar eða breytinga á eldra húsnæði | 5 íbúðir |
| SAMTALS ÍBÚÐAÞÖRF: | 10 íbúðir |

Þar sem sífelldrar óvissu gætir í atvinnumálum er sérstaklega þörf fyrir leiguhúsnæði fyrir fólk sem íhugar búsetu í sveitarfélaginu en þarf aðlögunartíma.

Einnig er þörf fyrir leiguhúsnæði fyrir kennara en oft er mikil hreyfing á kennaraliði úti á landsbyggðinni.

Því er æskilegt að sveitarstjórn hugi að hvoru tveggja, byggingu leiguhúsnæðis og lóðum fyrir íbúðarbyggingar handa þeim sem ákveðið hafa að festa sig í sessi í byggðarlaginu.

Sveitarstjórn íhugar því að taka meira tillit til misstórra fjölskyldna og byggja íbúðir sem henta einstaklingum og fámennum fjölskyldum. Í því sambandi er hugsanlegt að leyfa í auknum mæli svonefndar aukaíbúðir í einbýlishúsum.

Eftirspurn eftir lóðum í sveitarfélaginu getur einnig ráðist af því hversu áhugaverð svæði eru til úthlutunar hverju sinni og hvernig lóðamálum er háttað í grannsveitarfélögunum.

Hér er því um að ræða áætlanagerð sem gefur vísbendingu um líklega íbúaþróun og íbúðaþörf miðað við þær forsendur sem menn gefa sér.

Vísað er til skýringamyndar nr. 13 sem sýnir íbúaþróun í Súðavíkurhreppi 1977-1998 svo og íbúaspá fyrir Súðavíkurhrepp á aðalskipulagstímabilinu 1999-2018 miðað við 0,25% árlega meðaltalsfjölgun.

### 3.2.3 ÍBÚÐARSVÆÐI.

#### 3.2.3.1 ALMENNT

Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir lóðum fyrir um 20 íbúðir ofan þjóðvegar í nýju byggðinni í Súðavík. Það samsvarar að jafnaði einni íbúð árlega næstu 20 árin.

Um er að ræða óúthlutaðar lóðir á þegar deiliskipulögðum svæðum:

| | |
|---|---|
| Við Grundarstræti: | 10-12 íbúðir í 5-6 tvíbýlishúsum. |
| Við Víkurgötu: | 1 íbúð |
| Við Holtagötu: | 4 íbúðir |
| Við Vallargötu: | 1 íbúð |
| Við Eyrardal: | 1 íbúð |

Til viðbótar koma 30-32 íbúðir á framtíðarbyggingasvæðum eftir skipulagstímabilið að 20 árum liðnum.

Annars vegar er um að ræða lóðir ofan byggðar við Holtagötu fyrir 10-12 íbúðir (0.6 ha svæði) en hins vegar um 20 íbúðir (2.6 ha svæði) á Langeyri neðan þjóðvegar.

Ekki er gert ráð fyrir nýjum íbúðum í dreifbýlinu umfram þær 5 íbúðir sem áætlaðar er hér að framan vegna úreldingar og breytinga.

Skipulagið gerir aðallega ráð fyrir hefðbundnum einnar og tveggja hæða einbýlishúsum auk tvíbýlishúsum á tveimur hæðum, einkum við Grundarstræti.

Á Eyrardalstorfunni er gert ráð fyrir stórum lóðum þar sem gefinn er kostur á blandaðri landnotkun, þ. e. íbúðum ásamt aðstöðu til tómstundabúskapar í bland við íbúðarbyggð.

## 3.3 ATVINNUMÁL

### 3.3.1 ALMENNT

Árið 1988 voru innt af hendi 194,2 ársverk í Súðavíkurhreppi en 1997 voru þau orðin 150,1.

Í fiskveiðum og fiskvinnslu voru 78,6 ársverk 1988 (40% ársverka) en 73,6 árið 1997 eða 49% ársverka í sveitarfélaginu. Sveiflur í sjávarútvegi koma því mjög greinilega fram í atvinnulífi í Súðavíkurhreppi. Atvinnutækifæri og umfang sjávarútvegs ákvarðast mjög af sókn og nýtingu fiskistofna, framleiðsluháttum, tækninýjungum og markaðsmótun. Því er erfitt að gera nokkra raunhæfa spá um skiptingu og aukningu atvinnutækifæra til langs tíma.

Ef litið er á einstakar atvinnugreinar er ljóst að hefðbundinn landbúnaður býður ekki upp á fleiri atvinnutækifæri að óbreyttu. Ársverk í landbúnaði voru árið 1988 48,2 eða 25% ársverka en 23,6 eða 16% ársverka í sveitarfélaginu árið 1997.

Reiknað er með því að atvinnutækifæri í fiskveiðum og fiskvinnslu verði svipuð og verið hefur á undanförnum árum.

Á undanförnum árum hefur verið skortur á fólki til fiskvinnslu á Vestfjörðum og gildir það einnig fyrir Súðavíkurhrepp þar sem erlendir starfskraftar hafa verið fengnir til starfa. Nú eru hins vegar blikur á lofti í mikil óvissa í fiskvinnslu á svæðinu.

Erfitt er að segja til um framtíðarhorfur í öðrum iðnaði en fiskvinnslu en helst virðist geta komið til aukningar í þjónustuiðnaði ef dæma má af þróun undanfarinna ára.

Í skipulagstillögunni er gert ráð fyrir landrými fyrir íbúðabyggð, iðnað, þjónustu og opinberar byggingar sem nægja áðurnefndum flokkum út skipulagstímabilið. Ekki er reiknað með annarri breytingu á opinberri þjónustu.

Horft er til vaxtar í ferðaþjónustu á Vestfjörðum og eðlilegt er að Súðvíkurhreppur fái hlutdeild í þeirri þróun

### 3.3.2 IÐNAÐAR-OG ATHAFNASVÆÐI

Almennt.

Um almennar forsendur er vísað til kafla 2.5.2 og 2.5.3.

Stefnumörkun, tillaga.

Núverandi athafnasvæði í Súðavík er á hafnarsvæðinu við Njarðarbraut. Skipulagi er frestað á því svæði.

Á skipulagstímabilinu er gert ráð fyrir athafnasvæði á sunnanverðri Langeyri. Þar gerir skipulagið ráð fyrir rúmlega 3 ha svæði fyrir fjölþætta athafnastarfsemi, einkum hafnsækinni, svo sem smáfyrirtækjum í úrvinnslu sjávarafurða.

Auk þess er Orkubú Vestfjarða á 0.2 ha svæði í hlíðinni ofan byggðar norðan Eyrardalsár. Skipulagi á svæðinu er frestað.

Í Reykjanesi er gert ráð fyrir athafnastarfsemi. Þar er einkum horft til vistvænnar starfsemi sem notar jarðhita svo sem gróðurhúsaræktun eða annar léttur iðnaður.

### 3.3.3 HAFNARSVÆÐI

Almennt.

Um almennar forsendur er vísað til kafla 2.9.2.1.

Stefnumörkun, tillaga.

Enda þótt mikilvæg skilyrði til hafnargerðar virðist fyrir hendi á Langeyri sunnanverðri er í aðalskipulagi ekki mörkuð stefna um uppbyggingu þar á skipulagstímabilinu. Þar hafa enn sem komið er litlar sem engar athuganir Siglingastofnunar farið fram á hafnargerð.

Vakin er athygli á að framkvæmdir við viðskiptahafnir fyrir stærri skip en 1.350 tonn eru háðar mati á umhverfisáhrifum framkvæmda (sjá 1. viðauka með lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum). Annars er matið háð umsögn umhverfisráðherra.

### 3.3.4 EFNISTÖKUSVÆÐI

Almennt.

Malarnám hefur farið fram víðs vegar í hreppnum, einkum til vegagerðar sbr kafla 1.3.7 og 2.5.3.2. Í því sambandi má nefna Dvergasteinseyri, Langeyri, Djúpagil, Ögurnes, Hestfjarðarbotn og raunar flestar eyrar í hreppnum.

Grjótnám hefur verið í gljúfri í Sauradal rétt ofan til við byggðina í Súðavík.

Um almennar forsendur er að öðru leyti vísað til kafla 2.5.3.2.

Stefnumörkun, tillaga.

Stefnt er að því nýta á sem hagkvæmastan hátt þær námur sem til staðar eru í sveitarfélaginu. Námur í sveitarfélaginu eru nær eingöngu opnaðar og nýttar af Vegagerðinni.

Varðandi stærðarmörk efnistöku er vísað til kafla 1.3.7.

Mörkuð er stefna í aðalskipulagi um eftirtaldar námur í sveitarfélaginu á skipulagstímabilinu:

MALARNÁM

Hattardalur. Mikið efni í kringum bæinn og á eyrum árinnar og hefur efni verið tekið á nokkrum stöðum. Hæft burðarlag. Eina náman í Álftafirði. Ekki verði námusvæði fyrir ofan veg en gefinn kostur á efnistöku á ógrónu landi á áreyrum neðan vegar. Frá Hattardal í Hestfjarðarbotn er um 27 km. Á þeirri leið er engin náma. Magn: 50.000 $m^3$.

Hestfjarðará. Mikið malarefni í burðarlag og jafnvel bundið slitlag við ána og í fjörunni í fjarðarbotni. Frá Hestfjarðará í Skötufjarðará eru um 26 km. Magn: 40.000 $m^3$.

Hestfjarðarkot. Lækjarkeila nokkru innan vegarins vestan vi ána. Mjög góð malarslitlagsnáma þar sem efni hefur verið unnið tvisvar. Eina malarslitlagsnáman á stóru svæði. Magn: 45.000 $m^3$.

Holtasund. Malarnáma með burðarlagsefni ofan vegar í landi Garðstaða en fast við landamerkin við Strandsel. Fjarlægð frá Skötufjarðará er um 25 km. Eini staðurinn á stóru svæði sem hægt er að fá möl til tilfallandi viðgerða.

Þarna eru einnig klappir sem notaðar eru í efni í bundið slitlag. Magn: 15.000 $m^3$.

Laugardalsá. Mikið af sandkenndu malarefni báðum megin ár nærri vegi, ofan og neðan vegarins. Hæft sem burðarlagsefni. Ólíklegt er að meira efni verði tekið úr námunni enda þótt þarna sé mikið efni. Hugsanlegt er að hluti þess sé nothæft í steinsteypu í bland við annað efni. Magn: 180.000 $m^3$.

Gljúfurá. Mikið gróft fyllingarefni neðan vegar. Verður líklega notað í fyllingu yfir fjörðinn við Hrútey. Magn: 125.000 $m^3$.

Heydalsá. Malarefni við ána og á sjávarleirum. Hæft sem burðarlagsefni. Nauðsynlegt er að hafa annað hvort námu við Heydalsá eða við Botnsá í botni Mjóafjarðar. Magn: 60.000 $m^3$.

Skeiðá. Í botni Mjóafjarðar við Vatnsfjarðarveg nokkuð utan Djúpvegar. Einkum malarslitlagsefni. Magn: 30.000 $m^3$.

Innan Skálavíkur. Fyllingarefni.

Saltvík. Mjóafjarðarmegin á Vatnsfjarðarnesi. Malarefni, hæft í burðarlag. Fjarlægð frá Heydalsá er um 20 km. Magn: 27.000 $m^3$.

Vatnsfjörður. Melar með fyllingarefni víða utan til í dalnum, einkum í landi Vatnsfjarðar og Sveinshúsa. Magn: 100.000 $m^3$.

Eyri í Mjóafirði. Mikið af grófu malarefni að hluta hæft sem burðarlagsefni. Magn: 110.000 $m^3$.

Ísafjarðarbotn. Lækjarkeila vestan árinnar. Mjög gott malarslitlagsefni. Magn: 56.000 $m^3$. Í eyrum árinnar skammt frá er mikið malarefni í burðarlag. Magn: 60.000 $m^3$.

Frá Súðavík í Ísafjarðarbotn eru um 130 km. Á þessari leið eru hér að framan taldir upp 14 námustaðir sem þannig skiptast eftir besta hluta efnisins:

- 9 námur með burðarlagsefni (að meðaltali 15 km á námu)
- 3 námur með malarslitlagsefni.
- 1 náma með efni í bundið slitlag.
- 3 námur með fyllingarefni.

GRJÓTNÁM.

Grjótnám verður áfram í gljúfri í Sauradal rétt ofan til við byggðina í Súðavík.

Um er að ræða um 10.000 $m^2$ námu en búið er að vinna um 2.500 $m^2$. Líklega er vinnanlegt magn um 75.000 $m^3$ eða um 100.000 $m^3$ í fyllingu komið.

## 3.3.5 SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR

### *3.3.5.1 VERSLUN OG ÞJÓNUSTA*

Almennt.

Um almennar forsendur er vísað til kafla 2.5.4 og 2.5.7.

Stefnumörkun, tillaga.

SÚÐAVÍK

Hús björgunarsveitarinnar, Ákabúð, sem stendur á um 2278 $m^2$ lóð neðan þjóðvegar á móts við Eyrardal í nýju byggðinni, mun áfram gegna hlutverki sínu þar.

Gert er ráð fyrir uppbyggingu tjaldsvæðis í þágu ferðamanna (ferðaþjónustu) ofan og innan til við félagsheimilið í Súðavík. Að öðru leyti vísast til umfjöllunar í kafla 3.4.1.2.

DREIFBÝLIÐ

Gert er ráð fyrir þjónustustarfsemi í þágu ferðamann á svæði nálægt botni Mjóafjarðar. Um er að ræða gistimöguleika, verslun og tjaldsvæði.
Búast má við breytingum á umsvifum á svæðinu vegna fyrirhugaðrar nýrrar vegartengingar yfir Mjóafjörð um Hrútey.

Gert er ráð fyrir þjónustustarfsemi í þágu ferðamanna í Reykjanesi.

Hugsanlegt er að þjóðvegurinn um Djúp muni í framtíðinni liggja um Reykjanes sem mun skapa aðrar forsendur til nýtingar mannvirkja og náttúruauðlinda þar.

Auk þess er gert ráð fyrir þjónustustarfsemi, einkum í þágu ferðamanna, í Vigur og Ögri.

### *3.3.5.2 SKÓLAR*

Almennt

Á lóð grunnskólans í Súðavík er enn nokkurt svigrúm til stækkunar.

Grunnskólinn er einsetinn. Unnið er að sérstakri stefnumörkun varðandi uppbyggingu skólahalds í sveitarfélaginu, á þann hátt að grunn-, leik- og tónlistarskóliskóli starfa saman í skólahúsnæðinu og samnýta húsnæði, aðstöðu og mannafla.

Skólabyggingin er hugsuð sem almennt fræðslu- og menningarsetur sem nýtist öllum aldurshópum.

Um almennar forsendur er að öðru leyti vísað til kafla 2.5.6.2.

Stefnumörkun, tillaga

Stefnt er að því að þróa skólastarf í Súðavík í núverandi skólahúsnæði sem byggt hefur verið upp á seinni hluta þessarar aldar.

Gert er ráð fyrir því að nemendur úr dreifbýli hreppsins stundi nám í Súðavíkurskóla. Í Súðavík er heimavistaraðstaða fyrir nemendur úr dreifbýlinu. Skólasvæðið er tæpur hektari að stærð norðan miðsvæðis nýju byggðarinnar.

### 3.3.5.3 HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA

Almennt

Um almennar forsendur vísast til kafla 2.5.6.3.

Stefnumörkun, tillaga

Gert er ráð fyrir aðstöðu heilsugæslunnar á miðsvæði nýju byggðarinnar sbr. 3.3.4 og 3.3.6.

### 3.3.5.4 LEIKSKÓLI

Almennt

Um almennar forsendur vísast til kafla 2.5.6.4.

Stefnumörkun, tillaga

Með byggingu nýja leikskólans í húsnæði Súðavíkurskóla eru húsnæðismál leikskólans í Súðavík í góðu horfi á skipulagstímabilinu sbr 3.3.6.1.

### 3.3.5.5 SAFNA- OG SÝNINGARSTARFSEMI

### 3.3.5.6 Almennt

Um almennar forsendur vísast til kafla 2.5.6.5.

Stefnumörkun, tillaga

Bókasafnið í Súðavík ásamt vísi að náttúrugripasafni verður í Súðavíkurskóla.

Gert er ráð fyrir að bókasafnið í Reykjanesi verði þar áfram fyrst um sinn.

Súðavíkurhreppur er aðili að Héraðskjala- og héraðsbókasafni Ísafjarðarsýslna.

### 3.3.5.7 FÉLAGSHEIMILI, FÉLAGSSTARFSEMI

Almennt

Um almennar forsendur vísast til kafla 2.5.6.6.

Stefnumörkun, tillaga

Áform eru um stækkun félagsheimilisins sem byggt var 1930 og stendur við þjóðveginn við Aðalgötu 22 niður af Traðargili. Í tengslum við uppbyggingu nýrrar byggðar í Súðavík var rætt um að flytja félagsheimilið. Skipulagi á svæðinu er frestað.

Reiknað er með því að félagsheimilið í Ögursveit verði rekið áfram með svipuðum hætti og verið hefur.

### *3.3.5.8 FÉLAGSLEG ÞJÓNUSTA FYRIR ALDRAÐA*

Almennt

Markmið félagslegrar þjónustu fyrir aldraða er að aldraðir eigi völ á þeirri þjónustu sem þeir þurfa á að halda. Einnig að þjónustan sé veitt á því þjónustustigi sem eðlilegast er og hagkvæmast miðað við þörf og ástand hins aldraða.

*Félagsstarf eldri borgara.*

Vísir að félagsstarfi aldraðra í Súðavíkurhreppi fer fram húsnæði Súðavíkurskóla.

Stefnumörkun, tillaga.

Stefnt er að því að þróa áfram félagsstarf aldraðra í Súðavíkurhreppi. Verið er að leggja drög að skipulagi heimilishjálpar og heimaþjónustu í hreppnum á vegum Súðavíkurhrepps.

Hreppurinn er áfram aðili að Dvalarheimili aldraðra á Ísafirði.

Varðandi hugsanlegar byggingar í þágu aldrarðra er horft til lóða á miðsvæðinu við Grundarstræti í Súðavík.

### *3.3.5.9 MÁLEFNI FATLAÐRA*

Almennt.

Um almennar forsendur vísast til kafla 2.5.6.8.

Stefnumörkun tillaga.

Gert var ráð fyrir að málefni fatlaðra flyttust skv. lögum til sveitarfélaganna. Ljóst er að nokkur dráttur verður á því. Fram til þess tíma verður unnið að undirbúningi yfirtöku verkefnisins. Þangað til verður samstarf haldið áfram við svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Vestfjörðum á þessu sviði.

### *3.3.5.10 KIRKJA, SAFNAÐARHEIMILI, MINNINGARREITIR*

Almennt.

Um almennar forsendur vísast til kafla 2.5.6.9.

Stefnumörkun tillaga.

Stefnt er að því að ganga frá umhverfi kirkjunnar í Eyrardalslandi á skipulagstímabilinu. Skipulagið sýnir stækkunarmöguleika og safnaðarheimili í framtíðinni.

Á skipulagstímabilinu er stefnt er að því að hefja framkvæmdir við minningarreiti til minningar um druknaða sjómenn og þá sem fórust í náttúruhamförunum 1995.

## 3.3.6 MIÐSVÆÐI

Almennt

Um almennar forsendur er vísað til kafla 2.5.6.

Stefnumörkun, tillaga.

Á miðsvæðinu við Grundarstræti er gert ráð fyrir lóðum fyrir allar þær stofnanir sem voru í eldri hluta byggðarinnar. Á

miðsvæðinu austan og vestan Grundarstrætis er gert ráð fyrir um 0.6 ha svæði fyrir blandaða landnotkun, verslun, þjónustu og opinberar stofnunanir. Þar hefur eins og fram hefur komið risið nýtt þjónustuhús. Ýmis opinber starfsemi og þjónustufyrirtæki sem áður voru á snjóflóðahættusvæði í eldri hluta byggðarinnar hafa flutt í húsið. Þar er um að ræða skrifstofu Súðavíkurhrepps, heilsugæslu, banka, póst og síma, verslun og bensínstöð.

### 3.3.7 LANDBÚNAÐARSVÆÐI

Almennt.

Um almennar forsendur er vísað til kafla 2.5.5.

Í aðalskipulaginu eru einvörðungu gróin svæði samkv. fyrirliggjandi kortum (tún, engi, mýri og hagi) skilgreind sem landbúnaðarsvæði. Skipulagshöfundar höfðu ekki aðrar skilgreiningar við að styðjast.

Stefnumörkun, tillaga.

Ekki er gert ráð fyrir aukningu á landbúnaðarstarfsemi á skipulagssvæðinu.

Þar sem fyrirsjáanlegur er enn frekari samdráttur í landbúnaði í hreppnum eru landbúnaðarsvæði í skipulaginu takmörkuð við þau svæði sem talin eru best henta til landbúnaðar.

Almennt er skipulagssvæðið mjög hentugt til sauðfjárræktar.

Sveitarstjórn telur ekki að útiloka eigi byggingu einstakra dreifðra bústaða utan skilgreindra frístundabyggðarsvæða. Í þeim tilvikum skulu þeir einungis staðsettir á landbúnaðarsvæðum.

## 3.4 ÚTIVISTARSVÆÐI

### 3.4.1 OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA

Almennt.

Yfirleitt er við það miðað í skipulagi þéttbýlis að jafn mikið svæði fari undir götur, útivist og opin svæði og sjálfa byggðina. Slíkt fer þó að einhverju leyti eftir staðháttum.

Útivistarsvæði til sérstakra nota í Súðavík eru íþróttasvæðið, kirkjugarðurinn, minningarreiturinn, tjaldsvæðið og hesthúsasvæðið ofan Eyrardalstorfu.

Í dreifbýlinu er um að ræða skógræktarsvæði sbr. kafla 3.4.1.5.

#### *3.4.1.1 KIRKJUGARÐAR/ MINNINGARREITIR*

Almennt

Um almennar forsendur vísast til kafla 2.5.6.9.

Stefnumörkun tillaga

Ekki er á skipulagstímabilinu áform um stækkun kirkjugarðanna í Súðavík, Eyri í Seyðisfirði, Ögri eða í Vatnsfirði.

Á skipulagstímabilinu er stefnt er að því að hefja framkvæmdir við minningarreit við Túngötu til minningar um þá sem fórust í náttúruhamförunum 1995.

Einnig eru áform um minningarreit um drukknaða sjómenn ofan við höfnina utan félagsheimilisins.

Að öðru leyti er vísað til kafla 3.3.6.8.

### 3.4.1.2 TJALDSVÆÐI

Almennt

Um almennar forsendur vísast til kafla 2.5.4.

Stefnumörkun, tillaga

Gert er ráð fyrir uppbyggingu tjaldsvæðis í þágu ferðamanna ofan og innan til við félagsheimilið í Súðavík. Svæðið er um 0.2 ha.

Einnig er gert ráð fyrir litlu tjaldsvæði ofan við Nesveg í tengslum við starfsemi á svæðinu.

Bæta þarf aðgengi ferðamanna/tjaldbúa að tjaldsvæðinu. Huga þarf að raflögn og niðurfalli fyrir húsbíla svo og aðgengi að þvottavél innan húss. Koma þarf fyrir borðum og bekkjum utandyra.

Gert ráð fyrir um 0.5 ha tjaldsvæði við Djúpmannabúð í botni Mjóafjarðar. Í Djúpmannabúð er greiðasala og bensínafgreiðsla sem nýtist einnig gestum tjaldsvæðisins.

Gert er ráð fyrir um tjaldsvæði í Reykjanesi. Aðstaða í fyrrverandi skólahúsnæði, veitingasala, gisting og sundlaug getur nýst gestum tjaldsvæðisins á ýmsa lund.

### 3.4.1.3 ÍÞRÓTTASVÆÐI

Almennt

Um almennar forsendur vísast til kafla 2.6.2.

Stefnumörkun

Íþróttasvæðið í Súðavík er áfram fyrirhugað á milli Holtagötu og Vallargötu sunnan Eyrardalstorfu. Svæðið er 0.8 ha.

Þar er ráðgerður sparkvöllur og gert er ráð fyrir að þar megi byggja minni háttar aðstöðu tengda vellinum.

Á skólalóð er einnig sparkvöllur sem nýtist og utan hefðbundins skólastarfs.

Á útivistarsvæðinu á Langeyri er afbragðsaðstaða frá náttúrunnar hendi til vetraríþrótta svo sem skauta- og gönguskíðaiðkunar.

Á afmörkuðu svæði norðan Eyrardalsár, þar sem eitt sinn var byggður upp íþróttavöllur, er gert ráð fyrir fjölþættri íþróttaaðstöðu svo sem fyrir hesta- og vélsleðamenn.

Áfram er gert ráð fyrir íþróttasvæði í Reykjanesi.

### 3.4.1.4 HESTHÚSASVÆÐI

Almennt

Um almennar forsendur vísast til kafla 2.6.4.

Stefnumörkun, tillaga

Gert er ráð fyrir nýju 0.2 ha hesthúsasvæði ofan Eyrardalstorfu í Súðavík eins og aðalskipulagsbreytingin frá 1995 gerði ráð fyrir. Svæðið tengist ágætlega fallegum leiðum fyrir hestamenn ofan byggðar.

#### *3.4.1.5 SKÓGRÆKTARSVÆÐI*

Almennt

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að meiri háttar skógrækt svo sem framkvæmd landshlutabundinna skógræktarverkefna sbr. lög nr. 56/1999 eða önnur sambærileg skógrækt takmarkist við þau svæði sem skilgreind eru sem skógræktarsvæði á uppdráttum.

Skógrækt sem nær til 200 ha svæðis eða stærra eða er á verndarsvæðum, er skylt að tilkynna til Skipulagsstofnunar sem metur hvort framkvæmdirnar skuli háðar mati á umhverfisáhrifum sbr. 6. gr. Laga um mat á umhverfisáhrifum og 1. lið d í 2. viðauka með lögunum. Slík skógrækt er einnig háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar. Í þessu sambandi er vísað til 27. gr. Skipulags-og byggingarlaga nr. 73/1997 og 9. kafla skipulagsreglugerðar nr. 400/1998 um framkvæmdaleyfi, gögn vegna framkvæmdaleyfisumsóknar, útgáfu framkvæmdaleyfis og gildistíma.

Um almennar forsendur er að öðru leyti vísað til kafla 2.6.6.

Stefnumörkun, tillaga

Stefnt er að því að halda áfram skógrækt ofan Túngötu og Nesvegar í Súðavík.

Stefnt er að því að koma upp skógræktarbelti eða “trefli” umhverfis nýju byggðina í Súðavík.

Þegar hafa verið lögð drög að þeirri skógrækt og gróðursettar þúsundir plantna í hlíðinni ofan byggðarinnar.

Í dreifbýli hreppsins er gert ráð fyrir hreinum skógræktarsvæðum á Galtarhrygg og Keldu í Mjóafirði svo og í landi Miðhúsa í Vatnsfjarðardal.

Auk þess er víða fyrirhugað að tvinna saman svæði fyrir frístundabyggð og skógræktarsvæði í hreppnum svo sem fram kemur í kafla 3.6.

Sveitarstjórn hefur hug á því að kanna möguleika á ræktun svonefndra skjólskóga í hreppnum.

### 3.4.2 ÓBYGGÐ SVÆÐI (ALMENN ÚTIVISTARSVÆÐI)

Almennt

Hér er m. a. átt við ákjósanleg svæði til að njóta í frístundum, tilkomumikil og fögur, t. d. vegna óvenjulegrar fjölbreytni í gróðri, landslagi og litafari. Ekki er síður um að ræða þá staði sem geyma vitnisburð um myndun og mótun lands og sjaldgæf tilbrigði við náttúrufar þess.

Stefnumörkun, tillaga

Lögð er áhersla á umhverfismál í nýju byggðinni í Súðavík, ljúka frágangi og bæta umhverfislega þætti.

Fullnaðarfrágangur gatna, gangstétta, bílastæða og lítilla opinna svæða er þáttur í því.

Meginstígakerfið þjónar gangandi og hjólandi umferð og tengir saman helstu svæði kauptúnsins, atvinnusvæðið í gömlu Súðavík, miðsvæðið við Grundarstræti, íbúðarbyggðina og skólasvæðið.

Meðfram þjóðveginum er gert ráð fyrir göngu- og hjólreiðastíg sem tengir saman nýju og gömlu Súðavík.

Súðavíkurhlíð og Eyrardalur eru almennt útivistarsvæði (óbyggð svæði).

Vonir eru bundnar við að svæðið ofan byggðar verði áhugavert útivistarsvæði þegar fram líða stundir.

Þá getur svæðið neðan þjóðvegar meðfram sjónum boðið upp á sérstakt útivistargildi í framtíðinni.

Gert er ráð fyrir útivistarsvæði á Langeyri sem nýst getur jafnt á sumri sem vetri.

Segja má að sveitarfélagið sé í raun eitt samfellt útivistarsvæði. Laugardalur og Vatnsfjörður eru sérstaklega verðmæt svæði í þessu sambandi.

Með áningarstöðum á þjóðveginum um Djúp leggur Vegagerðin mikið af mörkum til þess að almenningur fái notið náttúrufegurðar í hreppnum.

## 3.5 FRIÐUN OG VERNDUN

### 3.5.1 FRIÐUN HÚSA OG ANNARRA MANNVIRKJA

Almennt

Lög um húsfriðun nr. 104/2001 kveða á um friðun húsa og annarra mannvirkja og skipulag húsfriðunar. Í II. kafla, 4. grein segir:

"*Friða má mannvirki, hús eða húshluta, sem hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi. Friðun getur náð til nánasta umhverfis hins friðaða mannvirkis. Friða má samstæður húsa sem hafa slíkt gildi sem að framan greinir og gilda þá reglur friðunar um hvert einstakt þeirra. Tilgangur friðunarinnar er að tryggja sem best varðveislu þess mannvirkis sem um ræðir.*"

Í 6. grein segir m. a.: "*Öll hús sem reist eru fyrir 1850 skulu vera friðuð, svo og allar kirkjur reistar fyrir 1918. Skylt er eigendum húsa sem reist eru fyrir árið 1918 að tilkynna minjavörðum og húsfriðunarnefnd ríkisins með góðum fyrirvara ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa.”*

Stefnumörkun, tillaga

Íbúðarhúsið í Eyrardal er talið vera byggt fyrir árið 1850 og er því friðað.

Kirkjan í Ögri fellur undir ákvæði laga um húsfriðun. Hún er byggð árið 1859 og er því friðuð.

Kirkjan á Eyri í Seyðisfirði fellur undir ákvæði laga um húsfriðun. Hún er byggð árið 1900 og er því friðuð. Kirkjan er í endurbyggingu undir handleiðslu Húsfriðunarnefndar ríkisins

Kirkjan í Vatnsfirði fellur undir ákvæði laga um húsfriðun. Hún er byggð árið 1912 og er því friðuð. Kirkjan hefur verið lagfærð undir handleiðslu Húsfriðunarnefndar ríkisins.

Vindmyllan í Vigur er friðuð.

Viktoríuhúsið í Vigur er friðað.

Gamalt bæjarhús í Ögri er friðað.

Litli-bær í Skötufirði, gamalt bæjarhús, er friðað.

Byggingarfulltrúi fylgist með því að eigendur húsa sem ákvæði laga um húsfriðun ná til, sinni þeirri skyldu sinni að tilkynna minjavörðum og húsfriðunarnefnd ríkisins með góðum fyrirvara ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa.

## 3.5.2 FORNLEIFAR

Almennt

Um almennar forsendur er vísað til kafla 2.8.2.

Stefnumörkun, tillaga

Stefnt er að því að ráðist verði hið fyrsta í lögbundna fornleifaskráningu í hreppnum. Að lágmarki fari fram svæðisskráning fornleifa fyrir hreppinn allan, þ. e. að safnað verði upplýsingum og vísbendingum um fornleifar úr ritheimildum, og að fornleifar verði skráðar á vettvangi þar sem skipulögð eru framkvæmdasvæði s. s. þéttbýlissvæði, svæði fyrir frístundabyggð, skógræktarsvæði og annars staðar sem gert er ráð fyrir framkvæmdum en á slíkum svæðum er mest hætta á að fornleifar verði fyrir skemmdum.

## 3.5.3 NÁTTÚRUVERND

Almennt

Um almennar forsendur er vísað til kafla 2.8.2.

Stefnumörkun, tillaga

Við framkvæmd aðalskipulagsins 1999-2018 skal svo sem kostur er á tillit tekið til sjónarmiða Náttúruverndarráðs sem fram koma í Náttúruminjaskrá (7. útgáfu) útgefinni 1996.

Stefnt er að því að búseta og náttúruvernd verði í sátt með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Landnotkun til hverskonar atvinnustarfsemi og mannvirkjagerðar miðist við að halda breytingum á yfirbragði og ásýnd hreppsins í lágmarki. Kappkosta skal að atvinnustarfsemi og mannvirkjagerð hafi ekki í för með sér óafturkallanlegar breytingar sem í framtíð rýra sérstöðu og gildi Súðavíkurhrepps fyrir litskrúðugt og fjölbreytt lífríki, landslag og jarðmyndanir.

Leita þarf umsagnar Náttúruverndar ríkisins og náttúruverndarnefndar áður framkvæmda- eða byggingarleyfi er veitt í þeim tilvikum sem framkvæmdir geta haft með sér röskun á jarðmyndunum og vistkerfum, sbr. 37. gr. laga um náttúruvernd.

### 3.5.3.1 HVERFISVERNDARSVÆÐI

Almennt

Um hverfisverndarsvæði gilda sérstök ákvæði í skipulagsáætlunum sem sveitarstjórnir hafa sett og m. a. kveða á um verndun náttúruminja eða trjágróðurs sem æskilegt er talið að vernda vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða.

Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir þeim svæðum sem njóta eiga hverfisverndar, staðsetningu þeirra og helstu einkennum og hvaða reglur gilda á þeim um landnotkun, umgengni og mannvirkjagerð.

Jörðin Seljaland í botni Álftafjarðar er fagurt gróðursvæði með tilkomumiklu landslagi í botni Álftafjarðar. Hefð er fyrir því að fólk úr hreppnum safnist þar saman og njóti útivistar og samfagnaðar í stórbrotnu umhverfi. Svæðið hefur verið notað til útihátíðarhalda.

Stefnumörkun tillaga

Stefnt er að því að gera jörðina Seljaland í botni Álftafjarðar að hverfisverndarsvæði sbr. skipulagsreglugerð kafla 4.22. Hverfisverndarsvæðið nái einnig til um 200 m landsspildu norðan ár í landi Svarfhóls svo og um 200-300 m breiðs svæði meðfram Fjarðará að vestanverðu samtals allt að 4 ha að stærð.

Ekki er heimilt að reisa hús á svæðinu ef undan eru skilin þjónustuhús fyrir gesti, snyrtingar, aðstaða umsjónarmanns eða annað þess háttar.

Heimilt er að tjalda á svæðinu og í deiliskipulagi skal gera grein fyrir plöntun trjáa, göngustígum og öðru sem fegrað getur svæðið og gert það enn áhugaverðara til útivistar og mannamóta.

### 3.5.3.2 AÐRAR NÁTTÚRUMINJAR

Almennt

Í Súðavíkurhreppi eru nokkur víðáttumikil svæði á Náttúruminjaskrá Náttúruverndarráðs sem “aðrar náttúruminjar” sem taka þarf tillit til við skipulagsgerð.

Eftirtalin svæði á náttúruminjaskrá eru verðmæt útivistarsvæði í Súðavíkurhreppi :

313 Lambadalsfjall, Botn í Dýrafirði og Hestfjarðarbrúnir við Hestfjörð

Mýrarhreppi, Þingeyrarhreppi, Súðavíkurhreppi, V- og N-Ísafjarðarsýslu.

(II) Mörk að sunnan frá Bæjará fylgja hreppamörkum um fjallið Snjófríð. Þaðan liggja austurmörk eftir hreppamörkum í botn Hestfjarðar, þá eftir ströndinni í Vatnsdalsá í botni Seyðisfjarðar. Í Hestfirði fylgja mörk 300 m hæðarlínu að Lambagilsá, þaðan í Lambadalsskarð eftir Lambadalsá í Lambadalsodda. (2) Stórbrotið land, jökulhvilftir og árgljúfur. Fjölskrúðugur gróður, kjarr- og skóglendi. Söguminjar í Dýrafirði.

319 Mjóifjörður Súðavíkurhreppi (áður Reykjafjarðarhr.) N-Ísafjarðarsýslu.

(2) Vestanverður Mjóifjörður, Heydalur, Gljúfradalur, Seljadalur og Látur ásamt aðliggjandi fjalllendi. Suðurmörk liggja um Botnsfjall, Grímshól og í hreppamörk vestan Djúpavatns. Þaðan um fyrrverandi hreppamörk Reykjafjarðarhrepps allt norður að Digranesi. (2) Fjölbreytt landslag, fagurt og gróskumikið kjarrlendi.

320 Botn Ísafjarðar

Súðavíkurhreppi (áður Reykjafjarðarhr.), N- Ísafjarðarsýslu.

(2) Dalbotninn vestan hreppamarka upp að efstu klettabrúnum frá Hestkleif suður á móts við Torfadal. (2) Sérstætt gróðurfar.

321 Reykjanes við Ísafjörð

Súðavíkurhreppi (áður Reykjafjarðarhr.), N-Ísafjarðarsýslu.

(1) Allt nesið norðan Rauðagarðs. (2) Eitt mesta hverasvæði á Vestfjörðum. Sérkennilegar sjávarrofsmyndanir, sérstætt gróðurfar og fjölskrúðugt fuglalíf.

322 Vatnsfjarðarnes

Súðavíkurhreppi (áður Reykjafjarðarhr.), N-Ísafjarðarsýslu.

(1) Vatnsfjarðarnes allt og fjörur norðan botns Vatnsfjarðar og Saltvíkur í Mjóafirði. Tilheyrir landi Vatnsfjarðar og Skálavíkur. (2) Fagurt og fjölbreytt land, sérstæðar sjávarrofsmyndanir.

341 Borgarey í Ísafjarðardjúpi

MYND 15




SÚÐAVÍKURHREPPUR
FUGLAVERNDUNARSVÆÐI

ALMENNINGI ÓHEIMILL AÐGANGUR UM SVÆÐIÐ FRÁ 15 MAÍ TIL 20 JÚLÍ

1. LANGEYRI Í ÁLFTAFIRÐI
2. VIGUR
3. HVÍTANES
4. ÖGURHÓLMAR
5. ÞERNUVÍK
6. HRÚTEY Í MJÓAFIRÐI
7. BORGAREY
8. REYKJANES

Súðavíkurhreppi, N-Ísafjarðarsýslu.

(1) Borgarey öll ásamt hólma norðan við eyna. (2) Grösug eyja með fjölskrúðugu fuglalífi.

#### *3.5.3.3 ANNAÐ*

Vegna fuglaverndunar er reynt að sporna við umferð almenningi um þekkt æðarvarpssvæði í hreppnum á tilteknu tímabili ársins. Merkingar á staðnum segja til um umfang og aförkun svæða.

Umferð almennings er bönnuð á umræddum svæðum á tímabilinu 15. maí til 20 júlí sbr. skýringarmynd nr. 14.

Hér er þó ekki um stefnumörkun í aðalskipulagi að ræða en ásetningur sveitarstjórnar kynnur hér í samhengi við umfjöllun aðalskipulagsins um náttúruvernd í hreppnum.

Arna- og fálkavarp sem víða er í hreppnum nýtur friðlýsingar samkvæmt lögum.

### 3.5.4 VATNSVERNDARSVÆÐI OG VATNSBÓLAVERND.

Almennt

Um almennar forsendur er vísað til kafla 2.8.3.

Stefnumörkun, tillaga

Skilgreining á vatnsverndarsvæðum fyrir Súðavík hefur verið í vinnslu og var skýrslu skilað til Heilbrigðisfulltrúa Vestfjarða í janúar 2000 en á grundvelli hennar mun Heilbrigðisnefnd Vestfjarða skila tillögum til sveitarstjórnar Súðavíkur.

Gert er ráð fyrir að vatnsverndarsvæðið ná yfir allan Sauradalinn og hann skilgreindur sem grannsvæði en fjarsvæðið muni síðan teygja sig upp í hálendið að vatnaskilum milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar. Brunnsvæðið afmarkast frá vatnsbólinu og ánni í Sauradal og umhverfis borholur ofan þorpsins. Gert er ráð fyrir að grannsvæðið verði girt af með léttri rafmagnsgirðingu.

Ekki er talin brýn þörf á að afmarka vatnsverndarsvæði inn í botni Álftafjarðar og upp á Álftafjarðarheiði en er þó æskilegt sökum óvenju mikilla linda á þessu svæði. Sú ákvörðun er í raun í höndum sveitarsstjórnar.

Þá er stefnt að því að afmarka verndarsvæði vatnsbóls í Reykjafirði sem nýtt er fyrir hótelrekstur í Reykjanesi.

Í dreifbýli hreppsins að öðru leyti eru einkaveitur, óháðar heilbrigðiseftirliti.

## 3.6 FRÍSTUNDABYGGÐ

Almennt.

Í skipulags- og byggingarlögum kemur fram að allar framkvæmdir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Samkvæmt 3 tl. bráðabirgðaákvæða laganna er þó unnt að veita leyfi fyrir framkvæmdum án þess að skipulagsáætlun liggi fyrir.

Skýringarmynd 9 á bls. 27 sýnir sumarbústaði og önnur mannvirki utan lögbýla í Súðavíkurhreppi sem byggingarfulltrúinn tók saman í desember 1997.

Um almennar forsendur er að öðru leyti vísað til kafla 2.4.5.

### 3.6.1 FRÍSTUNDABYGGÐ Í SÚÐAVÍK

Almennt.

Eins og fram hefur komið er byggðin í Súðavík utan Eyrardalsár nánast öll á snjóflóðahættusvæði. Á því svæði eru u. þ . b. 45 íbúðir, aðallega í einbýlishúsum og einu sambýlishúsi. Hreppurinn hefur keypt upp húsin og selt þau flest aftur með kvöðum um búsetu í samræmi við ákvörðun Umhverfisráðuneytis. Búseta þar er óheimil frá 1. nóvember til 30. apríl. Þar er því í raun um eins konar frístundabyggð að ræða.

Um almennar forsendur er að öðru leyti vísað til kafla 2.4.5.

Stefnumörkun, tillaga.

Stefnt hefur verið að því að öll húsin sem nú standa utan Eyrardalsár í Súðavík verði ein samfelld frístundabyggð með þeim búsetutakmörkunum sem ákvörðun Umhverfisráðuneytis kveður á um.

Skipulagi á svæðinu er frerstað.

### 3.6.2 FRÍSTUNDABYGGÐ Í DREIFBÝLINU.

Almennt.

Litið er svo á, að með vel skipulagðri frístundabyggð sé land tekið í fóstur af viðkomandi lóðarhafa með uppgræðslu og ræktun lands í huga. Nokkur ásókn hefur verið í lóðir fyrir frístundabygð í dreifbýlishluta hreppsins. Í Súðavíkurhreppi voru haustið 1997 52 bústaðir auk þeirra íbúða sem fyrr voru nefndar sbr. skýringarmynd í kafla 2.4.5. Flest þeirra húsa húsa voru frístundahús. Leyfismál frístundahúsa eru í miklu ólestri í hreppnum og aðeins lítill hluti þeirra byggður samkvæmt tilskildum leyfum.

Um almennar forsendur er að öðru leyti vísað til kafla 2.4.5.

Stefnumörkun, tillaga.

Stefnt er að því að takmarka frístundabyggð við fá en afmörkuð svæði. Sveitarstjórn telur ekki að útiloka eigi byggingu einstaka dreifðra bústaða utan skilgreindra frístundabyggðarsvæða. Í þeim tilvikum skulu þeir einungis staðsettir á landbúnaðarsvæðum.

Við skipulag frístundabyggðar í hreppnum skal hafa eftirfarandi sjónarmið að leiðarljósi:

- Að lágmarka áhrif á náttúruna.
- Að varðveita sem best landslag og ásýnd svæðisins.
- Að laga byggingar að landslagi og byggð.

Víða í hreppnum eru aðstæður ákjósanlegar fyrir frístundabyggð. Í því sambandi hefur sveitarstjórn einkum augastað á svæðum Í Reykjanesi, Hörgshlíð, Skálavík, Keldu, Eiði, Kleifum í Seyðisfirði, Hesti í Hestfirði og í landi Miðhúsa.

Í aðalskipulaginu er mörkuð stefna um nokkur svæði fyrir frístundabyggð. Það er gert að ósk landeigenda í framhaldi af kynningu þar sem lýst var eftir ábendingum þeirra um skógræktarsvæði og frístundabyggð í hreppnum.

Um er að ræða eftirtalin svæði:

- Dvergasteinseyri í Álftafirði.
  Frístundabyggð og skógræktarsvæði um 40 ha.
- Svarthamar í Álftafirði.
  Frístundabyggð og skógræktarsvæði um 40 ha.
- Hlíð í Álftafirði
  Frístundabyggð og skógræktarsvæði um 121 ha.
- Meiri Hattardalur í Álftafirði.
  Frístundabyggð og skógræktarsvæði um 42 ha.
- Uppsalir í Seyðisfirði.
  Frístundahús.
- Kleifar í Seyðisfirði.
  Frístundahús.
- Eiði í Hestfirði.
  Frístundahús.
- Hestur í Hestfirði.
  Frístundahús.
- Eyri í Skötufirði.
  Frístundahús.
- Borg í Skötufirði.
  Frístundabyggð og skógræktarsvæði um 108 ha.
- Skarð í Skötufirði.
  Frístundahús.
- Vigur í Ísafjarðardjúpi.
  Frístundahús.
- Hagakot við Ísafjarðardjúp.
  Frístundabyggð og skógræktarsvæði um 25 ha.
- Laugardalur við Ísafjarðardjúp.
  Frístundahús.
- Heydalur í Mjóafirði.
  Frístundabyggð og skógræktarsvæði um 334 ha.
- Botn í Mjóafirði.
  Frístundabyggð og skógræktarsvæði um 70 ha.
- Húsadalur í Mjóafirði.
  Frístundahús.
- Bessárdalur í Mjóafirði.
  Frístundabyggð og skógræktarsvæði um 70 ha.
- Hörgshlíð í Mjóafirði.
- Kelda í Mjóafirði.
- Skálavík í Mjóafirði.
  Nokkuð samhangandi svæði fyrir frístundabyggð og skógrækt við austanverðan Mjóafjörð í landi Hörgshlíðar, Keldu og Skálavíkur samtals um 254 ha.
- Miðhús í Vatnsfjarðardal/ Neðra-Selvatn.
  Frístundahús og skógræktarsvæði um 120 ha.
- Bjarnarstaðir í Ísafirði.
  Sumarbústaðir og skógræktarsvæði um 158 ha.
- Eyri í Ísafirði
  Sumarbústaðir og skógræktarsvæði um 130 ha.

> Nokkuð samhangandi svæði fyrir frístundabyggð og skógrækt við vestanverðan Ísafjörð í landi Bjarnarstaðar og Eyrar samtals um 288 ha.

Eins og fram hefur komið verða skógræktarsvæði víða samofin svæðum fyrir frístundabyggð. Vísað er og til kafla 3.4.1.5.

Í lögboðnu deiliskipulagi svæða fyrir frístundabyggð mun sveitarstjórn taka afstöða til staðsetningar bústaða á jörðum, fjölda þeirra og annars sem gera skal grein fyrir í deiliskipulagi samkvæmt skipulagsreglugerð.

## 3.7 ÞJÓNUSTUKERFI

### 3.7.1 VEGA- OG GATNAKERFI

Almennt

Um almennar forsendur er vísað til kafla 2.9.

Stefnumörkun, tillaga

*DREIFBÝLIÐ*

Djúpvegur nr. 61 sem liggur um Súðavíkurhrepp endilangann er alfarið á vegum Vegagerðarinnar hvað varðar eignarhald og rekstur.

Það gefur þó auga leið að vegurinn er mikilvægasti hlekkur umferðakerfisins í hreppnum, eins konar lífæð hans sem tengir Súðavík við dreifbýlið og hreppinn innbyrðis. Um Djúpveg er Súðavíkurhreppur tengdur aðliggjandi sveitarfélögum og reyndar landinu öllu.

Það er því brýnt hagsmunamál Súðavíkurhrepps að öllum hugsanlegum lagfæringum á Djúpvegi nr. 61 verði hraðað sem mest.

Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps styður þau áform Vegagerðarinnar að byggja nýjan veg um Vatnsfjörð og yfir Mjóafjörð við Hrútey. Því gerir aðalskipulagið ráð fyrir vegi yfir Mjóafjörð við Hrútey.

Nýir vegir utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri svo og enduruppbygging vega utan þéttbýlis þar sem nýlagning samkvæmt áætlunum er a. m. k. 10 km að lengd eru ávallt matsskyldir sbr. 1. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Vegagerðin vinnur nú að áætlanagerð og hönnun á vegi um Vatnsfjörð og yfir Mjóafjörð við Hrútey. Samhliða því er unnið mat á umhverfisáhrifum vegalagningarinnar.

Í Framkvæmdafréttum Vegagerðarinnar 5. Tbl./97 er fjallað um leiðarval um Ísafjörð, Vatnsfjörð, Eyrarfjall og Mjóafjörð. Þar eru mismunandi kostir reifaðir, annars vegar leið yfir Eyrarfjall og yfir Mjóafjörð hins vegar. Bornar eru saman vegalengdir, umhverfisáhrif og kostnaður.

Í niðurstöðum Vegagerðarinnar segir: *„Að þessu öllu athuguðu er mælt með leið um Vatnsfjörð, Vatnsfjarðarháls og yfir Mjóafjörð við Hrútey.*

*Kostnaðarathuganir benda til að sú leið sé hagkvæmari, út frá almennum forsendum er hún betri og öryggari.*

*Hér er um forathugun að ræða. Komi í ljós við frekari athugun að einhverjar forsendur reynast rangar, þarf að endurmeta stöðuna."*

Fyrirhuguð vegartenging yfir Mjóafjörð við Hrútey mun hafa í för með sér breytingar á aðstöðu Djúpmannabúðar í botni Mjóafjarðar sem ekki verður lengur í þjóðleið á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar.

Hreppsnefnd leggur til við Vegagerðina að kannað verði framtíðarvegarsstæði úr Reykjanesi yfir Reykjafjörð í Laufskálaeyri. Með því móti kemst Reykjanes í þjóðleið og þar með ferðaþjónustuaðstaða, viðamikil mannvirki, jarðhiti og einstök náttúrufegurð. Hér er um hugmynd að ræða sem ekki er mörkuð stefna um í aðalskipulagi.

Í aðalskipulaginu er stefnt að því að halda opnum og viðhalda núverandi reiðleiðum innan hreppsins. Í því sambandi er vísað til kafla 2.9.1.8.

Vísað er til kafla 2.9.1.7 um gönguleiðir en í aðalskipulaginu er mörkuð stefna um að tryggja öryggi gangandi vegfarenda sem best með því m. a. að leggja gangstéttir og göngustíga innan byggðarinnar í Súðavík sbr. þéttbýlisuppdrátt.

Stefnt er að því að merkja betur og viðhalda eins og kostur er helstu þjóðleiðum í hreppnum frá fyrri tíð. Í því sambandi er vísað til umfjöllunar í kafla 2.9.1.9.

*SÚÐAVÍK*

Lögð er áhersla á að Djúpvegur nr. 61 þar sem hann liggur um þéttbýlið í Súðavík verði aðlagaður aðstæðum hvað varðar öryggismál vegfarenda. Gera þarf ráðstafanir til þess að hindra hraðan akstur um þéttbýlið og tryggja umferð gangandi fólks og hjólreiðamanna, m. a. með merktum gangbrautum.

Gera þarf hraðahindranir á og við þjóðveginn bæði sunnan og norðan meginþéttbýlisins í landi Eyrardals. Auk umferðarmerkinga er bæði um að ræða markvissa gróðursetningu trjáa og aðgerðir á yfirborði vegarins. Ráðgert er hringtorg á gatnamótum Grundarstrætis, Tjarnarbrautar og þjóðvegar m. a. til þess að dreifa umferð og draga úr umferðarhraða um þéttbýlið. Þessar mikilvægu hraðahindranir eru þó ekki málefni aðalskipulags.

Stefnt er að því að að gera gangbrautir meðfram þjóðvegi í þéttbýli. Æskilegt er að slíkar gangbrautir séu breiðari en ella og þær upplýstar. Þær ættu einnig að njóta forgangs í framkvæmdum.

Bílastæðaþörf á byggðarsvæðum skal almennt metin í hverju tilviki fyrir sig. Stefnt er að því að auka kröfur um fjölda stæða þegar ný íbúðarhverfi eru skipulögð t.d. þannig að hvergi verði færri en 2 stæði á íbúð á lóð auk gestastæða samkvæmt nánari ákvörðun hverju sinni.

Stefnt er að því að sjá þeim fyrir sérstökum stæðum sem ekki geta geymt tæki sín, stóra bíla og vinnuvélar, á eigin athafnalóðum. Slík stæði verði á völdum stöðum í þéttbýlinu, nærri íbúðarhverfum. Lagt til að stæði fyrir stóra bíla og vinnuvélar verði staðsett neðan þjóðvegar innan Lambhússness (innan Ákabúðar).

## 3.7.2 VEITUKERFI

### 3.7.2.1 HITAVEITA

Almennt

Ekki hefur fundist nýtanlegt heitt vatn í nágreni Súðavíkur en þó eru uppsprettur með volgu vatni á nokkrum stöðum í nágrenninu. Árið 1973 var boruð hitastigulshola við Svarfhól í botni Álftafjarðar og gaf hún háan hitastigull og gefur því vísbendingar um að nægjanlega heitt vatn geti verið til staðar í nágrenni Súðavíkur.

Orkubú Vestfjarða hefur hafið rannsóknir á norðanverðum Vestfjörðum með það í huga að leita að og kanna nýtanlegt heitt vatn á svæðinu.

Þess að er vænta að Orkubúið muni innan ekki langst tíma hefja frekari leit í nágrenni Súðavíkur.

Jafnframt er Orkubúið að vinna hagkvæmniathugun þar sem kannað er nýtingarmöguleikar með tilliti til fjarlægðar frá byggðinni.

Stefnumörkun, tillaga

Ekki er sett hér fram sérstök áætlun varðandi hitaveitur. Í Reykjanesi er mikill jarðhiti og eru þau mannvirki sem þar eru kynnt með hitaveitu. Þá er víða í hreppnum að finna heitar volgrur og laugar í fjarðarbotnum og dölum, svo sem í Hestfirði, Laugardal, Heydal, Mjóafirði og Ísafirði. Þá gefur ný tækni við jarðhitaleit og virkjun jarðhita vonir um að síðar kunni að vera mögulegt að nýta og virkja jarðhita á fleiri stöðum í sveitarfélaginu.

### 3.7.2.2 VATNSVEITA

Almennt:

Árið 1960 var lögð vatnsveita í öll hús í Súðavík, en fram að þeim tíma var hvert hús með sína veitu eða brunn. Stífla er í Eyrardalsá upp á Sauradal og hefur aðstaða þar verið lagfærð og aðveituæð endurnýjuð.

Eyrardalsá er að mestu dragá og er því vatnsbólið háð veðurfarssveiflum. Unnið hefur verið við að því að rannsaka nýjar vatnslindir. Kannaðar hafa verið möguleikar á gerð nýrrar stíflu Eyrardalsá þar sem komið yrði fyrir náttúrulegu síjubeði í botni söfnuinnarlóns.

Jafnframt hafa verið gerðar athuganir á berglögum og misgengjum og boraðar hafa verið fjórar könnunarholur og tvær vinnsluholur.

Stefnumörkun, tillaga

Ekki er sett hér fram sérstök stefnumörkun um vatnsból einstakra býla í dreifbýlinu. Stefnt er að því að vernda neysluvatnsból þéttbýlisins í Súðavík til að tryggja enn frekar varanleg gæði neysluvatns.

Nú er unnið að frekari mælingum varðandi frekari virkjunnarkosti til frekari virkjunar neysluvatns með það fyrir augum að nýta þá jafn skjótt og hagkvæmt þykir.

### 3.7.2.3 FRÁVEITUKERFI

Almennt

Fráveitulagnir í byggðinni í Súðavík voru endurnýjaðar á árunum 1975-1976. Frá nýju byggðini í Eyarardal er nú ein fráveituæð og nær hún út fyrir stórstraumsfjöruborð. Fráveitulagnir frá gömlu byggðinni sem nú er einungis heimilt að nýta með takmörkunum, ná mislangt út í fjöru. Aðeins ein þeirra nær nú út fyrir stórstraumsfjöruborð en um þá lögn fer mestur hluti frárennslis á svæðinu utan Eyradalsár.

Samkvæmt upplýsingum Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða er ekki talin hætta á ofnæringu eða súrefnisþurrð vegna losunar skólps frá Súðavík og því einfalt að skilgreina viðtakann sem síður viðkvæmann.

Samkvæmt reglugerð 798/1999, 17. gr. skal sveitarstjórn senda heilbrigðiseftirliti áætlun um nýjar og endurbættar fráveitur.

Stefnumörkun, tillaga

Ekki er heimilt að reisa neins konar mannabústaði innan þéttbýlis né utan þess án þess að þeir séu tengdir við fráveitur eða rotþrær.

Uppfylla skal ákvæði laga og reglugerða um heilbrigðis- og hollustuhætti. Í því sambandi er vísað til reglugerðar um fráveitur og skólp nr 798/1999.

Í dreifbýli hreppsins er búið að koma fyrir fullnægjandi rotþróm við alla bæi utan tvo sem uppfylla ákvæði reglugerðar um heilbrigðis- og hollustuhætti. Stefnt er að því að ljúka þeirri vinnu.

### 3.7.2.4 RAFMAGNSVEITA

Almennt

Súðavikurhreppur er hluti af dreifikerfi Orkubús Vestfjarða. 11 KW- lína liggur fra virkjun i Engidal yfir Rauðkoll, um Sauradal að varaaflsstöð Orkubús Vestfjarða sem er staðsett ofan við byggðina í Súðavík á Bólholti. Þaðan liggur 11 KW-loftlina að spennistöð við Túngötu í gömlu byggðinni og önnur 11-KW-lina að spennnistöð við Eyrardalsá og þriðja 11 KW-loftlinan liggur á Langeyri en frá henni er jarðstrengur að spennistöð við Grundarstræti í nýju bygðinni. Þá liggur einfasa 11 KW-EVJ-lina, svokölluð sveitalína, um Alftafjörð að Hattardal en þar endar rafvæðing frá landsnetinu. Eyri i Seyðisfirði er utan samveitukerfisins með ljósavél i einkaeign. Varaaflstöðin á Bólholti er tengd inn á sameiginlegt dreifikerfi Orkubús Vestfjarða og nýtist jafnframt nágrannabyggðarlögum. Lokið er rafvæðingu allra býla í hreppnum að Eyri í Seyðisfirði undanskildu. Í innhreppnum rekur Orkubu Vestfjarða samveitu með 6 KW EVJ- og TVJ-linu sem liggur fra Mýrarárvirkjun a Snæfjallaströnd yfir Kaldalón um Langadalsströnd þar sem er Blævardalsárvirkjun. Línan fer yfir Ísafjörð og tekur land i Reykjanesi. Þaðan liggur hún um Mjóafjörð að Sængurfossvirkjun og áfram að Skarði í Skötufirði. Þaðan i sæstreng að Hvítanesi og i Vigur um sæstreng fra Ögurnesi. Þrjár litlar vatnsaflsvirkjanir, Sængurfossvirkjun, Mýrarárvirkjun (í Ísafjarðarbæ), Blævardalsárvirkjun (í Hólmavíkurhreppi) ásamt diselvélum i Reykjanesi sjá þessari veitu fyrir rafmagni.

Stefnumörkun, tillaga

Eftir að nýja byggðin í Súðavík reis, er ekki næjanlegt varaafl til staðar. Einnig er talið nauðsynlegt að setja núverandi loftlínu um Rauðkoll.

Talið er nauðsynlegt að styrkja núverandi dreifikerfi í innhreppnum og tengja það inn á landsnetið. Jafnframt leggur hreppsnefnd áherslu á að Orkubú Vestfjarða leysi orkuþörf ábúanda að Eyri í Seyðisfirði svo lengi sem búseta er þar.

## 3.7.2.5 PÓSTUR OG SÍMI

Almennt

Í Súðavík eru endurvarpsstöðvar fyrir sjónvarp og Stöð tvö. Endurvarpsstöð fyrir FM-sendingar útvarps eru á Bæjum á Snæfjallaströnd og endurvarpi fyrir MONO-sendingar er á Arnarnesi. NMT-samband er á Þverfjalli og Bæjum með speglum frá Vigur. GSM -samband er í Suðavik á húsi Orkubús Vestfjarða. GSM-samband er einnig í Arnarnesi fyrir Ögurnes og Hvítanes. Ljósleiðari liggur til Súðavíkur frá Ísafirði.

Í nýju byggðina í Súðavík hefur verið lagður fullkominn gagnaflutningskapall en hann hefur enn ekki verið tengdur breiðbandskerfi Landsímans hf. Nú er unnið að því símstöð Súðavíkur sem jafnframt er veigamesta öryggistæki byggðarinnar verði flutt í nýju byggðina, en gamla stöðin stendur í þekktum snjóflóðafarvegi.

Stefnumörkun, tillaga

Byggja þarf frekar upp fjarskiptakerfið, tengja byggðina breiðbandskerfinu og treysta kerfið. Jafnframt er nauðsynlegt að efla farsímasamband í dreifbýlishluta hreppsins til að styrkja byggð þar og þjóna vaxandi umferð um þjóðveginn um Djúp.

Staðsetning endurvarpsstöðva er ekki ákveðin á aðalskipulagsuppdrætti. Nýjar stöðvar kalla því ekki á breytingu á aðalskipulagi.

## 3.7.2.6 SORPHIRÐA, SORPEYÐING

Almennt

Súðavíkurhreppur hefur notað þjónustu sorpbrennslunnar Funa í Engidal til að eyða brennanlegu sorpi, en hún er rekin af Ísafjarðarbæ. Óbrennanlegu sorpi hefur verið ekið til förgunar við Klofning í Önundarfirði, og spilliefnum er skilað til móttöku í Funa.

Stefnumörkun, tillaga

Súðavíkurhreppur hefur látið vinna úttekt á möguleikum varðandi förgun sorps í hreppnum. Stefnt er að því að nýta hluta sorps í moldun. Koma þarf upp betri aðstöðu til móttöku sorps í hreppnum. Gera þarf ráð fyrir landrými til flokkunar, vinnslu og móttöku sorps.

Gert er ráð fyrir sorpmóttöku á hafnarsvæðinu norð-vestan áhaldahúss. Nánar verður kveðið á um afmörkun og frágang svæðis í deiliskipulagi.

Garðaúrgangi verður fargað á Bólholti vestan við aðstöðu Orkubúss Vestfjarða.

### *3.7.2.7 BRUNAVARNIR*

Almennt

Súðavíkurhreppur nær yfir stórt landsvæði. Slökkvilið Súðavíkurhrepps hefur til umráða einn slökkvibíl með 1.000 lítra tanki búinn kraftmikilli dælu og nauðsynlegum búnaði, staðsettan í Súðavík ásamt nauðsynlegum búnaði til reykköfunar. Jafnframt þvíhefur slökkviliðið til umráða dælu og búnað staðsettan í Reykjanesi. Í Súðavík er einnig ágætt kerfi brunahana sem tengdir eru vatnsveitu þorpsins.

Stefnumörkun, tillaga

Efla þarf brunavarnir í hreppnum sérstaklega með virkum æfingum og öflugu og fyrirbyggjandi eldvarnareftirliti.

# 4 KYNNING, AUGLÝSING OG SAMÞYKKT

- Skipulagstillagan, dreifbýlisuppdráttur sendur öllum landeigendum til þess að leita eftir hugmyndum um væntanlega landnotkun í hreppnum 14. 09. 1999.
- Skipulagstillagan send Skipulagsstofnun til forathugunar í nóvember 1999.
- Athugasemdir berast frá Skipulagsstofnun dags.17.12. 1999.
- Skipulagstillagan send umsagnaraðilum 28. 12.1999.
- Tillagan afgreidd í hreppsnefnd til lögformlegrar kynningar 08. 06. 2000.
- Skipulagstillagan send Skipulagsstofnun til athugunar skv. 2. mgr. 17. gr. skipulags-og byggingarlaga í apríl 2001.
- Tillaga, uppdrættir og tillöguhluti greinargerðar ásamt bréfi sent á öll heimili í hreppnum 10. 05. 2001.
- Athugasemdir berast frá Skipulagsstofnun dags.15.06. 2001.
- Skipulagstillagan auglýst lögformlega 06. 07. 2001, athugasemdafrestur til 18. 07. 2001
- Seinni umræða í sveitarstjórn, tillaga að aðalskipulagi samþykkt 13. 12. 2001.
- Samþykkt skipulagstillaga send Skipulagsstofnun til afgreiðslu…………………..
- Athugasemdir berast frá Skipulagsstofnun dags.11.07. 2002.
- Auglýsing um afgreiðslu og gildistöku nýs aðalskipulags…………………..

Eftirtaldir umsagnaraðilar fengu skipulagstillöguna til umsagnar með bréfi dags. 1999-12-28:

Náttúruvernd ríksins. Svar barst 24. 01. 2000.

Þjóðminjasafn Íslands, fornleifadeild. Svar barst 24. 01. 2000.

Siglingamálastofnun. Svar barst 10. 01. 2000.

Vegagerðin, Ísafirði. Svar barst 05. 01. 2000.

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Svar barst 05. 01. 2000.

Auk þess sendi Skipulagsstofnun skipulagstillöguna til Veðurstofu Íslands 14. 01. 2000 og óskaði umsagnar hennar hvernig fjalla skyldi um snjóflóðahættu og mat á henni.

Svar barst Skipulagsstofnun 28. 01. 1999.

Skipulagsstofnun sendi Súðavíkurhreppi 30. 03. 2000 tilmæli um umfjöllun um snjóflóðahættu í tillögu að aðalskipulagi Súðavíkurhrepps.

Aðalskipulag Súðavíkurhrepps 1999-2018 sem auglýst hefur verið samkvæmt 18. grein skipulags-og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt í hreppsnefnd Súðavíkurhrepps þann_______________2002.

______________________________

sveitarstjóri Súðavíkurhrepps

Aðalskipulag þetta var afgreitt af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra þann________________ 2002.

________________________ ________________________

Aðalskipulag þetta var staðfest af umhverfisráðherra þann_______________2002.

________________________ ________________________

FYRIRVARAR:

Aðalskipulag þetta er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem falla undir ákvæði laga nr. 106/2000.

Aðalskipulag þetta er staðfest með fyrirvara um gerð bráðabirgðahættumats skv. lögum nr. 49/1997 við gerð deiliskipulags og afgreiðslu einstakra byggingar- og framkvæmdaleyfisumsókna.

Skipulagi gömlu byggðarinnar í Súðavík allt suður að Eyrardalsá er frestað.

# 5 GILDI AÐALSKIPULAGSINS, FRAMKVÆMD, EFTIRLIT OG ENDURSKOÐUN.

Eins og fram kemur í skipulags- og byggingarlögum er aðalskipulag stefnuyfirlýsing sveitarstjórnar í þeim málaflokkum sem það nær yfir. Hlutverk aðalskipulags er að sýna í einstökum atriðum stefnumörkun hlutaðeigandi sveitarstjórnar um þróun byggðar og landnotkun innan sveitarfélagsins.

Staðfest aðalskipulag er í senn stjórntæki hlutaðeigandi sveitarstjórnar og trygging hagsmunaaðila fyrir því að allar framkvæmdir innan marka aðalskipulagssvæðisins séu samkvæmt fyrirframgerðri áætlun sem hagsmunaaðilar hafa samþykkt fyrir sitt leyti.

Aðalskipulagi fylgir kort þar sem sýnd er núverandi og fyrirhuguð landnotkun og umferðarkerfi. Aðalskipulagi skal jafnan fylgja greinargerð þar sem lýst er m. a. forsendum og markmiðum og hinum ýmsu þáttum gerð nánari skil. Aðalskipulag skal vera í samræmi við svæðisskipulag þar sem slíkt er fyrir hendi.

Í skipulags- og byggingarlögum, greinum 16, 17, 18, og 19 er flallað um aðalskipulag, kynningu aðalskipulagstillögu, auglýsingu og samþykkt aðalskipulagstillögu svo og staðfestingu, birtingu og gildistöku aðalskipulags.

Auk reglubundinnar endurskoðunar getur reynst nauðsynlegt að breyta aðalskipulagi og koma þá tvær leiðir til greina.

Ef um meiri háttar breytingu er að ræða þarf að auglýsa hana á sama hátt og nýtt aðalskipulag. Sé breyting hins vegar óveruleg getur skipulagsstjórn staðfest hana án undangenginnar auglýsingar, enda fylgi yfirlýsing sveitarstjórnar þess efnis að hún taki að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna (sbr. 21. gr. Skipulags- og byggingarlaga).

Innan ramma aðalskipulags skal gera deiliskipulag sem kveður nánar á um tilhögun á einstökum lóðum (sbr. 23. grein. Skipulags- og byggingarlaga).

# 6 VIÐAUKAR.

## 6.1 SKRÁ YFIR SKÝRINGARMYNDIR, TÖFLUR OG LÍNURIT.


Mynd nr. 1 Fólksfjöldi á Vestfjörðum 1971 - 1999, tafla........23

Mynd nr. 2 Fólksfjöldi á Vestfjörðum 1971 – 1999, graf........23

Mynd nr. 3 Fólksfjöldi í Súðavík frá 1971 til 1999, tafla ........24

Mynd nr. 4 Fólksfjöldi í Súðavíkurhr. frá 1971 til 1999, graf 25

Mynd nr. 5 Aldursskipting í Súðavíkurhr. 01/01 2000, tafla...25

Mynd nr. 6 Aldursskipting karla og kvenna í Súðavíkurhreppi 1. janúar 2000, graf ................................................25

Mynd nr. 7 Innanlandsflutningar í Súðavíkurhreppi 1980 til 1999, tafla ...............................................................26

Mynd nr. 8 Mismunur aðfluttra og brottfluttra í Súðavík 1980-1999, graf ......................................................26

Mynd nr. 9 Maðaltal fullgerðra íbúða í Súðavík, tafla ............27

Mynd nr. 10 Súðavíkurhreppur. Frístundahús og önnur mannvirki utan lögbýla 1997, kort .......................28

Mynd nr. 11 Ársverk eftir atvinnuvegum í Súðavíkurhreppi 1988-1997, tafla......................................................29

Mynd nr. 12 Elstu hús í Súðavíkurhreppi, tafla .........................38

Mynd nr. 13 Landslagsgerðir sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga, kort ............................41

Mynd nr. 14 Súðavíkurhreppur. Íbúaþróun 1977-1998 og íbúaspá 1999-2018, graf .......................................57

Mynd nr. 15 Fuglaverndunarsvæði, kort ..................................71

## 6.2 HEIMILDASKRÁ.

Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997.

Skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Byggingarreglugerð nr. 441/1998.

Lög nr 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Reglugerð nr 671/2000 um mat á umhverfisáhrifum

Lög um náttúruvernd nr. 44/1999.

Þjóðminjalög nr. 107/2001.

Lög nr. 104/2001 um húsafriðun.

Náttúruminjaskrá. 7. útgáfa.

Náttúruverndarráð 1996.

Reglugerð um neysluvatn nr.747/1998

Reglugerð nr 536/2001 um neysluvatn.

Reglugerð nr 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Reglugerð um breytingu á reglugerð nr 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Reglugerð nr 798/1999 um fráveitur og skólp.

Reglugerð nr 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.

Fornleifaskrá
Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands.
Reykjavík 1990.

Lög nr 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

Reglugerð nr 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats.

Uppdráttur um fuglaverndunarsvæði er gerður samkvæmt upplýsingum frá staðkunnugum og sveitarstjórn Súðavíkurhrepps.

Ýmsar skýringarmyndir, töflur og línurit um fólksfjölda, íbúa- og atvinnumál frá Byggðastofnun.

Ýmsar upplýsingar um veðurfar frá Veðurstofu Íslands.

Snjóflóðahættumat fyrir Súðavík, greinargerð, hættumatskort, VST ágúst 1995.

Ýmsar upplýsingar um vegakefið og vegaframkvæmdir í Súðavíkurhreppi frá Vegagerðinni.

Framkvæmdafréttir 5. tbl./97. Vegagerðin.

Verndarsvæði vatnsbóla í Súðavíkurhreppi. Jón Reynir Sigurvinsson. Janúar 2000.

Upplýsingar um jarðfræði svæðisins frá Orkustofnun.

Greinargerð frá Náttúrustofu Vestfjarða um landslagsgerðir í Súðavíkurhreppi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. Náttúruverndarlaga.

Upplýsingar um stöðu og þróun landbúnaðar í hreppnum frá Búnaðarsambandi Ísafjarðarsýslu.

Ýmsar upplýsingar um húsnæðis- og íbúðamál frá byggingarfulltrúanum í Súðavíkurhreppi.

Tæknilegar upplýsingar um byggðina í Súðavík, gatnakerfi og veitur.

Fiskifélag Íslands: Ýmis tölfræðileg gögn.

Siglingastofnun: Hafnaáætlun 1997-2000.

Skipulagsstofa höfuðborgarsvæðisins: Orð og orðtök í skipulagi, rit IV, sept. 1981.

Auk þess var við skipulagsgerðina leitað til fjölmargra heimamanna varðandi ýmsar upplýsingar. Þar ber helst að nefna starfshóp um aðalskipulag sem skipaður var Salvari Baldurssyni, Sigríði Hrönn Elíasdóttur, Ágústi Kr. Björnssyni og Valsteini Heiðari Guðbrandssyni.